

TÓMAS HAFÞÓR BOLLASON

Fékk hugmyndina að 100+1 á hringveginum

ferðir bílar
allt í MIÐJU BLAÐSINS



TÆKNI OG AFPREYING

Hver á heiðurinn að Facebook?

Sérblað um tækni og afþreyingu
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europpris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. nóvember 2007 – 317. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Vekja athygli ytra

Aðdáendasíða til heiðurs Hara-systrum er í bígerð í Póllandi.

FÓLK 28



Mynd um Megas

Kvikmyndafyrirtækið Zik Zak vinnur nú að heimildarmynd um tónlistarmanninn Megas.

FÓLK 38



Rekstur framhaldsskóla

„Það er óásættanlegt að enn séu villur í reiknilíkaninu sem allir vita um en enginn gerir neitt í,“ skrifar rektor Menntaskólans við Sund.

UMRÆÐAN 20


Á Evrópumótaröðina

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson vann mikið afrek í gær þegar hann tryggði sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni annað árið í röð.

ÍDRÓTTIR 34



VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI Í dag verður norðvestan strekkingur austan og suðaustan til annars hægari. Léttskýjað um mest allt land. Frostlaust með vesturströndinni að deginum annars vægt frost.

VEDUR 4

Fimm einbýlishús jöfnuð við jörðu

Íbúðarhús fyrir hundruð milljóna króna hafa verið rifin eða verða rifin á Seltjarnarnesi til að rýma fyrir stærri einbýlishúsum fjarsterkra einstaklinga.

SKIPULAGSMÁL Niðurrifsalda riður nú yfir íbúðarhúsabyggðina á Seltjarnarnesi. Að minnsta kosti sex íbúðarhús hafa verið rifin eða verða rifin fljótlega til að rýma fyrir nýrri og stærri húsum.

„Ég gæti trúað að þetta væri í hærri kantinum,“ segir Einar Norðfjörð byggingarfulltrúi um fjölda húsa sem rifin eru á Seltjarnarnesi til að rýma fyrir stærri húsum miðað við það sem gengur

og gerist í öðrum sveitarfélögum. Leiða má líkur að því að kaupendur áður nefndra húsa hafi greitt fyrir þau upphæð sem samtals hleypur á nokkur hundruð milljónum króna. Sumar lóðirnar eru glæsilegar sjávarlóðir.

Einar bendir á að framboð lóða á Seltjarnarnesi sé takmarkað. Auk þess sé umræddar lóðir eignarlóðir sem gerir þær eftirsóttari.

Einar segir að þótt mikill kostn-

adur fylgi því að rífa hús og byggja nýtt sé á það að líta að einnig sé dýrt að hreinsa allt úr gömlum húsum og jafnvel stækka eða endurbýggja að hluta.

„Þegar gömul lítil hús á stórum lóðum eru seld, sem eru nokkur frá fyrri tíð, kemur þessi umræða upp. Fasteignasalar benda á að þar sé möguleiki að byggja eitthvað stærra,“ segir Einar Norðfjörð.

- gar / sjá síðu 6



ALNÆMISÁTAK Í AFGANISTAN Unglingar í afgönskum skóla vöktu í vikunni athygli á alnæmishættunni.

Endurskoðun alnæmistalna: Alnæmisvandinn ofmetinn

LONDON, AP Nú er talið að um 33,2 milljónir manna séu smitaðar af alnæmisveirunni HIV, en fyrir ári var talið að um 40 milljónir manna væru smitaðar.

Þetta er fækkun upp á nærri sjö milljónir, en ástæðan er þó ekki sú að svona vel hafi gengið í baráttunni gegn þessari illskeyttu veiru, heldur eru tölfræðilegar upplýsingar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar WHO orðnar mun nákvæmari.

Mestu munar þar um Indland, þar sem vandinn var mjög ofmetinn. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu WHO og Alnæmisstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

- gb

Þak á innheimtuþóknun: Böndum verði komið á okrið

VIÐSKIPTI „Það er tímabært að binda endi á óeðlilegan innheimtukostnað. Fólk er berskjaldað fyrir þessu,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. Frumvarp hans um innheimtukostnað sem afgreitt var úr ríkisstjórn í gær felur meðal annars í sér hámark á innheimtuþóknun.

Þæmi eru um að innheimtuþóknun sé hærri en höfuðstóll skuldar.

- ikh / sjá Markaðinn



SIGURLEÐI Mikill fögnuður braust út meðal sigurhóps Hlíðaskóla þegar tilkynnt var að skólinn hefði hlotið fyrstu verðlaun í Skrekk í gærkvöldi. Alls tóku 29 skólar þátt í Skrekk þetta árið en aðeins átta fengu að spreya sig á úrslitakvöldinu. Keppnin er haldin árlega á vegum Íþrótt- og tómstundaráðs. Seljaskóli hreppti annað sætið og Hagaskóli þriðja.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Starfsfólk forseta Íslands hefur kært frelsissviptingu og þjófnað til lögreglu:

Kærður fyrir húsbrot á Bessastöðum

LÖGREGLUMÁL Starfsfólk á Bessastöðum hefur kært ungan mann fyrir húsbrot á forsetasetrinu svo og frelsissviptingu og þjófnað að auki. Málið er komið til lögfræðideildar lögreglustjórnans á höfuðborgarsvæðinu, þar sem tekin verður ákvörðun um framhald þess.

Það var á fimmtudagskvöldið síðastliðið sem pilturinn fór til dóttur viðkomandi starfsfólks í starfsmannabústaðinn þar sem hún býr. Sögum þeirra ber ekki saman um þróun mála eftir að hann var kominn að Bessastöðum. Hann segir stúlkuna hafa boðið sér inn og opnað fyrir sér glugga sem hann hafi skriðið inn um. Hún segir að

hann hafi ruðst inn og meinað sér að kalla á hjálp, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Ungi maðurinn dvaldi í húsinu í á aðra klukkustund en hélt síðan á brott í bíl. Stúlkun hringdi þegar á lögreglu sem stöðvaði bílinn á leið frá Bessastöðum. Lögreglumenn tóku síma af piltinum sem hann hafði haft á brott með sér frá Bessastöðum. Pilturinn var færður til yfirheyrslu og sleppt að henni lokinni.

Lögreglurannsókn er lokið, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, og málið komið til lögfræðideildar höfuðborgarsvæðisins.

- jss / sjá síðu 10

Taktu þátt í sælkeraleik á netinu
www.ostabudin.is

OSTABÚÐIN
SKÓLAVÖRÐUSTJÓ

home art

HOME ART ER NÚ Í ORMSSON SMÁRALIND

ORMSSON

TENGI

MORA INXX
BLÖNDUNARTÆKI

www.tengi.is • tengi@tengi.is

Smíðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000
Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050



Baldur, máttu blóta á slökkvi-stöðinni?

„Ásátrúarmenn þurfa ekki skjól heldur blóta þeir úti.“

Baldur Pálsson gegnir bæði hlutverki slökkviliðs stjóra Austurlands og Austurlandsgoða.

Samningur Ríkisútvarpsins og Björgólfs Guðmundssonar um dagskrárgerð:

Björgólfur fær meira en RÚV

VIÐSKIPTI Björgólfur Guðmundsson fær forgang á greiðslu af hagnaði á sameiginlegum verkefnum með Ríkisútvarpinu. Þetta kemur fram í samningi milli þeirra sem skrifað var undir nýnda þessa mánaðar og birtur var í gær á heimasíðu RÚV.

Samkvæmt samningnum skuldbinda Björgólfur og RÚV sig til þriggja ára til að verja samanlagt á bilinu 200 til 300 milljónum til sjónvarpsþáttagerðar. Stefnt er að því að framleiða að lágmarki eina til tvær sjónvarpsþáttaraðir á ári.

Samkvæmt samningnum eiga aðilar að fá greiddan hagnað, ef einhver verður, í samræmi við



SKRIFAÐ UNDIR Björgólfur Guðmundsson og Páll Magnússon útvarpsstjóri skrifa undir samninginn. Þórhallur Gunnarsson fylgist með.

framlag til hvers verkefnis. Þar er gert ráð fyrir að hvor um sig

geti lagt mismikið til einstaks verkefnis. Þegar samningurinn var kynntur var raunar fullyrt að hvort annars framlag yrðu alltaf jöfn.

Ef framleiðandi sjálfur á að fá forgang á hagnaðargreiðslu skal samið um það sérstaklega í framleiðslusamningi.

Björgólfi er í sjálfsveld sett hvort hann vill að peningar frá sér renni til tiltekens verkefnis, enda þótt RÚV vilji hrinda því í framkvæmd.

Allir framleiðslusamningar skulu samþykktir skriflega af RÚV og Ólafsfelli, félagi Björgólfs Guðmundssonar. - ikh

Skjálfta vart á Selfossi:

Útilokar ekki fleiri skjálfta

HAMFARIR Hrina smáskjálfta reið yfir Suðurland á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Stærstu skjálftarnir voru um og yfir þrjú stig á Richter-skalanum og varð þeirra vart á Selfossi.

Að sögn Gunnars B. Guðmundssonar, jarðeðlisfræðings á Veðurstofu Íslands, fundust skjálftarnir vel á Selfossi og líklegt er að lausamunir hafi hreyfst til. Hann segir ómögulegt að segja til um hvort fleiri skjálfta sé von, en alltaf verði nokkrir eftirskjálftar. Ekki sé hægt að útiloka fleiri og stærri skjálfta á komandi dögum og því megi fólk hafa varann á. - sgr


Fréttablaðið
146.953 manns



Morgunblaðið
98.960 manns



Blaðið/24 stundir
90.760 manns



Rúmlega 56.000 fleiri lesa Fréttablaðið en 24 stundir

Allt sem þú þarft...



...alla daga



Mikið viðmælingur á töluþátt, þingdaga, til laugardags, 12-18 ára fyrir allt land.

Íbúar við Laugaveg æfir yfir ruslahaug

Íbúar við Laugaveg 82 eru langþreyttir á rusli sem fólk skilur eftir í bakgarði hússins. Gísli J. Eysteinnsson segir ekki einasta sjónmengun af sorpinu heldur stafi íbúum eldhætta vegna þess. Hann krefst svara af hálfu borgaryfirvalda.

UMHVERFISMÁL „Það virðist bara vera þannig að fólk ætli að spara sér ferðina á ruslahaugana með því að skilja eftir drasl í horninu við húsið hjá mér,“ segir Gísli J. Eysteinnsson, íbúi við Laugaveg 82. „Nú er staðan þannig að þarna er kominn myndarhaugur af alls konar drasli, en þar er meðal annars að finna klósett, rúm, borðplötur og ruslapoka.“

Gísli segir íbúa hússins æfa vegna þessa, enda sé haugurinn ekki bara mikil sjónmengun heldur stafi húsinu eldhætta af honum. „Okkur íbúunum stafar mikil eldhætta af sorpinu enda mikill eldsmatur þarna á ferðinni. Það eru sígarettustubbar á víð og dreif við hauginn svo manni stendur ekki alveg á sama,“ segir Gísli.

Aðspurður segir Gísli sorpið ekki koma frá íbúum hússins. „Það er af og frá. Ég hef sjálfur séð fólk vera að losa sig við sorp í hornið, sem ekki býr hér í húsinu. Þetta er auðvitað óþolandi sóðaskapur sem á ekki að líðast.“

Íbúar í húsinu fjarlægðu á sínum tíma sorphaug sem safnast hafði saman í horninu. „Við lögðum á okkur margra klukkutíma vinnu fyrir tveimur árum og fjarlægðum sorphaug sem þarna hafði myndast. Húsfélagið lagði út fyrir kostnaðinum við sorpflutninginn á urðunarstað, en hann hljóp á nokkrum tugum þúsunda króna,“ segir Gísli. „Svo liðu ekki nema tvær vikur þar til sorp tók að safnast þarna saman aftur og síðan þá höfum við reynt að grynna á haugnum, en það er nánast fullt



SORPHAUGURINN VIÐ LAUGAVEG Þar er að finna rusl af ýmsu tagi, eins og gamalt rúm, sófa og klósett. Íbúar á svæðinu eru orðnir langþreyttir á sóðaskapnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

starf.“ Gísli auglýsir eftir aðgerðum borgaryfirvalda. „Mér finnst ótrúlegt að borgaryfirvöld sinni ekki eftirliti með svona málum. Það getur ekki verið að hver sem er geti safnað saman rusli í bakgarðinum hjá sér án þess að nokkuð sé aðhafst, en að mínu áliti þrífst alltof mikill sóðaskapur hér í miðbænum,“ segir Gísli.

„Við ætlum að leita svara hjá borginni varðandi ástandið. Það er spurning hvort maður talar ekki bara inn á talhólf hjá borgarstjóra og biðlar til hans að ráða bót

á ástandinu. Það væri óskandi að við fengjum sömu viðbrögð og athygli og tólf ára stelpan í Langholtsskóla.“

Hjá Reykjavíkurborg fengust þau svör að hreinsunardeild borgarinnar sinni hreinsun á sínum lóðum. Yrðu íbúar við þær varir við sóðaskap ættu þeir að tilkynna slíkt til deildarinnar.

Sé hins vegar um einkalóð að ræða sé það á ábyrgð lóðareigandans að hreinsa sorp sem þar fellur til.

aegir@frettabladid.is

Sprengjuárás við heimili saksóknara í Trollhättan í Svíþjóð:

Morðtilræði í friðsælu hverfi

SVÍÞJÓÐ Snemma í gærmorgun sprakk sprengja við útidyrnar heima hjá saksóknara, sem til allrar hamingju var þó ekki heima hjá sér. Saksóknarinn hefur tekið að sér mörg stór mál gegn vélhjólaklíkum.

Sænska lögreglan lítur á sprenginguna sem morðtilræði, að því er fram kom á blaðamannafundi í Svíþjóð í gær, sem skýrt var frá í sænskum fjölmiðlum.


„Saksóknarinn hefur áður fengið hótanir, en lítið hefur orðið úr þeim flestum,“ hefur sænska dagblaðið Götaborgsposten eftir Fredrik Wersäll ríkissaksóknara.

Á síðasta ári lagði saksóknarinn, sem heitir Barbro Jönsson, fram ákæru á hendur 27 ára gömlum manni sem sagður var leiðtogi Bandidos-vélhjólaklíkunnar þar í bæ. Nú síðast hefur hún starfað að máli gegn sextán meðlimum vélhjólasmataka sem nefnast Bródraskapet Wolfpak, sem grunaðir eru um gróf afbrot, þar á meðal þátttöku í skotárás.

Sprengingin varð í friðsælu íbúðarhverfi í Trollhättan, en heyrðist víða um bæinn um það bil sem fólk var að vakna og búa sig til vinnu. Trollhättan er tæplega 50 þúsund manna bær skammt norður af Gautaborg. - gb



LÖGREGLAN Á VETTvangi Sprengingin varð um hálfáttaletyði í gærmorgun að staðartíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Hefur þú hugmynd um hvað virkar best?

Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

**að sniðganga áfengi
sem lengst**

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is



TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Miðvikudagurinn 21. nóvember er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila:



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	61,4 61,7
Sterlingspund	126,76 127,38
Evra	90,8 91,3
Dönsk króna	12,181 12,253
Norsk króna	11,36 11,426
Sænsk króna	9,774 9,832
Japanskt jen	0,5569 0,5601

SDR	97,69	98,27
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	120,0945	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kynnti í gær frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár:

Opinber gjöld lækka ekki í þenslunni

REYKJAVÍK Skatt- og þjónustutekjur nema 50,7 milljörðum króna í borginni í ár og er talið að þær nemi 58 milljörðum á næsta ári. Það er um 9 prósent hækkun frá fyrri áætlun.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir gjöldin þó ekki lækka á næstunni. Nýta eigi góða afkomu til framkvæmda og í þágu bágstaddra. Þenslan og komandi kjarasamningar bjóði ekki upp á annað.

Meðal fyrirhugaðra framkvæmda eru 270 milljónir ætlaðar í húsnæðismál; sérstakar húsaleigubætur og fleira. Milljarður á

að bæta hverfi borgarinnar; hjóla- og göngustíga, leikvelli og fleira. Að auki fara 250 milljónir í að byggja upp skólalóðir.

Meðal annarra verkefna má nefna endurgerð Lækjartorgs og Ingólfsstorgs, sem borgarstjóri kveður enn á „hálfgerðu hallærisplani“. Einnig er rætt um að reisa fjallgönguhús við Esjurætur. Fargjöld strætisvagna lækka ekki.

Gert er ráð fyrir 900 milljónum í „ófyrséð gjöld“ í stað 200 milljóna áður. Dagur segir að gjaldfrjáls verði leikskólinn ekki á næstunni, en stefnt sé að því. Hann minnir á að kjarasamningar



DAGUR B. EGGERTSSON Borgarstjóri kynnir fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar

séu lausir og gæta verði aðhalds vegna þessa.

Spurður um viðsnúning fjárhagsins, hvort hann sé ekki afrek sjálfstæðismanna, segir Dagur að hallann í fyrri megi skýra með lífeyrisskuldbindingum. Afkomuna í ár með sölu Landsvirkjunar.

„Menn eiga ekki að láta þessi stóru stökk trufla meginmyndina. Kúrsinum verður ekki breytt svo mjög á sautján mánuðum, heldur byggist fjárhagsáætlunin á grunni sem hefur verið skapaður á síðustu tíu árum.“

- kóp

Lúðvík Gizurarson:

Skiptakröfu í dánarbú hafnað

DÓMSMÁL Kröfu Lúðvíks Gizurarsonar um opinber skipti á dánarbúi Hermanns Jónassonar hefur verið hafnað í Héraðsdómi Reykjavíkur.

A grundvelli samanburðar á lífsýnum úr Hermanni og Lúðvík úrskurðaði Héraðsdómur að Hermann væri faðir Lúðvíks. Hinn 5. nóvember fór Lúðvík svo fram á við sýslumanninn í Reykjavík að fram færu opinber skipti á dánarbúi Hermanns.

Héraðsdómur úrskurðaði um málið 12. nóvember.

Í úrskurði héraðsdóms er vísað til lagaákvæðis er gildi um rétt þess sem kunnir að hafa verið gengið fram hjá við eignaskipti. Slík krafa fyrnist á 10 árum frá lokum skipta. Sé því kröfu Lúðvíks hafnað.

- js

DÓMSMÁL

Kærðu úrskurðinn

Tveir lítháskir karlmenn sem hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhaldsvist til 21. desember hafa kært úrskurðinn til Hæstaréttar. Þeir sitja inni vegna rannsóknar á nauðgunarmáli.

LEIÐRÉTT

Í nýjasta tölublaði LH Hesta, sem fylgir Fréttablaðinu, var birtur texti um hrossakjötsát, sem lengi var forboðið á Íslandi. Textinn er af Vísindavef Háskóla Íslands og höfundur Hrafnkell Lárusson. Í greininni misfórst að geta tilurðar textans sem og höfundar eru hlutaðeigandi beðnir velvirðingar á því. Textann má finna óstyttn á Vísindavefnum.

Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, var rangtílaður í blaðinu í gær.

Kennarar takast á við skólameistara

Nær allir kennarar Framhaldsskólans á Húsavík hafa sent ályktun til menntamálaráðuneytisins. Í henni kemur fram óánægja vegna stjórnunarháttanna skólameistarans. Fjórir starfsmenn hafa sagt upp störfum frá síðustu vorönn.

MENNTAMÁL Kennarafélag Framhaldsskóla Húsavíkur hefur sent ályktun til menntamálaráðuneytisins og Félags framhaldsskólakennara. Undir ályktunina rituðu átta af tíu kennurum skólans og felur hún í sér umkvartanir yfir stjórnunarháttum Guðmundar Birkis Þorkelssonar, skólameistarara við skólann.

Í ályktuninni eru gerðar þrjár athugasemdir. Sú fyrsta er kvörtun yfir því að skólameistarinn hafi neitað nemendum um styrk til námsferðar en nokkrum dögum síðar komið með um hálfar milljónar króna málverk sem hann keypti í nafni skólans. Í öðru lagi eru kennarar ósáttir við framtíðarsýn skólameistara til ársins 2012 en í henni er stefnt að uppbyggingu verkefna á Raufarhöfn sem kennarar segjast ekki hafa haft neitt um að segja og séu því ósáttir. Í þriðja lagi gera kennarar athugasemdir við samskipti skóla-



KENRAR ERU ÓSÁTTIR Kennarar kvarta yfir stjórnunarháttum Guðmundar Birkis Þorkelssonar, skólameistara á Húsavík. Meðal annars eru þeir ósáttir við listaverkaup hans.

Leifsson, kennari við skólann, sem ekki skrifaði undir ályktunina. Hann segir sakirinn sem samsamskiptar hans væni Guðmund Birkki um afar veigalittlar.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að frá því á síðustu vorönn hafi fjórir starfsmenn sagt upp störfum vegna óánægju með stjórnunarhátti Guðmundar. Auk þess hafi einn þeirra ekki fengið endurráðningu árið 2006 en vegna þeirrar ákvörðunar skólameistara hefur starfsmaðurinn stefnt Guðmundi fyrir Héraðsdóm Norðurlands eystra og er málið þar nú

til meðferðar. Farið var yfir gang mála á fundi skólanefndar, hollvínasamtaka og starfsmanna skólans í gær. Hjálmar Bogi Hafliðason, stjórnarmaður hollvínasamtakanna, vildi ekki tjá sig um það sem á fundinum kom fram en sagði að samtökin hefðu komið áhyggjum sínum á framfæri.

„Ég ætla ekki að tjá mig um þetta að svo stöddu,“ sagði Guðmundur Birkir, þegar Fréttablaðið leitaði eftir viðbrögðum hans vegna málsins.

karen@frettabladid.is

AÐ UTAN

New York: Skortur á jólatrjám

Veðurfar í austanverðum Bandaríkjunum síðastliðin þrjú ár hefur valdið því að skortur er á sumum tegundum jólatrjáa í New York í ár. „Nú höfum við lent í þessu þrjú ár í röð. Tvö með of mikilli rigningu og núna þurrki. Móðir náttúra virðist ekki geta fetað rétta millivegin,“ segir Robert Norris, talsmaður jólatrjáaáræktenda. Fyrir jólin í fyrra keyptu Bandaríkjamenn 28,6 milljónir jólatrjáa.

Grænland: Fyrsta bananauppskeran

Fyrsta grænenska bananauppskeran þroskaðist of fljótt til að ná að seljast á uppboði, þar sem kaupandi var tilbúinn að greiða sem svarar 7.000 krónum fyrir einn banana. Bananarnir vaxa á bananatré í gróðurhúsi í Narsaq á Suðvestur-Grænlandi. Narsaq liggur sunnar en Hveragerði, bananaræktunarmiðstöð Íslands.

Úkraína: 88 námumenn láttnir

Staðfestur fjöldi látinna í námu-slysinu í Úkraínu var í gær kominn í 88 manns, þremur dögum eftir að gassprenging varð á 1.000 metra dýpi í kolanámu í Donetsk-héraði í austurhluta landsins. Þjóðarsorg var lýst yfir í landinu í gær. Tæplega 360 námuverkamenn komust út úr námunni eftir sprenginguna. Þrjár af hverjum fjórum kolanámu Úkraínu, sem alls eru um 200, eru skilgreindar hættulegar vegna tíðra gasleka.

-2kr.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

ódyrt bensín

www.ob.is

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

HLÝNDI Á FÖSTUDAG

Þennan daginn eru horfur á bjartviðri um mest allt land, heiðrikju eða léttskýjuðu veðri. Þegar liður á morgundaginn þykknað upp vestan til en áfram verður bjart eystra. Má búast við svölu veðri á landinu og víða strekkingi nyrðra. Á föstudag koma svo hlýndi upp að landinu með vætu sunnanlands og vestan og jafnvel einnig einhverri úrkomu á norðan- og austanverðu landinu.

REYKJAVÍK Í DAG

Fremur hæg norðvestan átt. Léttskýjað. Hiti nálægt frostmarki.

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	6°C hálfskýjað	London	13°C hálfskýjað	Friedrichshafen	8°C skúrir
Billund	7°C hálfskýjað	Paris	13°C heiðskirt	Lúxemborg	10°C rigning
Oslo	1°C hálfskýjað	Amsterdam	12°C skúrir	Alicante	21°C skúrir
Stokkhólmur	6°C heiðskirt	Frankfurt	9°C skúrir	Róm	17°C alskýjað
Gautaborg	6°C hálfskýjað	Berlin	5°C hálfskýjað	Las Palmas	25°C skúrir

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun

8-15 m/s norðan til og austan annars hægar

» föstudagur

10-15 m/s en hægar austan til.

Fær fjölskylda þín endurgreiðslu?



„Við erum lítil og ánægð fjölskylda“



„Ég er mín eigin fjölskylda“

Fjölskyldan í ótal myndum



„Við erum stór og samheldin fjölskylda“

SPRON Fjölskylduvild ...

... er vildarþjónusta sem hentar fjölskyldunni í hvaða mynd sem hún er og er án endurgjalds.

Í fjölskylduvildinni getur fjölskyldan notið fjárhagslegs ávinnings í formi endurgreiðslu og fríðinda.

Skráðu fjölskylduna á spron.is fyrir áramót

og þú gætir tryggt endurgreiðslu þessa árs!

Endurgreiðsla og fríðindi sem munar um!

- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðarlána, erlendra lána, yfirdráttu og víxla.
- Sérkjör á tryggingum hjá VÍS
- 50% endurgreiðsla af debetkortaárgjöldum
- Vegleg inngöngugjöf, möguleiki á tómstunda-styrkjum og margt fleira

Hæsta endurgreiðsla á einstakling
í SPRON Fjölskylduvild fyrir árið 2006 nam 68.672 kr.!

75 ára



Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri
í síma 550 1400 eða á www.spron.is.

KJÖRKASSINN



Fylgdist þú með umfjöllun um brúðkaup Jóns Ásgeirs og Ingi-bjargar Pálmadóttur?

Já	22,4%
Nei	77,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Var rétt að loka torrent.is?

Segðu skoðun þína á visir.is



Önnur umræða fór fram um fjárukalög á Alþingi í gær:

Deilt um eignasölu í Keflavík

ALÞINGI Önnur umræða fór fram um fjárukalög á Alþingi í gær. Í umræðunum var meðal annars deilt hart á sölu eigna á Keflavíkurflugvelli en Atli Gíslason, þingmaður VG, taldi að um heimildarlausu sölu hefði verið að ræða, eignirnar hefði borðað að auglýsa til sölu. Árni Mathiesen fjármálaráðherra mótmælti því.

Tekjur ríkissjóðs hækka um átta milljarða króna samkvæmt tillögu meirihluta fjárlaganefndar en útgjöld ríkissjóðs aukast um tæplega fimm milljarða króna. Í fjárukalögum er gert ráð fyrir því að heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið fái auknar fjárheimildir upp á þrjú milljarða króna, ekki síst vegna rekstrarhalla LSH upp á 1,8 milljarða króna.

Gert er ráð fyrir auknum heimildum til félagsmálaráðuneytisins upp á 710 milljónir króna, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um 590 milljónir króna,

um 360 milljónir til Landhelgisgæslunnar, meðal annars í viðhald varðskipa og flugfarkosta, og loks fara 37 milljónir króna í Baugsmálið.

Lagt er til að menntamálaráðuneytið fái 360 milljónir króna, þar af fari rúmlega 150 milljónir til framhaldsskólanna og ríflega 150 milljónir renna til Ríkisútvarpsins auk þess sem tekjur af afnotagjöldum aukist sem nemur 75 milljónum.

Einnig er lagt til að 100 milljónir fari í íslenskukennslu fyrir útlendinga en það er veruleg hækking frá því sem gert var ráð fyrir.

Fulltrúar minnihlutans leggja til að heimild til að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar verði felld úr gildi. Þá er tillaga um að veittar verði 487 milljónir í nýja Grímseyjarferju og að söluandvirði núverandi ferju gangi beint til ríkissjóðs.

- ghs

Nýtt vopn gegn filavá:

Chilipipar fælir fíla frá þorpum

INDLAND, AP Dýrafraeðingar á norðvestanverðu Indlandi hafa verið að gera tilraunir með nýtt vopn gegn óðum fílum sem ráðast inn í þorp og brjóta niður heilu húsin, eyðileggja uppskeru og drepa jafnvel fólk. Nýja filafælan er eldsterkur chilipipar.

Prófað hefur verið að setja upp girðingar sem smurðar eru með bhut jolokia, rauðri chilipipartegund sem heimsmetabók Guinness hefur staðfest að sé sú bragðsterkasta sem fyrirfinnst.

Einnig hefur verið prófað að nota reyksprengjur gerðar úr pipardufti til að verja þorpin fyrir fílunum.

- gb



Gott á morgnana

Efnafólk rífur hús

Mjög hefur færst í vöxt að íbúðarhús á góðum lóðum séu keypt og rifin til að rýma fyrir glæsilegri húsum. Á Seltjarnarnesi hafa bæjaryfirvöld samþykkt niðurrif á fimm íbúðarhúsum frá því í júní.

SKIPULAGSMÁL Skortur á óbyggðum íbúðarhúsalóðum á Seltjarnarnesi verður til þess að sífellt fleiri hús eru rifin til að skapa pláss fyrir ný hús. Gömul íbúðarhús fyrir hátt í hálfan milljarð króna hafa verið keypt til niðurrifs á fáeinum misserum.

Í mars í fyrra var húsið á Sæbraut 13 selt. Nýir eigendur rifu húsið sem er byggt 1978 og rúmir 280 fermetrar. Þar er risið nýtt íbúðarhús sem er að verða fókelt.

Frá því í júní hefur verið leyft að rífa fimm einbýlishús. Lítið hús á Melabraut 27 sem byggt var fyrir 60 árum hefur verið jafnað við jörðu en umsókn um að þar verði byggt margalt stærra fjögurra íbúða hús hefur ekki enn verið samþykkt. Nágrannar kærðu byggingarleyfi sem hafði verið gefið út fyrir nýja húsinu.

Niðurrif á einbýlishúsinu Marbakka á Nesvegi 107 var heimilað í september. Húsið er þegar horfið. Það var byggt árið 1947 og var 324 fermetrar. Eigandinn mun byggja stærra hús á hinni glæsilegu sjávarlóð.

Skipulagsnefnd samþykkti í október að leyfa niðurrif Lindarbrautar 28. Skilyrði er að nýtt hús yrði ekki hærra en gamla húsið frá 1971. Það hefur nú verið rífið af eignanda þess til tíu ára.

Á Unnarbraut 19 stendur tveggja íbúða hús sem byggt er 1975. Í september fengu nýir eigendur grænt ljós á niðurrif hússins. Byggja á nýtt hús í staðinn.

Einbýlishúsið á Skerjabraut 3 var keypt til niðurrifs ásamt atvinnuhúsnæði á næstu lóð. Þar á að reisa fjölbýlishús.

gar@frettabladid.is



NESVEGUR 107 Stórglæsileg sjávarlóð fær nýtt hús.



UNNARBRAUT 19 Tveggja íbúða hús vikur fyrir einbýlishúsi.



MELABRAUT 27 Lítið hús er horfið og reisa á fjögurra íbúða hús í staðinn.



LINDARBRAUT 28 Niðurrif samþykkt í október og húsið horfið.



SÆBRAUT 13 Innan við þrjátíu ára hús á sjávarlóð vék fyrir nýju.

VERTU ÞINN EIGINN BÍÓSTJÓRI

Flakkarinn er frábær í að horfa á bíómyndir, skoða ljósmyndir og til að hlusta á tónlist

16.900-

SAROTECH - Flakkarinn

Auðvelt að tengja við sjónvarp
Diskur ekki innifalinn

Týpa: DVP-370

svan) tækni

WWW.SVAR.IS - SÍÐUMULA 37 - SÍMI 510 6000

BLÓTTGÆLUR EFTIR KRISTÍNU SVÖU TÓMASDÓTTUR

„BÆÐI BÍTUR OG SLÆR“

— Jón Yngvi, Ísland í dag

— Pröstur Helgason, Lesbók Mbl.

„Hún er köld, írónísk, æðrulaus en líka sjóðandi heit og fyndin.“

— Pröstur Helgason, Lesbók Mbl.

BJARTUR

Húsbílaeigendur eru afar ósáttir vegna gjaldskrár Hvalfjarðarganga:

Gjaldskrá sem mismunar fólki

SAMGÖNGUR „Við skiljum ekki af hverju þeir sem eru á húsbílum sem eru lengri en átta metrar þurfa að greiða hátt í þrjú þúsund krónur fyrir staka ferð, á meðan stór jeppi með stærðarinnar hjólhýsi þarf ekki að borga nema tólf hundruð krónur, þótt heildarlengdin sé yfir átta metra.“ Þetta segir Ásgerður Ásta Magnúsdóttir, formaður Félags húsbílaeigenda.

Ásgerður segir eigendum húsbíla mismunað í gjaldskrá Hvalfjarðarganga á fleiri vegu. „Félagsmönnum okkar, sem eru á bílum sem eru sex til átta metrar að lengd, stendur til bóða að kaupa fjörutíu ferða kort, þar sem veittur er þriðjungsafsláttur á ferð, á meðan fólksbílaeigendum býðst að kaupa sama fjölda af ferðum með rúmlega sextíu prósentu afslætti,“ segir Ásgerður.

Þannig geti fólksbílaeigandi með fjörutíu ferða veglykil, komist í

gegnum göngin með hjólhýsi af stærstu gerð fyrir 660 krónur á meðan húsbílaeigandinn þurfi minnst að borga þúsund krónur fyrir ferðina.

„Það er mikil óánægja á meðal félagsmanna vegna þessarar mismununar,“ segir Ásgerður.

Flestir meðlimir félagsins skrifuðu undir áskorun sem afhent var samgöngumálaráðherra á dögum, þess efnis að gjaldskrá Hvalfjarðarganganna verði endurskoðuð.

„Við höfum ekkert heyrt enn þá en okkur þykir þetta mjög ósanngjörn gjaldskrá gagnvart okkur,“ segir Ásgerður.

- æþe

ÁSGERÐUR ÁSTA MAGNÚSDÓTTIR, FORMANÐUR FÉLAGS HÚSBÍLAEIGENDA Finnst verðskrá Hvalfjarðarganga ósanngjörn gagnvart húsbílaeigendum.

MYND/ÁSGERÐUR ÁSTA MAGNÚSDÓTTIR





Megavika Domino's
19.-25. nóvember
allar pizzur á 1.150 kr.*

*Ef þú sækir



58-12345
dominos.is

Allt 2 lítra gos
á 195 kr.
1,5 lítra Toppur á 100 kr.



Verkföllin í Frakklandi hafa víðtæk áhrif á mannlífið:

Samgöngur lamaðar í viku

FRAKKLAND, AP Samgönguvandræðin í Frakklandi versnuðu enn í gær þegar tafir urðu á flugumferð ofan á verkfall járnbrautarstarfsmanna, sem staðið hefur í viku.

Opinberir starfsmenn lögðu margir hverjir niður vinnu í gær og fóru í dagsverkföll til að leggja áherslu á kröfur sínar um kauphækkunar og atvinnuöryggi. Meðal annars bitnaði þetta verkfall á skólum og pósthjónustu auk þess sem tafir urðu á flugumferð.

Þótt kröfur opinberra embættismanna séu ekki þær sömu og kröfur starfsmanna í almenningsamgöngum, þá hefur sameiginlegt verkfall þeirra gríðarleg áhrif



REIÐHJÓLIN TEKIN Í NOTKUN Meðan almenningsamgöngur liggja mikið til niðri hefur fólk dregið fram reiðhjól sín og ferðast á þeim um götur Parísar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

og reynir mjög á Nicolas Sarkozy forseta, sem segist þó ákveðinn í að halda áfram umbótum sínum,

sem felast í því að draga úr kostnaði ríkisins á sem flestum sviðum.

Lestastjórar eru að mótmæla áformum forsetans um að seinka eftirlaunaaldri þeirra, en Sarkozy neitar að halda áfram samningaviðræðum fyrr en verkföllin hætta.

Sarkozy hefur lítið tjáð sig opinberlega um verkföllin, sem þykir ólíkt honum, því venjulega er hann fljótur að taka til hendinni þegar að steðja vandamál. Hann var kosinn forseti Frakklands í maí og hafði lofað því í kosningabaráttunni að gera viðamiklar umbætur víða í samfélaginu.

- gb

Niðurstaða fengin um glerhjúp á tónlistarhúsi eftir tæknilega erfiðleika:

Sem skorið úr stuðlabergsfjalli

SKIPULAGSMÁL „Þeir sem eru varkárastir segja að þetta sé að minnsta kosti jafn gott,“ segir Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri Austurhafnarinnar, um nýja útfærslu á glerhjúpi tónlistarhússins við Reykjavíkurböfn.

Tæknilegar erfiðleikar við upphaflegar hugmyndir Ólafs Elíasonar myndlistarmanns og hönnuða arkitektastofu Hennings Larsens urðu til þess að þróa þurfti nýjar lausnir á glerkápunni. Í síðasta mánuði sættist Austurböfn á nánari útlitun frá hönnuðunum.

„Ólafur er reyndar ekki búinn að staðsetja alla liti og spegilglær. Það er listaverk sem hann vill sjálfur klára,“ segir Stefán sem kveður þó grunnhugmyndina vera tilbúna og samþykkt í skipulagsráði Reykjavíkur.

Að sögn Stefáns var upphaflega gert ráð fyrir að á bæði austur- og vesturhlíð yrði með sléttu gleri en að glerstuðlaberg væri á suðurhlíð og það teygði sig yfir þakið niður að neðstu hæðum á norðurhlíðinni.

„Það gekk illa að samræma lausnir á hornum þar sem slétti vegurinn mætir stuðlunum og gera þau ásættanleg í útliti. Ólafur Elíasson og arkitektarnir voru búnir að vera með miklar pælingar og spekúlásjónir,“ segir Stefán. „Niðurstaðan varð sú að þróa hug-



LÍKAN AF STUÐLAGLERI Á lóð tónlistarhússins er líkan í rétttri stærð af stuðlaglerinu sem setja mun svip sinn á bygginguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

myndina yfir í það að húsið sé eins og brotið út úr stuðlabergsfjalli. Suðurhlíðin brotnar þannig að stuðlarnir koma fram en hinar hliðarnar þrjár eru eins og skorið

sé í gegn um stuðlana svo að mynstur kemur fram. Þannig kemur mynstur á austurvegginn og vesturvegginn sem áður voru sléttir.“

- gar

F|plús⁴

VÍÐTÆKASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN

TRYGGING SEM VEX MEÐ ÞÉR

F plús hjá VÍS er samheiti yfir tryggingar fyrir fjölskyldur og heimili. Þarfir fólks, fjölskyldu- og heimilishagir eru mismunandi og þess vegna er mikilvægt að hafa tryggingu sem tekur mið af því. Kynntu þér F plús og veldu þá tryggingu sem hentar þér og þínum best.

VÍS – ÞAR SEM TRYGGINGAR SNÚAST UM FÓLK

F|plús



Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 www.vis.is

Rv Unique

RV Unique örtrefjaræstikerfið
- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt



Bodil Fur, sölumaður hjá RV Unique í Danmörku

UniFlex II H Fiber ræstivagn

Á kynningartilboði
RV Unique
örtrefjaræstikerfið

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RV UNIQUE 10070A



ÖFLUG



ÞJÓNUSTA

VALITOR

VALITOR er öflugur arftaki VISA Íslands. Hlutverk okkar er að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og lausnir á sviði greiðslumiðlunar og stuðla þannig að árangursríkum viðskiptaháttum í samfélaginu.

Við höfum haft forystu um að byggja upp íslenskt greiðslukortumhverfi sem er með því þróaðasta í heiminum. Á grunni þessarar reynslu veitum við sveigjanlega, fjölbreytta og trausta þjónustu sem er sniðin að þörfum og óskum íslenskra söluaðila. Þjónustuver okkar sinnir þjónustu við viðskiptavini allan sólarhringinn, árið um kring.

Reynsla, þekking og háþrúð tækni gefa okkur kost á að tryggja enn betur öryggi þjónustunnar og þróa nýjar lausnir sem standast alþjóðlegan samanburð.

Við vitum að besti mælikvarðinn á þjónustu okkar er ánægja viðskiptavina.

Ávinningur viðskiptavina VALITOR:

- Öryggi
- Sveigjanleiki
- Fjölbreyttar lausnir
- Þjónusta í 24 tíma alla daga ársins
- Þjónusta sniðin að óskum íslenskra söluaðila

EFLIR - ALMANNATENGSL



VERKFRÆÐISTOFNUN



ÁRSFUNDUR

Fimmtudaginn 22. nóvember kl. 16–18
í Hátíðarsal, Aðalbyggingu HÍ



Dagskrá:

16:00 Setning
Ebba Þóra Hvannberg, forseti verkfræðideildar HÍ



16:10 Arðsköpun með þekkingu
Lárus Elíasson, forstjóri Enex



16:30 Auðlindagarðar
Albert Albertsson, forstöðumaður þróunar-,
umhverfis- og tæknisviðs Hitaveitu Suðurnesja




16:50 Fjárfestingar og útrás
Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður REI



17:05 Viðurkenning Verkfræðistofnunar
fyrir framúrskarandi rannsóknarframlag
Magnús Þór Jónsson, formaður stjórnar



17:10 Viðurkenningar til framhaldsnema í verkfræði
Ebba Þóra Hvannberg, forseti verkfræðideildar HÍ



17:15 Söngur: Félagar úr sönghópnum Hljómeyki

17:20 Ársskýrsla Verkfræðistofnunar HÍ
Magnús Þór Jónsson, formaður stjórnar



17:40 Léttar veitingar og spjall

Fundarstjóri er Guðrún Sævarsdóttir,
dósent í verkfræðideild HÍ

Allir velkomnir
Stjórn VHÍ



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ISLENSKUSÍÐLIS/HEK/0803/1107

Hnattvæðingin hefur áhrif á dýrarikið:

Kóngulóm fjölgar í Evrópu

UMHVERFISMÁL Hnattvæðingin hefur í för með sér að kóngulóm fjölgar stöðugt í Evrópu. Sænska dagblaðið Dagens Nyheter segir frá því að 87 nýjar kóngulóategundir hafi numið land í Evrópu. Viðskipti þjóða á milli hafa í för með sér að stöðugt fleiri kóngulær komast inn fyrir landamæri Evrópulanda.

„Í nánustu framtíð gerum við ráð fyrir að það komi að minnsta kosti ein ný tegund á ári til Evrópu,“ segir Wolfgang Nentwig, prófessor við Háskólann í Bern í Sviss, og bendir á að síðustu 150 ár hafi ný kóngulóategund komið til Evrópu annað hvert ár. Þá segir hann að



NEMA LAND Viðskipti milli landa hafa í för með sér að stöðugt fleiri kóngulóategundir koma til Evrópu.

hækkandi hitastig geti gert að verkum að eittraðar kóngulóategundir nemi land í Evrópu.

- ghs



BESSASTAÐIR Óboðni gesturinn fór inn í hús starfsfólks sem er efst á myndinni. Bústaður forsetahjónanna er næsta hús þar við. Lögreglan stöðvaði manninn í bíl á leið frá Bessastöðum og færði hann til yfirheyrslu. Að því loknu var honum sleppt.

Öryggismál á Bessastöðum stöðugt í endurskoðun:

Reglur um öryggi ekki gefnar upp

BESSASTAÐIR „Öryggisreglur þær sem gilda um forsetasetrið á Bessastöðum eru að sjálfsögðu ekki gefnar upp.“ Þetta segir Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögrelustjóra, spurður um öryggisvarnir á Bessastöðum vegna atviks er varð þar á fimmtudagskvöld þegar ungur maður komst óboðinn inn í starfsmannabústað og dvaldi þar á aðra klukkustund.

„Hvað varðar forsetaembættið þá er forsætisráðuneytið með ákveðna ábyrgð á öryggismálum þess,“ útskýrir Jón. „Síðan er aðkoma lögreglu að þessum þætti á hendi embættis ríkislögrelustjóra. Þar er meðal annars um að ræða úttektir á öryggismálum, tillögur um úrbætur og eftirfylgni við þær tillögur.“

Jón segir að öryggismálin á

Bessastöðum séu í stöðugri endurskoðun. Komi upp einhver frávik ýti það vissulega enn frekar við mönnum að vera á varðbergi. Hann kveðst ekki vilja ræða einstök tilvik eins og það sem Fréttablaðið greinir frá í dag, þar sem rannsóknin hafi verið á forræði lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Embætti ríkislögrelustjóra fái alltaf tilkynningu um atvik sem upp komi og þá sé tekið til athugunar hvort ástæða sé til úrbóta.

Örnólfur Thorsson forsetaritari neitaði að tjá sig um hvernig öryggismálum á Bessastöðum er háttað. „Atburðurinn snertir fjölskyldu starfsfólks á Bessastöðum og við tjáum okkur ekki um slík mál, enda varð hann í íbúðarhúsnæði fjölskyldunnar,“ sagði Örnólfur Thorsson.

- jss/æpe

512 Auglýsingasími 50 50

- Mest lesið

OSCAR
TÍMI TIL AÐ NJÓTA

Gæða KRAFTUR

ÁN LITAR- OG ROTVARNAREFNA

Héraðsdómur Suðurlands: Í gæslu vegna hnífstungu

DÓMSMÁL Maður sem verið hefur í haldi lögreglunnar á Selfossi vegna hnífstungumálsins við Hellisheiðarvirkjun um síðustu helgi hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 26. nóvember.

Eftir er að ræða við fjölda starfsmanna sem voru í húsinu þar sem atvikið varð. Sakborningur hefur neitað að hafa verið með hníf í umrætt sinn. Rannsóknin beinist nú að því að leita sjónarvotta og upplýsinga um það hvort maðurinn hafi verið með hníf í fórum sínum eða jafnvel annað áhald þegar hann kom í heimsókn í svefnbúðirnar síðastliðið laugardagskvöld.

- jss

VM hélt sérstakan félagsfund á pólsku fyrir Pólverja á Íslandi á Grand hóteli: Evran hluti af kröfugerðinni

VINNUMARKAÐUR VM, Félag vélstjóra og málm-tæknimanna, hélt í gærkvöld fund fyrir pólska félagsmenn sína. Örn Friðriksson, formaður VM, segir að upplýsingum hafi verið miðlað til hópsins, kjarasamningar fram undan verið kynntir og forystan hafi fengið að heyra hvað Pólverjunum finnst að betur megi fara.

„Við vildum fá að heyra hvernig þeim gengur í störfum og samskiptum við aðra, hvort þeir fái þau kjör sem samningar segja til um og fara í gegnum helstu atriði í kjarasamningum. Sömuleiðis líka hvernig þeim gangi að fá sín iðnréttindi metin en það vill bregða



HEYRA HVERNIG ÞEIM GENGUR „Við vildum fá að heyra hvernig þeim gengur í störfum og samskiptum við aðra,“ segir Örn Friðriksson, formaður VM, um fund félagsins með Pólverjum.

við að þeir séu ráðnir til starfa sem aðstoðarmenn og fái kaup sem slík-

ir. Síðan kynntum við þeim hvaða réttindi þeir eiga,“ segir Örn.

Unnið er að því innan verkalyðshreyfingarinnar að hægt verði að fá hluta launa greiddan í evrum. „Fyrsta skrefið í því er væntanlegt. Við höfum verið með það á sameiginlegu borði innan ASÍ að gera rammisamkomulag um það hvaða skilyrði þurfi að fullnægja til að hægt verði að gera samning um slíkar greiðslur. Við höfum lagt þetta upp sem hluta af okkar sameiginlegu kröfu,“ segir hann.

Hátt í 300 pólskir félagsmenn starfa í málm- og véltækniönaði víða um landið. Fundurinn fór fram á pólsku.

- ghs

15% vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is



75 ára | spron



VITABAR Innbrotspjófvar tóku ekkert nema tóman peningakassa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Innbrot í Vitabar við Vitastíg: Stálu tómunum peningakassa

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í Vitabar við Vitastíg í fyrrinótt, en þjófarnir brutu rúðu í útihurð til að komast inn. „Það eina sem þeir stálu var tómur peningakassi en þeir létu áfengið og tóbakið vera,“ sagði Ólafur Ingi Þórðarson, eigandi Vitabars, í samtali við Fréttablaðið. „Þetta eru greinilega miklir bindindismenn.“

Að sögn Ólafs Inga var skipt um rúðu í morgunsárið og nýr peningakassi keyptur svo opna mætti barinn á tilsettum tíma.

Ólafur vill ekki gefa upp hversu mikið tjónið er í peningum, en segir málið í rannsókn hjá lögreglu.

- æþe

Stærsta hassmál Danmerkur: Eiturlyfjabarón fær 16 ára dóm

DANMÖRK, AP Danskur „eiturlyfjabarón“ var á mánudag dæmdur fyrir að smygla þrettán tonnum af hassi og reyna að smygla hálfu tonni af kókaíni til Danmerkur. Hann var dæmdur til hámarksrefsingar, 16 ára fangelsisvistar. Hinn dæmdi, Claus Malmqvist, hélt fram sakleysi sínu við réttarhaldið og að sögn lögmanns hans hefur hann þegar áfrýjað.

Í dómmum segir að ákærendur hafi sannanir fyrir því að Malmqvist skipulagði innflutning á 13 tonnum af hassi frá Marokkó árið 2003, þótt ekki hefði tekist að leggja hald á það fyrir sölu. Tíu milljónir danskra króna, sem lögregla rakti til sölu hassins, fundust í fórum Malmqvists.

- aa

REYKJAVÍK

Minni laxkvóti í Elliðaánum

Orkuveita Reykjavíkur hefur ákveðið tveggja laxa kvóta á hálfis dags veiðileyfi í Elliðaánum næsta sumar í stað þriggja laxa kvóta. Þá verður fluguveiðisvæði ána stækkað að því er segir á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Með þessu á að reyna að stækka hrygningarstofn ána.

NÝR OUTLANDER | MEIRA EN FLOTTUR



Frábært verð!

Vetrardekk og dráttarbeisli innifalið í verði



Ríkulegur staðalbúnaður:

- Öflug og sparneytin 140 hestafla DI-D dísilvél (eydsla 6,9 l í blönduðum akstri)
- Stöðugleikastýring og spólvörn
- Ledurklætt adgerðastýri

- Pakbogur
- Mikil veghæð
- Hradastillir
- 18" álfelgur



Aftengjanlegt fjórhjóladrif

Til afgreiðslu strax.

Komdu og reynsluaktu spennandi sportjeppa.





MÚSLÍMATÍSKA Kona og barn sýna nýjstu múslímatiskuna á sýningu í Kúala Lúmpúr í Malasíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Náttúruverndarsamtökin krefjast aðgerða borgarstjórnar vegna OR og Ölfuss:

Samningur lykta af spillingu

ORKA „Það er ámalisvert að Orkuveitan lofi sveitarstjórn háum fjárhæðum fyrir framkvæmdaleyfi sem er Orkuveitu þóknlegt. Þess háttar samningar lykta af spillingu,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.

Árni vísar hér til samnings milli Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Sveitarfélagsins Ölfuss um orkuver á Hellsheiði og Hengilsvæðinu. Hann fjallar um víðtæka uppbyggingu í sveitarfélaginu og fjárfestingu, sem meðal annars greiða fyrir álag á bæjarstjórn. Samningurinn kveður á um að framkvæmdaleyfi verði veitt Orkuveitu svo skjótt og greiðlega sem auðið er. Sveitarfélagið



ÁRNI FINNSSON Krefst þess að borgarstjórn stöðvi áform OR um byggingu Bitru- og Hverárhliðarvirkjana og telur brýnt að starfsaðferðir OR verði endurskoðaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

metur samninginn á hálfan milljarð.

„Það er krafa Náttúruverndarsamtaka Íslands að borgarstjórn grípi í taumana og stöðvi áform Orkuveitu Reykjavíkur um byggingu Bitru- og Hverárhliðarvirkjana. Að öðrum kosti er hætt við að nærri 700 einstaklingar og samtök hafi sent inn athugasemdir mest til punts,“ segir Árni jafnframt.

Hann minnir á að athugasemdir þessar séu „vafalaust grunnþáttur tilskipananna“ sem liggja að baki laga um mat á umhverfisáhrifum.

Með því að „semja um málaþykir“ hafi OR og Ölfus þennan megin-tilgang að engu. - kóp

Allt innbúið var ótryggt

SLYS Innbúið í íbúðinni að Fannarfelli 6 sem gjöreyðilagðist í bruna á sunnudagsmorgun var ótryggt að sögn móður konunnar sem leigði íbúðina.

Konan liggur enn á spítala en hún hlaut brunasár á baki, öxlum og hendi en fimm ára sonur hennar býr hjá föðurforeldrum á meðan. Vinur hennar sem einnig var í íbúðinni umræddan morgun var útskrifaður samdægurs en hann hlaut bruna á fótum.

Opnaður hefur verið söfnunarreikningur í Landsbankanum fyrir þau og er númer hans 0135-05-071022. - jse

Sérdómstóll í Kambódíu:

Rauðir kmerar loks fyrir rétt

KAMBÓDÍA, AP Khieu Samphan, sem var þjóðhöfðingi Kambódíu á valdatíma Rauðu kmeranna á



KHIEU SAMPHAN

áttunda áratugnum, var á mánudag færður fyrir sérdómstól í Phnom Penh, sem stofnað var til með stuðningi Sameinuðu þjóðanna og hefur það hlutverk að rétta yfir fyrrverandi valdamönnum Rauðu kmeranna.

Á valdatíma þeirra, með Pol Pot fremstan í fylkingu, dóu minnst 1.700 þúsund manns úr hungri, þrælkun, sjúkdómum og skipulögðum aftökum. Fyrir kmerunum vakti að skapa útópískt kommúnistasamfélag.

Í nýrri bók lýsir Samphan Pol Pot sem „einlægum föðurlandsvini“. - aa

Prettándinn verður á laugardegi í Vestmannaeyjum:

Eyjamenn stytta jólin

VESTMANNAEYJAR Jólin í Vestmannaeyjum verða degi styttri en jól annarra landsmanna. Bæj-



PRETTÁNDAGLEÐI Haldið er veglega upp á lok jólnanna í Eyjum á hverju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIDRIKSSON

aryfirvöld og ÍBV hafa ákveðið að færa þrettándann yfir á laugardaginn 5. janúar, þar sem heppilegra er að halda hátíð þann dag.

Þessi háttur verður hafður á næstu tvö árin. Það þýðir að þrettándinn verður laugardaginn 3. janúar að ári. Jólin styttest því um þrjú daga árið 2009.

Prettándanefnd ÍBV samþykkti tillöguna á fundi sínum í vikunni, en fundinn sat einnig Elliði Vignisson bæjarstjóri, að því er kemur fram á vefnum sudurland.is. Lofuðu bæjaryfirvöld frekari aðkomu að þrettándagleðinni ef hún yrði haldin á laugardegi.

Prettándagleðin hefur verið stór viðburður í jólahaldinu í Vestmannaeyjum í rúmlega hálföld. Þá kveðja jólasveinarnir, Grýla og Leppalúði íbúa Heimaeyjar með virktum. - sgi



GEYSIR Svæðið umhverfis Geysi er til skammar að sögn leiðsögumanna og landeigenda. Deila veldur því að ekki er hægt að bæta aðstöðuna.

Skammast sín fyrir umhverfi Geysis

Leiðsögumönnum blöskrar bág ástand á Geysisvæðinu. Deila landeigenda og ríkisins veldur því að umhverfi þessarar náttúruperlu er vanrækt. Leiðsögumenn segja það óöruggt fyrir ferðamenn.

UMHVERFISMÁL Svæðið umhverfis Geysi í Haukadal liggur undir skemmdum og mörgum leiðsögumönnum blöskrar að sýna það erlendur ferðamönnum sökum ástandsins sem þar ríkir. Hverárhliðrið umhverfis hverina er máð og litlaust, göngustígar breytast í drullusvað í bleytu og öryggi ferðamanna er lítið við núverandi aðstöðu. Þetta segir Stefán Helgi Valsson, kynningarfulltrúi Félags leiðsögumanna.

Ástæðan fyrir hnignun svæðisins má rekja til langvarandi deilna sem landeigendur hafa staðið í við ríkið um framtíð þess. Ríkið á um þriggja hektara svæði sem Geysir, Strokur og Blesi eru á en það er umlukið girtu landi sem er í einkaeign. Ríkið á þó nokkrar sér-eignir þar innan. Þórir H. Ólafsson, formaður nefndar á vegum umhverfisráðuneytisins um kaup á Geysisvæðinu, segir að nú sitji menn að samningum með fulltrúum landeigenda.

„Það er ómögulegt að setja einhver tímamörk á þetta en ég vonast til að það verði einhver vatnaskil í þessu máli öðru hvorum megin við áramót,“ segir hann. Hann vill þó ekki nefna neinar tölur sem hugsanlegt kaupverð frekar en Ólafur Björnsson, lögmaður landeigenda. Heimildir Fréttablaðsins herma að landeigendur séu mjög ósáttir við þau til-



STEFÁN HELGI VALSSON Segir öryggi ferðamanna lítið miðað við núverandi aðstöðu.

boð sem hingað til hafa verið borin á borð.

Bjarni Sigurðsson, einn landeigenda, tekur undir orð Stefáns Helga um að ástand svæðisins sé til skammar en ekki sé hægt að lagfæra það fyrr en þessi deila sé um garð gengin. Þórir segir að ríkið hafi reynt að hefjast handa við lagfæringar fyrir nokkrum árum en landeigendur komið í veg fyrir það.

Ekki er einungis samið um verð heldur einnig um nýtingu á heitu vatni á svæðinu. Heitt vatn hefur verið notað frá hverasvæðinu við kyndingu og fleira fyrir íbúðarhús, hótél og veitingasölu. Meiri uppbygging er fyrirhuguð sem kallar á frekari nýtingu á heitu vatni en slíkt gæti haft áhrif á gosvirkni hveranna. Því er hugsanlegt að Geysismenn fái heitt vatn annars staðar frá.

Stefán Helgi segir að um hálf milljón ferðamanna komi árlega í Haukadal. jse@frettabladid.is

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fjármálakvöld fyrir alla

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og lífeyrismálum. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

Námskeiðin hefjast kl. 20:00 á eftirfarandi stöðum:

1. nóv.	Aðalbanki	Hvar liggja fjárfestingartækifærin?
8. nóv.	Árbær	Fjármál heimilisins frá A til Ö
15. nóv.	Egilsstaðir	Fjármál heimilisins frá A til Ö
22. nóv.	Grafarholt	Lífeyrismál frá A til Ö
29. nóv.	Akureyri	Hvar liggja fjárfestingartækifærin?

Á morgun: Grafarholtsútbú

Á fjármálakvöldinu mun Tómas N. Möller, forstöðumaður Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Landsbankans, fjalla um þau atriði sem skipta máli varðandi lífeyrismál okkar, hvernig við getum fengið sem mest út úr lífeyrissparnaði, hvaða atriði skipta máli við ávöxtun hans og hvernig við getum nýtt okkur lífeyrisréttindi okkar og sparnað.

Þar færðu m.a. svör við eftirfarandi spurningum:

- Hvað skiptir máli við ávöxtun lífeyrissparnaðar?
- Er lífeyrissparnaður minn tvískattlagður?
- Hvernig virkar lífeyrissparnaður?

Efni námskeiðsins er sniðið að þörfum þeirra sem eru u.þ.b. á aldrinum 18-50 ára.

Skráning hafin á landsbanki.is

Skráning á fjármálakvöld fer fram á landsbanki.is eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar um námskeiðin eru á landsbanki.is



INNTRITUN Á VORÖNN

STENDUR YFIR NÚNA!



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

Í krefjandi vinnuumhverfi er nauðsynlegt að búa yfir færni og fjölbreyttri þekkingu. Markmið okkar er að styrkja einstaklinginn og þjálfva hann til verka og sjálfstæðra vinnubragða.

TVÆR ANNIR

Sölu-, markaðs og rekstrarnám 🌞 396 stundir

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölu- og markaðsmála. Farið er vel í allan söluhringinn, frá söluleit að eftirfylgni. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans og aðkomu í stefnumótun fyrirtækisins. Í síðari hluta er lögð áhersla á rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Frábært nám fyrir alla sem vilja starfa við sölumennsku og/eða eru með eigin rekstur.

Skrifstofu- og rekstrarnám 🌞 462 stundir

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á fimm námskeiðum sem öll styðja hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt þremur viðbótarnámskeiðum í Navision.

Skrifstofunám og hönnun 🌞 414 stundir

Námið er mjög góður undirbúningur fyrir almenn skrifstofustörf á nútímaskrifstofu. Nemendur læra að útbúa hvers konar kynningarefni auk þess sem þeir fá leiðsögn í tengslavinnu milli fyrirtækja annars vegar og auglýsinga-stofa, prentsmiðja og fjölmiðla hins vegar. Lifandi og skapandi námskeið.

Sölunám og hönnun 🌞 420 stundir

Á fyrri önninni fá nemendur markvissa þjálfun á sviði sölu- og markaðsmála. Farið er vel í allan söluhringinn allt frá söluleit að eftirfylgni. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans og aðkomu í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni læra nemendur að útbúa og koma frá sér hvers konar kynningarefni og fá þjálfun sem tengiliðir fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur. Þetta er góður kostur fyrir stofnanir og fyrirtæki sem útbúa sitt eigið kynningarefni og vilja styrkja sölufærið.

EIN ÖNN

Skrifstofu- og tölvunám 🌞 258 stundir

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar öllum sem annað hvort eru á leið út á vinnumarkaðinn eða vilja styrkja stöðu sína í núverandi starfi.

Einstakt nám fyrir það hversu rík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn sjálfan og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, ECDL-tölvuökuskírteini*, streitustjórnun og gerð kynningarefnis.

* ECDL er alþjóðleg viðurkenning á tölvuþekkingu einstaklings í upplýsingatækni, Windows, Word, Excel, Power Point, Access og Internetinu.

Sölu- og markaðsnám 🌞 264 stundir

Þetta er lífligt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru krufin og farið er vel í allan söluhringinn, allt frá söluleit að eftirfylgni. Einnig eru kennd nokkur grunnhugtök markaðsfræðinnar s.s. SVOT, AIDA o.fl.

Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

Fjármála- og rekstrarnám 🌞 132 stundir

Hér er um að ræða frábært námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Námið snýr m.a. að rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Lögð er áhersla á verkefnavinnu sem tengd er efninu.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.



UPPLÝSINGAR OG INNTRITUN Í SÍMA 544 4500

„ORÐRÉTT“

Kraftmikið dufl

„En svona eftir á að hyggja lædist sú hugsun að manni að það þyrfti ekki um að binda ef þetta myndi springa.“

SIGURÐUR Ó. ÞORVARÐARSON SKIPSTJÓRI Á ÞORVALDI LÁRUSSYNI SH 129 TÓK ÞVI LÉTT ÞEGAR HANN FEKK TUNÐURDUFL Í TROLLIÐ. Fréttablaðið 20. nóvember.

Ekki treystandi

„Ég hélt að það væri unnt að treysta á réttvíni íslenskra dómstóla, en svo virðist ekki vera.“

JÓN GERALD SULLENBERGER SEGIR FARIR SÍNAR Í BAUGSMÁLINU EKKI SLETTAR. Morgunblaðið 20. nóvember.

tilveran

nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR VERKEFNASTJÓRI

Nánast búin að kaupa jólagjafir

„Það er allt svo mikið og gott að fréttu,“ segir Guðrún Ögmundsdóttir, verkefnastjóri hjá menntamálaráðuneytinu. Í ráðuneytinu sinnir hún verkefnum með námsmenn í framhaldsskólum sem hafa annað móðurmál en íslensku. Guðrún tók við verkefnastjórnastöðunni í haust, eftir að hafa hætt á Alþingi eftir kosningar síðastliðið vor.

Fram undan hjá Guðrúnu er lokaráðstefna verkefnisins Framtíð í nýju landi. Verkefnið er þriggja ára tilraunaverkefni sem beinist að ungmennum af asískum uppruna. „Undirbúningur fyrir ráðstefnuna er í fullum gangi en hún verður haldin 30. desember. Svo það er allt á fullu í þessum skemmtilega málaflokki.“

Hjá flestum er jólaundirbúningur rétt að hefjast um þessar mundir, en Guðrún er langt komin í undirbúningnum. „Ég er búin að kaupa jólagjafir, nema fyrir nánustu fjölskyldu. Svo vona ég bara að ég fái eldavalína mín bráðum svo ég geti farið að elda venjulegan mat. Ég var nefnilega að fá nýtt eldhús. Svo er ég að undirbúa jólafrokost og fleira fyrir jólin.“

Í desember er mjög mikilvægt að vera sem mest með sínum nánustu, ég hef alltaf haft það að leiðarljósi,“ segir Guðrún. Hún segir það grundvallaratriði að vera skipulagður í undirbúningnum. „Þess vegna er maður búinn með jólagjafirnar – það er svo margt sem maður reynir að klára snemma til þess að geta notið lífsins í desember.“



TEIKNIMYND: TÓLF ÁR FRÁ TOY STORY

■ Sýningar á fyrstu tölvugerðu teiknimyndinni í fullri lengd sem gerð hefur verið, Toy story, hófust í Bandaríkjunum fyrir tólf árum. Pixar Animation Studios framleiddi myndina og sáu Walt Disney Pictures og Buena Vista Distribution um dreifingu. Toy story halaði inn 191.773.049 dollara í Bandaríkjunum einum og 354.300.000 dollara á heimsvísu sem jafngildir 21,8 milljónum íslenskra króna að núvirði.



SJÓNARHÓLL SALA Á ERFÐAMENGJUM

Alger óþarfi

„Það er ótrúlega gaman af frjálsum markaði en það er enginn í heiminum bættari með þessar upplýsingar. Þær bjóða misnotkuninni heim,“ segir Arnaldur Máni Finnsson, listamaður og guðfræðinemi, um fyrirhugaða sölu á erfðamengjum einstaklinga.



ARNALDUR MÁNI FINNSSON Listamaður og guðfræðinemi.

„Kári Stefánsson sýnist mér vera í keppni við Bandaríkjamenn í metnaði þeirra til að skapa nýjan heim. Hann er að reyna að vera fyrstur,“ segir Arnaldur, sem telur að upplýsingarnar séu með öllu óþörf viðbót við samfélagið. „Og það sem hræðir mig við þetta er að Kári er að reyna að skapa gervipörf í íslensku samfélagi, eins og hann skapaði gervipörf eftir hlutabréfum í fyrirtækinu á sínum tíma. Hann skuldar þjóðinni eiginlega síðan þá og ætti því að gefa Íslendingum þetta, ef það væri einhver akkur í upplýsingunum. En ég held að þetta skapi bara tryggisfélögum og atvinnurekendum stjórnunartæki til að hræða fólk með.“

Hún setur svip á bæinn

Í Iðuhús koma meðal annarra sushi-svangir, kaffiþyrstir og bókhneigðir gestir í sínum erindagjörðum eða fastagestir hvort sem þeir eru úr Kvosinni eða frá Kentucky. Arndís Björg Sigurgeirsdóttir sem stýrir starfsemi þar tók í gær við Njarðarskildi úr hendi Margrétar Sværisdóttur, formanns menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur.

Njarðarskjöldurinn er hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar, Félags íslenskra stórkaupmanna og Kaupmannasamtaka Íslands og er markmiðið með honum að verðlauna fyrir góða verslunarþjónustu við ferðamenn og þar með bæta hana í höfuðborginni.

Að þessu sinni var komið að því að verðlauna bókakerlinguna á horninu, eins og Arndís á það til að kalla sig, enda hefur hún sett brag á borgina fyrir ferðamenn og aðra með því að koma upp verslunarkjarna í húsnaði sem staðið hafði autt í áratuðir þegar hún hóf starfsemi þar árið 2003. Nú eru þar, auk bóka- og gjafavöruslunarinnar Iðu, kaffihús, sushi-veitingastaður, gullsmíður, verslun með útivistarfatnað og 1. desember mun einnig verða opnuð þar ritfangaverslun.

Arndís Björg er von að hitta þar fastagesti en það er misjafnt hversu langa leið þeir eiga að baki. „Til dæmis koma reglulega til okkar hjón ein sem eru kjúklingabændur frá Kentucky,“ segir hún. „Þau hafa vanið sig á það að koma til okkar um leið og þau eru búin að taka upp úr töskunni.“

Það er líka margt sem trekkir að, til dæmis



ARNDÍS BJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR Njarðarskjöldurinn verður hýstur í Iðuhúsi í ár og munu fastagestir þar sennilegast fagna því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þykir mörgum spennandi að raða ofan í sig sushi-réttum sem koma á færribandi til kunnans.

Þetta er í tólfta sinn sem Njarðarskjöldurinn er veittur en áður hafa 12 tónar, Rammagerðin, Sævar Karl, Penninn og fleiri hlotið hann. Guðrún Inga Ingólfssdóttir, fulltrúi viðburða á

Höfuðborgarstofu, segir að Njörður sá sem skjöldurinn er kenndur við hafi upphaflega verið frjósemisguð en síðar guð sæfarenda og jafnan sagður fésæll mjög. Það þarf einmitt frjótt ímyndunarafli til að fanga athygli þeirra sem lagt hafa leið sína yfir hafið og í miðbæ Reykjavíkur. jse@frettabladid.is


Hetjan Gunnar

Andspænis öfund og óvild þarf Gunnar á Hlíðarenda að taka afstöðu – velur hann leið friðar og sátta eða ver hann heiður sinn?

Spennandi myndasaga sem sækir efni sitt í magnaðasta hluta mögnuðustu sögu íslenskra bókmennta! Sjálfstætt framhald verðlaunabókanna Brennan, Blóðregn og Vetrarvíg sem allar hafa notið mikilla vinsælda.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



VIÐURKENNINGAR VEITTAR Árni Geir Pálsson, varaformaður Barnaheilla, Sigríður Þóra Árdal sem tók við viðurkenningu fyrir Bergsteinn Björgúlfsson, Ragnar Bragason, Guðný Halldórsdóttir og Hrönn Kristinsdóttir sem mætti fyrir hönd Ara Alexanders. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðurkenning Barnaheilla veitt leikstjórum í gær: Tilvera barna á tjaldinu

Hin árlega viðurkenning Barnaheilla var veitt leikstjórum þriggja kvikmynda í Iðnó í gær. Það eru leikstjórnarnir Guðný Halldórsdóttir fyrir kvikmyndina Veðramót, Ari Alexander Ergis Magnússon og Bergsteinn Björgúlfsson fyrir Syndir feðranna og Ragnar Bragason fyrir kvikmyndina Börn en hún var reyndar frumsýnd á síðasta ári.

Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, segir að viðurkenningin sé veitt fyrir að vekja athygli á málefnum barna en þau fari oft hljótt í samfélags- umræðunni. Segir hún aðstand-

endur samtakanna þakkláta þeim er að kvikmyndunum stóðu og vona að þær verði til þess að auka vitund almennings og ráðamanna á mikilvægi þess að réttindi barna séu tryggð, þeim sjálfum og samfélaginu öllu til heilla.

Kvikmyndirnar þrjár segir hún hins vegar taka á viðkvæmum málum sem snerti börn og aðbúnað þeirra.

Viðurkenningin var veitt á afmælisdegi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var samþykktur á allsherjarþingi þeirra 20. nóvember 1989 og samþykkt af íslenskum stjórnvöldum árið 1992.

Pioneer

ÁTTU EKKI BARA SKILIÐ ÞAÐ BESTA?



KURO ÞÝÐIR SVARTUR Á JAPÖNSKU

... en ekki hvaða svartur sem er heldur fullkomlega **biksvartur** – og í heimi sjónvarpsins er svartur allt, því svarti liturinn spannar allt litrófið og biksvartasti liturinn skapar skærustu litina.

Með KURO hafa verkfræðingar Pioneer skapað svartan lit, sem er 80% dýpri en áður hefur þekkt í sjónvarpi.

Af þessu leiðir að þú getur nú greint mun meiri andstæður og fjölda litabrigða innan litrófsins. Alls staðar blasa við litabrigði, sem þú hefur eflaust ekki veitt athygli fyrr. Horn verða skýrari, skuggar dýpri og form og áferð myndarinnar fær raunhæfa fjarvídd.

KURO er plasma sjónvarp, sem býður þér myndræna upplifun sem aldrei fyrr.

... OG MENN KEPPAST VIÐ AÐ LOFA KURO:

CNET.co.uk

"Televisions don't get much better than this. A winning combination of excellent picture quality, stylish design and user-friendly features, this 50-inch plasma should be at the top of any serious home cinema fan's shopping list. It's pricey, but it's worth it..."

Hi Fi News

"My goodness does it deliver! This plasma's greyscale, dynamic range and dynamic deep black performance really sets it apart from any other flat panel display I've ever seen..."

What Video and High-Definition TV

"Not just the best 42" screen ever, it's the best flatscreen yet by some margin. For once, it seems, you can believe the hype..."

Home Cinema Choice

"Darker and more dynamic than any previous Pioneer plasma - a knockout blow to comparably sized LCDs..."

TrustedReviews

"Not to put too fine a point on it, this TV's pictures really are the very best we have ever seen on a flat TV. No probably, no arguably - they just are. By some margin, in fact..."

What Hi Fi? Sound and Vision

"It's so much better than any other flat TV you can buy that it really isn't that much of a leap to label it a revolution in TV. It'd also be fair to call it the best telly we've seen..."

HDTV.org

"The Black Level performance of the PDP-508XD is a revelation, with a purity that stands head and shoulders above offerings from any other Plasma or LCD manufacturer out there. The subtlety of graduation across dark scenes is nothing short of spectacular."

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9	SMÁRALIND	KEFLAVÍK	MODEL-AKRANESI	PRISTUR-ÍSAFIRÐI	AKUREYRI	VÍK-EGILSSTÖÐUM	VÍK-NESKAUPSTAÐ	VÍK-REYÐARFIRÐI	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	HÚSAVÍK
SÍMI 530 2800	SÍMI 530 2900	SÍMI 421 1535	SÍMI 431 3333	SÍMI 456 4751	SÍMI 461 5000	SÍMI 471 2038	SÍMI 477 1900	SÍMI 474 1477	SÍMI 480 1160	SÍMI 464 1515

STÓR ÚTSALA Á LIPPÍTÖKLUBÍLLUM

Frábær afsláttur!
Frábært verð!

ATH!

Fyrsta afborgun
5. mars. 2008

ATH!

Kr. 50.000 til 100.000
gjafakort frá Smáralind
fylgir öllum bílum.

100% lán í allt
að 84 mánuði

Gott úrval á staðnum - Dæmi um bíla á útsölu:

Verð áður kr. 2.800 þús.

Útsöluverð kr. 2.150 þús.



Hyundai SantaFe, árg 2006 ek. 60 þús - sjsk.

Ekkert út og 31.500 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*



Verð áður kr. 1.680 þús.

Útsöluverð kr. 1.370 þús.



Hyundai Trajet, árg 2004 ek. 57 þús - sjsk.

Ekkert út og 19.980 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*



Verð áður kr. 2.450 þús.

Útsöluverð kr. 2.070 þús.



Renault Laguna II, árg 2006 ek. 15 þús - sjsk.

Ekkert út og 29.900 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*



Verð áður kr. 850 þús.

Útsöluverð kr. 690 þús.



Peugeot 307, árg 2003 ek. 119 þús - bsk.

Ekkert út og 11.400 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*



Með hverjum útsölubíl fylgir gjafakort í Smáralind.
Bílar yfir 1 milljón = 100.000 kr. gjafakort
Bílar undir 1 milljón = 50.000 kr. gjafakort

Opið virka daga frá kl. 09 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

 Smáralind



bíla_{B&L}
land
notaðir bílar

bilaland.is

Grjóthálsi 1 - 575 1200

Hvernig eiga Íslendingar að gæta öryggis síns?

UMRÆÐAN

Varnarmál

Nú þegar landið er herlaust, hvernig eiga Íslendingar að gæta öryggis síns? Kjartan Gunnarsson lögfræðingur skrifaði árið 1981, eða fyrir tuttugu og sex árum, grein í afmælisrit helgað brautryðjandanum Auði Auðuns í tilefni af sjötugsafmæli hennar.

Kjartan segir að íslensk varnarstefna hljóti að taka mið af hagsmunum Íslands og því næst af hagsmunum bandamanna og granna Íslands. Hann hvetur til þess að Íslendingar taki frumkvæði í eigin vörnum og geri tillögur um varnir, meti varnarþörfina og fyrirkomulag varnanna.

Kjartan segir að Íslendingar megi ekki festast í þeirri hugsun, að herleysi Íslands leysi þá undan þeirri frumskyldu allra ríkja að gæta öryggis borgaranna, því okkur Íslendingum beri skylda til að standa við skuldbindingar okkar bæði gagnvart öðrum og ekki síst gagnvart okkur sjálfum.

Á að fylgja hollráðum Kjartans Gunnarssonar? Ég segi já – þeim á að fylgja.



RÓBERT TRAUСТИ ARNASON

Sex árum eftir að grein Kjartans birtist kom út stefnuskrá Kvinnalistsans fyrir alþingiskosningar 1987. Þar segir í kaflanum um friðar- og utanríkismál: „Við getum ekki falið örfáum mönnum líf okkar og framtíð.“

Á að fylgja þessum hollráðum Kvinnalistsans sáluga? Ég segi já – þeim á að fylgja.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 er boðað

En Sjálfstæðisflokkurinn er óbundinn af annarlegum hagsmunum.

Sjálfstæðisflokkurinn á því ekki að slaka á sinni fyrri stefnu í varnar- og öryggismálum í þágu þess tíðaranda sem kann að ríkja innan Samfylkingarinnar.

að komið verði á fót samráðsvettvangi stjórnvaldaflokkanna um öryggismál. Því eru þá þeir sem fara með utanríkismálin, að fela örfáum mönnum að vinna ógnar-

eða hættumat sem svo á að vera undirstaða haldgóðrar varnarstefnu Íslands til framtíðar? Nýr oddviti og nýir forystumenn utanríkismálanna, sem nú eru hluti af framkvæmdavaldinu, kjósa þó að fara þessa leið. Hvers vegna?

Með Samfylkingunni, sem varð til fyrir sjö árum, er öflugt pólitískt afl komið til skjalanna. Úrslit kosninganna í vor báru með sér að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar væri öflugasti kosturinn í stöðunni. Ríkisstjórnin hefur óvenjulega sterkan meirihluta að baki sér á Alþingi. Og sennilega meðal þorra þjóðarinnar. En Sjálfstæðisflokkurinn er óbundinn af annarlegum hagsmunum.

Sjálfstæðisflokkurinn á því ekki að slaka á sinni fyrri stefnu í varnar- og öryggismálum í þágu þess tíðaranda sem kann að ríkja innan Samfylkingarinnar.

Ég kalla eftir því að ríkisstjórnin efni gefin fyrirheit og komi á fót samráðsvettvangi stjórnvaldaflokkanna um varnar- og öryggismál og finni flöt til samstarfs næstu árin en feli ekki „...örfáum mönnum líf okkar og framtíð“.

Fylgjum þannig hollráðum Kjartans Gunnarssonar lögfræðings og Kvinnalistsans sáluga.

Höfundur er fyrrverandi ráðuneytissjóri.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Pakkir til Skúla Gunnarssonar

Úrsúla Jünemann grunnskólakennari skrifar:

Í þessu blaði birtist grein eftir Skúla Gunnarson hinn 14. nóvember undir titlinum „Á að leggja grunnskólana niður?“ Ég vil þakka honum innilega fyrir þetta innlegg enda þörf á opinskáum umræðum um ástandið í mörgum skólum landsins.


Flestum kennurum er í fersku minni hvernig síðasta kjarabaráttan fór: Eftir langt og strangt verkfall vorum við neydd að snúa til starfa á jafn óviðunandi kjörum og áður. Foreldrafélögin helltu sér yfir kennarastéttina með skömmum og svívirðingum. Menntamálaráðherra lét sig hverfa og lét í veðri vaka að sér kæmi þetta mál bara ekki við. Við kennarar bárum í verkfallinu spjöld sem á stóð: „Ó vakna þú, mín Þyrnirós“.

Verðbólgan hefur fyrir löngu étið upp þessa smánarlegu kauphækkun sem við fengum. Aftur erum við komin langt á eftir launþróuninni á almennum markaði.

Erfiðlega gekk að manna skólana í haust og vantar enn fullt af starfsfólki. Það eru helst eldri kennarar sem tolla í starfinu. Þeir yngri sækja annað. Ekki er gott fyrir skólastarfið að fá ekki eðlilega endurnýjun starfsfólks og ekki heldur gott fyrir uppeldi barnanna að næstum engir karlmenn starfa sem kennarar í grunnskólunum. En skuggalegast er hve vonlaust virðist að ráða fólk í gæslu og stuðningskennslu. Allt fallega talið um „skóla án aðgreiningar“ fellur um sjálft sig ef einn kennari á að sinna yfir 20 börnum með öllum þeim vandamálum sem fylgja sumum einstaklingum, án þess að fá stuðningsfulltrúa með sér sem ættu að vera helst með einhverja uppeldismenntun. Hvernig á einn kennari að veita öllum börnum í stórum bekk nám við sitt hæfi ef mesti tíminn og mesta orkan fer í agavandamál af alls konar tagi? Hvernig gengur til dæmis að stoppa einelti í skólunum ef engin gæsla fæst til að fylgjast með börnunum? Metnaðarfullt skólastarf kostar peninga og það er kominn tími til að ráðamenn þjóðarinnar geri sér grein fyrir þessu. Maður bíður spenntur eftir næstu kjaraviðræðum. Skyldi eitthvað róttækt gerast í skólamáluum?

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnröð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á vísir. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



Komdu og upplifðu ...

NYFUNDNALAND OG LABRADOR

GJAFAVÖRUR | LISTMUNIR | VEIÐI | FERÐALÖG

MARKAÐSTORG | HELGINA 24. – 25. NÓVEMBER
Í PERLUNNI | KL. 11:00 til 18:00

AÐGANGUR ÓKEYPIS

DAGSKRÁ

Laugardagur og sunnudagur
13:00- Kanadískur jólasveinn kíkir í heimsókn
15:00- Shawn Silver sýnir írsku dansa
16:00- Duane Andrews, jassgítarleikari, slær á strengi

VIÐBURÐIR

Kynning á veiði og vélsleðaferðum
í Ellingsen, Fiskislóð 1
Fimmtudaginn 22. nóvember
Kl. 18:00

Duane Andrews og Björn Thoroddsen
á Domo, Þingholtstræti 5
Sunnudaginn 25. nóvember
Kl. 21:00

Sælkeraveisla frá Nýfundnalandi og Labrador
Þrjár frakkar og Humarhúsið
24.- 25. nóvember

To Dublin with Love og Moebius Redux
í Regnboganum
Sunnudaginn 25. nóvember
Kl. 16:00 – Frítt í bíó!

Newfoundland
Labrador
CANADA

Eru útlendingar meiri glæpamenn?

UMRÆÐAN

Málefni innflytjenda

Frétt á blaðsíðu 10 í Fréttablaðinu laugardaginn 17. nóvember vakti athygli mína. Titillinn var „Útlendingar taka yfir fíkniefnaheiminn“. Innihald hennar er yfirferð blaðamannsins, sem einkenndur er með skammstöfuninni jss, yfir glæpaheiminn. Blaðamaðurinn hefur ákveðið að einbeita sér að kynlífsbrotum og fíkniefnabrotum. Eðlilegt, þessar tegundir brota eru einhver mesta vafsamfélagsins í dag. Það sem er óeðlilegt er skortur á útskýringu á vali á heimildarmanni og undarlegar ályktanir sem blaðamaðurinn dregur af viðtali við hann.

Heimildarmaðurinn er Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður. Ekki fylgir fréttinni af hverju hann varð fyrir valinu. Það má vel vera að hann búi yfir yfirgripsmikilli þekkingu á kynferðis- og fíkniefnabrotum, en myndi það ekki gefa fréttinni meira vægi að taka það fram? Ég tók eftir því að sami lögmaður er nefndur lögmaður skemmtistaðar Bóhems í Morgunblaðinu á sunnudag og haft eftir honum að „vændi, mansal og önnur ólögmet starfsemi tengist ekki rekstri“ skemmtistaða. Ekki hefur hann vitneskju um ólögmetu starfsemi vegna vinnu sinnar fyrir þessa skjólstaðinga sína, sem er fagnadarefni. En af hverju eru forsendurnar fyrir því að leitað var til þessa heimildarmanns ekki útskýrðar fyrir lesendum? Stuðst er við tölfræði frá ríkislögreglustjóra, af hverju er ekki talað við fulltrúa hans?

En treystum því að blaðamaðurinn hafi unnið heimavinnuna sína og hafi góða ástæðu fyrir vali á heimildarmanni, þótt honum hafi misfarist að nefna það í fréttinni. Skoðum úrvinnslu upplýsinga frá



TATJANA LATINOVIC

heimildarmanni. Haft er eftir Brynjari að breytt og áður óþekkt hugarfarliggi nú að baki afbrotum. Af hverju? Jú, af því að þeir pólskir ríkisborgarar eru nú í farbanni vegna rannsóknar nauðgunarmála á Selfossi, tveir litháískir ríkisborgarar sitja í gæsluvarðhaldi vegna nauðgunar í Reykjavík og lýst er eftir öðrum útlendingi vegna rannsóknar á nauðgunarmáli. Brynjar bætir við að „þeir menn sem þarna voru að verki hafa allt aðra hugsun en hér ríkir, til að mynda viðhorf þeirra til kvenna“.

Er ég sú eina sem ekki skilur eftir lestur fréttarinnar hvernig hugarfar útlenskra glæpamanna er öðruvísi en íslenskra nauðgara? Leikur grunur á að þessar nauðganir séu þáttur í skipulagðri starfsemi sem er að festa rótum hér á landi? Bera íslenskir nauðgarar meiri virðingu fyrir sínum fórnarlömbum en útlenskir sálufélagar þeirra? Er skárara að vera nauðgaf af Íslendingi en útlendingi?

Fréttin fjallar einnig um fíkniefnabrot og áfram heldur heimildarmaðurinn: Útlendingar eru að taka yfir fíkniefnaheiminn, eru miklu skipulagðari en heiðarlegi hverfisfélurinn okkar. Ekki er útskýrt fyrir lesandanum hvernig fíkniefnamarkaðurinn hefur breyst með tilkomu erlendra fíkniefnasala og hvaða rök eru að baki þeirri fullyrðingu. Við höfum bara orð Brynjars fyrir því. Fróðlegt hefði verið að vita meira um heimildir hans.

Drátt fyrir óvandaðan texta fréttarinnar varð ég hugsu yfir myndinni sem fylgdi henni. Hún sýndi tölfræði frá ríkislögreglustjóra um hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara sem kærðir

hafa verið fyrir kynferðisbrot á þremur síðastliðnum árum. Samkvæmt myndinni eru kynferðisbrot sem ákært er fyrir í u.þ.b. 90% tilfella framin af erlendum ríkisborgurum. Og þótt blaðamaðurinn hafi ekki náð að færa gild rök fyrir þeirri tilgátu að útlendingar eru helstu glæpamenn landsins, ljúga tölur frá ríkislögreglustjóra ekki.

En viti menn, á blaðsíðu 4 í Fréttablaðinu næsta dag, sunnudag, birtist leiðrétting um að hlutfall erlendra og íslenskra ríkisborgara hefði vaxið í fréttinni. Hlutfall erlendra ríkisborgara sem ákærðir hafa verið vegna kynferðisbrota er u.þ.b. 10% en ekki 90% eins og myndin sýndi. Ekki var beðist velvirðingar á þessum mistökum. Hversu margir þeirra sem lásu fréttina ætli hafi líka lesið leiðréttinguna? Hversu margir vita að 90% nauðgara eru ekki útlendingar þegar þeir hitta útlending á förnum vegi?

Kynferðisafbrot eru meðal alvarlegustu glæpa. Hlutfall erlendra ríkisborgara sem ákærðir eru vegna kynferðisbrota hefur hækkað um 1% frá ári til árs síðastliðin þrjú ár. Þetta er áhyggjuefni. En á sama tíma hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað gífurlega og fjölgun kynferðisglæpa sem framdir eru af útlendingum fylgir sem betur fer ekki mannfjölguninni.

Útlendingar eru meira áberandi í samfélaginu í dag og ekki er skrítið að allt sem þeim viðkemur er fréttmæmt. En ef blaðamenn sjá sóma sinn í því að fara rétt með tölur og upplýsingar og bera saman epli og epli, þá gefst lesendum tækifæri á að draga sínar eigin ályktanir. Hvað vakir fyrir blaðamanninum þegar hann skrifar þessa frétt og hvað vakir fyrir fjölmiðlum sem birta svona frétt?

Höfundur er formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna.

Rekstur framhaldsskóla og talning nemenda

UMRÆÐAN

Menntamál

Undanfarin ár hefur Erfið rekstrarstaða framhaldsskóla oftar en ekki komið upp í tengslum við gerð fjárlaga. Árum saman var viðvarandi rekstrarhalli á framhaldsskólum landsins vegna ónógra fjárveitinga en skólameisturum hefur tekist að bæta þessa stöðu töluvert án þess að grundvallar-breyting hafi orðið á fjárveitingum til skólanna.

Skólameistarar hafa sýnt það að þeir eru ábyrgir forstöðumenn sem þekkja, betur en aðrir, þær leiðir sem færar eru til að hagræða í rekstri, án þess að skerða þjónustugildi verulega. Síðustu árin hafa þeir hagrætt öllu því sem hagræða má í rekstri skólanna. Menntamálaráðuneytið hefur á sama tíma haft uppi burði til að lagfæra ýmsar skekkjur og ójafnvægi í fjárframlögum til skólanna sem reikniformúlur og stuðlar reiknilíkansins hafa valdið. En betur má ef duga skal. Ójafnvægið er allt of mikið og reglum og stuðlum í líkani er of oft breytt án nokkurs fyrirvara né samráðs.

Villur í reiknilíkani

Í reiknilíkani fyrir framhaldsskólana á að meta á sanngjarnan hátt þætti í rekstrinum sem þýngstir eru. Nuna er m.a. tekið tillit til húsaleigu, hita, rafmagns, endurnýjunar búnaðar, launa og launatengdra gjalda og einnig er gert ráð fyrir mismunandi viðmiðum varðandi hópastærðir eftir því hvaða nám er í boði. Gerð er krafa um ákveðna nýtingu og eru fjárframlög

Framhaldsskólarnir eru vel reknir þrátt fyrir allt of litlar fjárveitingar og þröngar skorður gamaldags laga og reglugerða.

skert ef hún fer undir viðmið. Allt er þetta nauðsynlegt til að meta raunverulegan kostnað sem fylgir þjónustu skólanna. Reiknilíkanið er því í eðli sínu gott. Það er tæki til að skipta fjármunum á sem réttlátastan hátt og í raun eina tækið sem við höfum til að meta kostnað af rekstri framhaldsskólanna. Aldrei má leika vafi á því að inn í það fari sem réttust gögn. Það skiptir öllu fyrir tiltrú á reiknilíkani á þar verði metnir á faglegan hátt, og sem réttast, allir þeir rekstrarliðir sem fylgja skólastarfinu. Það er óásættanlegt að enn séu villur í reiknilíkani sem allir vita um en enginn gerir neitt í.

Það er veikleiki í kerfinu að ekki skuli gert ráð fyrir afleysingu vegna tilfallandi forfalla kennara og hve háar kröfur eru um hópastærðir. Hægt væri að skapa mun meiri festu í skólastarfinu ef fjármagn fengist til að greiða fyrir forfallakennslu.

Vanmetnir rekstrarþættir

Tökum dæmi um stóra rekstrarþætti sem eru verulega vanmetnir í reiknilíkani: Launatengd gjöld eru metin of lágt. Yfirleitt skeikar þar hálfu til einu prósentu og vantar þar allt að 0,7% í rekstrarkostnað. Gert er ráð fyrir í reiknilíkani að kennsluskylda sé 24 kennslustundir á viku. Allir vita að þetta er röng tala. Eftir að breytingar urðu á kjarasamningum árið 2001 hækkaði meðalkennsluskylda nokkuð en hún hefur frá þeim tíma verið á bilinu 22,5 til 23,0 klst/viku. Hér munar að meðaltali 1 til 1,5 klst/viku eða sem svarar rúmlega 6% af



MÁR VILHJÁLMSOON

launakostnaði kennara sem vegur ríflega 4% af rekstrarkostnaði skólanna. Í reiknilíkani er byggingarkostnaður metinn allt of lágt. Ekkert húsnæði verður byggt í dag fyrir þá upphæð. Þessi skekkja hefur síðan áhrif á aðra þætti í reiknilíkani eins og endurnýjun búnaðar sem er ákveðið

hlutfall af stofnkostnaði. Í reiknilíkani er lítið tillit tekið til gjörbreytingar á íslenskum skólum í kjölfar upplýsingabyllingarinna. Það skapar skólunum mikil vandræði að fjármagn til kaupa á búnaði sé ekki miðað við herra hlutfall en um 6% af stofnkostnaði. Í reiknilíkani er lítið tillit tekið til viðbótarlífeyrissparnaðar starfsmanna þó svo að flestir ríkisstarfsmenn nýti sér í dag þann möguleika. Hér er einnig um að ræða veruleg útgjöld hjá skólunum eða allt að 2 til 2,5% af launakostnaði þeirra. Það vita allir um þessa skekkju.

Á forsiðu Fréttablaðsins 19. nóvember var frétt þess efnis að menntamálaráðuneytið hefði krafist nokkra skólameistarar um útskýringar á röngum upplýsingum um nemendafjölda og að um háar fjárhæðir væri um að ræða. Ég þekki ekki til þessara tilteknu mála en bendi á að fjárveiting til skólanna er háð fjölda þeirra nemenda sem eru í fullu námi. Skólar skipuleggja næsta skólaár að vori og innritað er í júní. Mannaráðningur, skipting í námshópa, stundatöflugerð, stuðningur og raunar allt skipulag skólastarfsins er háð innrituninni. Talning ársnemenda í reiknilíkani byggir hins vegar á fjölda þeirra sem ljúka prófi í lok ánnar. Við þetta er eingöngu stuðst þó svo að vitað sé að skólarnir meta námsárangur nemenda með miklu fjölbreyttari hætti.


Framhaldsskólarnir vel reknir

Mælingin er framkvæmd að loknu kennslutímabili og það þrátt fyrir að í upphafi skólaárs, eða anna, eru teknar þær ákvarðanir um kostnað sem skipta mestu. Það er síðan innbyggt í líkanið að ekkert fjármagn fæst fyrir þá nemendur sem hætta námi áður en kemur að prófum. Allir sem starfa í skólum vita að veruleg vinna fylgir þeim nemendum sem eru í hættu að hverfa frá námi. Það er eins og að bíta í skottið á sjálfum sér að ætla að draga úr brottvarpi með því að greiða ekkert fyrir þá sem flosna upp úr skóla. Oft eru það aðrir þættir, utan skólanna, sem ráða því hvort nemandi lýkur námi. Það á tvímælalaust að greiða fyrir alla nemendur skólanna sem samþykktir hafa verið. Búið er að koma upp ágætu tæki til að telja nemendur og áætla nemendafjölda næstu ára. Nú vantar bara að gera breytingu á reiknilíkani sem tekur tillit til fjölda þeirra sem fá þjónustu.

Framhaldsskólarnir eru vel reknir þrátt fyrir allt of litlar fjárveitingar og þröngar skorður gamaldags laga og reglugerða. Aðhald í rekstri skólanna hefur þó náð því marki að auðvelt er að benda á bein áhrif þess á þá þjónustu sem við veitum unga fólkinu. Það finna allir fyrir þessu og skólameistarar ekki síst.

Bæði menntamálaráðuneytið og fjárveitingavaldið þurfa að taka á þessum málum áður en óraunhæfar kröfur eru gerðar til skólameistarar. Þessar stofnanir verða að setja sér viðmið um þá þjónustu sem skólunum er ætlað að sinna og veita síðan eðlilegum upphæðum í þá starfsemi.

Höfundur er rektor Menntaskólans við Sund.



tveir fiskar

RESTAURANT



a

Jólahlaðborð í hádegini alla virka 3.400 kr.

Jólahlaðborð á kvöldin sunnudag til fimmtudags 4.900 kr.

Jólahlaðborð föstudaga og laugardaga 5.400 kr



a

Borðapantanir í síma 561 1111 / 511 3474
Einnig má senda tölvupóst á 2fiskar@2fiskar.is
www.restaurant.is

Matreiðslumaðurinn Þórarinn Eggertsson býður til Jólaveislu á 2 Fiskum, Vegna fjölda áskoranna höfum við ákveðið að vera með jólahlaðborð hjá okkur á 2 fiskum. (Þórarinn kemur til með að töfra fram jólabrögðin og ilminn alla daga vikunnar og koma okkur öllum í jólaskapið) (Þórarinn er þekktastur fyrir árangur sinn í matreiðslumaður ársins 2005 þar sem hann sigraði og svo aftur í Norðurlandamóti matreiðslumanna þar sem hann endaði í öðru sæti)

SKIPT UM SÍUR

Bjarni Guðni Jóhannesson, framkvæmdastjóri Bíla-áttunnar, útskýrir hvaða hlutverki síurnar gegna sem skipt er um þegar smurt er.

BÍLAR 2



FRIDUR Í VIÐEY

Eva María Þórarinsdóttir er markaðsstjóri hjá Eldingu sem stendur fyrir kvöldsiglingum út í Viðey alla daga.

FERÐIR 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-18.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is
Ræturhóli 2 110 Rvk
Sími: 535-8000



Tómas Hafþór Bollason er ritstjóri og útgefandi tímaritsins 100+1 sem fjallar um miðbæ Reykjavíkur í allri sinni dýrd.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ævintýr á mjódekkjum

Ritstjóri tímaritsins 100+1 mætti örlögum sínum þegar hann fór einsamall á mjódekkja keppnishjólum umhverfis Ísland á björtum sumarnóttum.

„Ég hafði verið að hugsa hvert ég stefndi, því senn verð ég fertugur, svo það greip mig just-do-it-fflingur,“ segir Tómas Hafþór Bollason, ritstjóri og útgefandi tímaritsins 100+1, sem 22. júní klukkan 6 árdegis lagði hjólandi af stað hringinn í kringum landið.

„Ég var í ágætu líkamlegu formi, en enn betra andlegu formi, sem skiptir miklu því svona ferðalag er andleg raun,“ segir Tómas sem frá Reykjavík hjólaði fyrst til Víkur; alls 190 kílómetra.

„Fyrsti áfanginn gekk rosalega vel og ég var kominn í Vík um klukkan sjö þar sem ég gisti á Edduhótelu. Ég ákvað að hrást ekki í tjaldi af því ég ætlaði hratt yfir og vildi hvílast í góðum rúmum eftir erfið,“ segir Tómas sem næst hjólaði frá Vík að Skaftafelli í Óræfum.

„Ég kom vindblásinn í Skaftafell úr miklu sandroki á Mýrdals- og Skeiðarársandi, og gisti í sex kjoja sumarhúsi í Bólta, þar sem fyrir var japönsk stúlka, en svo bættust við tveir Frakkar og Spánverji. Þeim þótti skrytið að hitta Íslending á hjóli, en voru öll í ævintýraleit eins og ég,“ segir Tómas sem næst hjólaði til Hafnar í góðviðri og eftir náttstað þar mætti

sínum erfiðasta kafla frá Höfn til Egilsstaða.

„Ég lagði alltaf snemma morguns af stað því þá var logn. Þegar inn í Hamarsfjörð kom síðdegis tóku við vegaf framkvæmdir svo ég gekk meira og minna inn í Berufjarðarbotn þar sem ég hitti kvenfélagskonur við þrif á götustikum hjá afleggjaranum upp Óxi. Þær sögðu svolítinn vind á toppnum svo ég ákvað að halda áfram til Egilsstaða í einni lotu, þótt klukkan væri orðin tíu um kvöld,“ segir Tómas sem hóf eins og hálf tíma bratta göngu upp á toppinn.

„Uppi reyndist hávaðarok svo ég þurfti að teyma hjólið og alls hafði ég gengið 30 kílómetra þegar ég kom að Eiðum klukkan fjögur um morgun, þar sem ég safnaði kröftum næstu tvo daga,“ segir Tómas sem frá Egilsstöðum hjólaði í lotu til Akureyrar, þá að Laugabakka og þaðan heim til Reykjavíkur.

„Eftir hrakfarir eystra gekk mér vel, utan mikils mótvínds í Norðurárdal. Þá hringdi ég í þabba og sagðist mundu taka rútna heim. En þótt ég hafi stundum orðið pirraður finnst mér gaman að hafa farið þessa örlagaferð. Ég fékk hugmyndina að 100+1 í einverunni og styrktist í trú minni á sjálfan mig og eigin getu. Úr því ég gat hjólað hringinn hlaut ég líka að geta gefið út tímarit. Mér finnst gott að hafa gert þetta á fertugsárinu; þetta var mikil lífsreynsla sem þroskaði mig mikið.“

thordis@frettabladid.is

Púshkín og Jónas

Skáldakvöld verður í MÍR-salnum Hverfisgötu 105 í kvöld, miðvikudag 21.des., og hefst kl. 20.

Áslaug Agnarsdóttir, sviðstjóri í Landsbókasafni Íslands - Háskólasafni, flytur erindi um Alexander Púshkín, þjóðskáld Rússa, ævi hans og verk, en jafnframt hugar hún að því hvort einhverjar svipaða drætti megi sjá í lífi og skáldskap Púshkíns og þjóðskálds okkar Íslendinga, Jónasar Hallgrímssonar, en þeir voru nánast samtíðarmenn.

Jón Júlíusson leikari les upp íslenkar þýðingar á ljóðum Púshkíns og nokkur ljóða Jónasar. Að kaffihléi loknu verður sýnt brot úr heimildarmynd Púshkíns.

Aðgangur ókeypis.

Félagið MÍR,
Menningartengsl Íslands og Rússlands

5125050

Auglýsingasími

Mest lesið

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Alvöru dísil jeppar fyrir íslenskar aðstæður...

NÚ FYLGIR MEÐ KYRON
31" TOYO DEKK
& Dráttarbeiði



Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif

Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler

- 3 f öld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvvirk tölvustýrð miðstöð
- 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
- Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
- 31" TOYO dekk • Leðurvelistýri og leðurgirstöng
- Fjarstýrð þróaðlaus þjófavörn • Linsuáðalljós
- Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
- Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
- Hiti í sætum • Pakbogar • 6 hátalarar

...upplifðu ósvikinn kraft og fegurð

Bilabúð
Benna

Tangarhófa 8-12 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

SSANGYONG

Bílasalan Ós
Akureyri, sími 462 1430

Bílahornið hjá Sissa
Keflavík, sími 420 3300

Bílasala Vesturlands
Borgarnesi, sími 437 2100

Bílasala Austurlands
Egilsstöðum, sími 471 3005



Eyðsla í blönduðum akstri
aðeins 8,7 ltr.
á 100 km.



Bílaþjónusta Magga

Víðgerðarþjónusta - Smurþjónusta - Þústþjónusta - Hjólbarðarþjónusta - Bón og þvottur
sækjum og skilum bílam frítt fyrir alla okkar þjónustu

TILBOÐ

á umfelgun **3.495 kr.** og Alþrif **5.490 kr**

*tilboðið gildir út 2007

Hvaleyrarbraut 2, Hfj • Sími. 517 0350
Opíð. 9-18 og 9-16 á laugardögum



Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÖPAVOGI · SÍMI: 567 7360



Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is


Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólánámskeið.

Skráning í næsta námskeið er hafin

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is ekill@ekill.is

KERRUÖXKLAR Í ÚRVALI

og hlutir til kerru-smíða



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Síurnar vernda vélina

Alla bíla þarf að smyrja með reglulegu millibili, hvort sem þeir eru gamlir eða nýir. Ýmislegt er gert þegar farið er með bíla í smurningu og svarar Bjarni Guðni Jóhannesson, framkvæmdastjóri Bíla-áttunnar, því hvaða hlutverki síurnar gegna sem skipt er um þegar smurt er.

Bjarni segir að eingöngu olíusíurnar þurfi að skipta um í hvert skipti sem bíll kemur til smurningar en loftsíurnar í annað eða þriðja hvert skipti. „Þetta fer í raun eftir því hvað bíllinn tekur mikla drullu inn á sig,“ segir Bjarni og bætir við: „Það er reynt að blása loftsíurnar ef þetta er bara eitthvað lítið en annars þarf að skipta um þær. Ef þær eru orðnar mjög mettaðar þá eyðir bíllinn meiru.“

Bensínsíuna og miðstöðvarsíuna segir Bjarni að ekki sé skipt um oft en miðstöðvarsían er ætluð til að hreinsa loftið sem fer inn í farþegarýmið. „Olíusían mettað fyrst enda er hún í olíunni og tekur úr henni öll óhreinindi. Ef hún er orðin mettuð þá hleypir hún óhreinindunum í gegn og þau fara illa með vélina,“ segir hann.

Spurður hversu mikið framyfir áætlaðan kílómetrafjölda megi aka á milli smurninga, segir Bjarni: „Það er voðalega misjafnt hvað fólki er óhætt að aka marga kílómetra fram yfir. Smureiginleikinn í olíunni hverfur og þá fer vélin að skemmast þannig að það borgar sig ekki að bíða lengi með að smyrja.“

Þá segir Bjarni að þegar bíll komi í smurningu sé tékkað á öllu og tekur dæmi: „Rafmagnsgeymirinn er tékkaður, frostþolið, allar perur og fleira, þannig að í raun er þetta ekki bara smurning.“

sigidurh@frettabladid.is



Bjarni Guðni Jóhannesson, framkvæmdastjóri Bíla-áttunnar, heldur á olíusíu og gerir sig kláran í smurninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rafstilling ehf

startarar - altematorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



Árið 1924 kostaði Ford fólksbíll rúmar 33 þúsund krónur.

Bílaspeki

Vissir þú þetta um bíla?

- Hraðast tókst að skipta um vél í bíl í Ford Escort 21. nóvember 1985, en það tók aðeins 42 sekúndur.
- Ferrari-bílaaverkswiðjan framleiðir að hámarki 14 bíla á dag.
- Heimsins stærsti umferðarhnútur var á milli Parísar og Lyon árið 1980.
- Fyrsta bifreið veraldar var smíðuð 1668. Hún var tveggja feta löng og knúin gufuafl, smíðuð af belgískum jesúítapresti.
- Í Lúxemborg eru yfirfullstu vegir Evrópu, með 570 bíla á hverja 1.000 íbúa.
- Heimsins fyrsti kappakstur var haldinn í Chicago árið 1895.
- Árið 1924 kostaði Ford fólksbíll rúmar 33 þúsund krónur.
- Fyrsta bílatrygging veraldar var keypt í Westfield í Massachusetts árið 1897.

-þlg

Nýr 2007 Renault Master DCI 120 millilangur háþekju.

Skilrúm með glugga, plata í botni ofl.
Listaverð með þessum búnaði 3.688.000,- með vsk.
Okkar verð: 3.061.000,- með vsk
2.459.000,- án vsk.
Þú sparar 626.459 þúsund.
www.sparibill.is

Skúlagötu 17
Sími: 577 3344

Sendum frítt um land allt!

Felgustærðir: 15", 16" og 17"
Úrval jeppadekkja upp í 38"

JEPPADEKK.is



Föstu kvöldferðirnar út í Viðey verða farnar meðan logar á Friðarsúlunni, en að minnsta kosti sex þurfa að panta í hverja ferð, að sögn Evu Maríu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Siglt á vit friðar í Viðey

Meðan Friðarsúlan sendir geisla sína upp í himinhvolfið eru fastar ferðir á kvöldin út í Viðey með mótóbátum Eldingu. Einnig eru dagsferðir um helgar í allan vetur. Eva María Þórarinsdóttir veit meira.


„Við viljum gæða Viðey lífi og eftir að Friðarsúlan kom upp fannst okkur tilvalið að koma á föstum ferðum þangað klukkan átta á kvöldin,“ segir Eva María sem er markaðsstjóri hjá Eldingu. Hún segir marga hafa notfært sér ferðirnar í haust, meðal annars skólahópa og foreldrafélög. „Sumar ferðirnar hafa tengst friðarverkefni í skólunum og svo er þetta skemmtilegur túr fyrir fjölskyldur,“ segir hún og heldur áfram: „Viðey hefur verið dálítið gleymd síðustu árin og hingað til hafa bara verið áætluðarferðir þangað á sumrin en hún er tilvalinn áfangastaður allan ársins hring.“

Eva María segir lágmarksfjölda í ferðunum vera sex. Þó hafi verið farið fyrir færri undir vissum kringumstæðum. „Þetta er ekki nema fimm mínútna sigling en það er frábært að komast á svo stuttum tíma út úr borgaryrnum og finna friðinn í eyjunni. Viðey er heillandi staður og á kvöldin nýtur ljósadýrðin í landi sín vel þaðan,“ segir Eva María sem býður upp á heitan drykk í bátunum á heimleiðinni.

Nú verður slökkt á súlunni á miðnætti hinn 8. desember. Hverju skyldi það sæta? „Yoko Ono ákvað það,“ svarar Eva María. „Lennon fæddist 9. október og dó 8. desember þannig að dagsetningin sem slökkt er á ljósinu er táknræn fyrir



Skólahópar hafa heimsótt eyjuna að kvöldi til undanfarið.



Gestir Viðeyjar eru hvattir til að hugsa sér frið á 24 tungumálum.

dauða hans. Svona verður þetta á hverju ári. Reyndar verður kveikt aftur á gamlársdag og líklega á menningarnótt auk þess sem súlan verður látin lýsa fyrstu vikuna eftir jafndægur á vori,“ upplýsir Eva María og tekur fram að gaman sé að skoða undirstöðu friðarljósins þó slökkt sé á því. „Listaverkið er fallegt eitt og sér og grafið í það á 24 tungumálum,“ lýsir hún.

Viðeyjarstofa er lokuð almenn- ingi á kvöldin nema þeim gestum sem pantað hafa mat af jólahlaðborði. En Eva María segir Eldingu vera með helgaráætlun að degi til í



Ljósadýrðin í landi nýtur sín vel úr Viðey.

vetur og þá verði opið í Viðeyjarstofu. „Við stefnum að því að hafa fjölskylduvæna dagskrá í Viðeyjarstofu næstu sunnudaga með upp-lestri og söng,“ segir hún og bætur við. „Við erum að þreifa okkur áfram í þessum rekstri enda er þetta fyrsta árið okkar. Við finnum að erlendir ferðamenn eru spenntir fyrir eyjunni og Friðarsúlunni því margar fyrirspurnir berast frá erlendum ferðaskrifstofum svo ég tel ljóst að vinsældir Viðeyjar fari vaxandi.“

gun@frettabladid.is

Vetrarveisla á

Tenerife

Sértilboð!



- Ótrúleg sértíloboð á síðustu sætunum 29. janúar og 5. febrúar

verð frá aðeins

39.995 kr.*

Heimsferðir bjóða þér nú til glæsilegrar vetrarveislu á Kanaríeyjunni vinsælu Tenerife í lok janúar og byrjun febrúar. Tenerife, sem er stærst Kanaríeyjanna, býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn; fallegar strendur, glæsilega gististaði, fjölbreytta afþreyingu og stórbrotna náttúru. Við bjóðum glæsilegar ferðir á ótrúlegum kjörum og vinsæla gististaði.

Ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta og íbúða í boði á þessu verði!

Ótrúlegt verð

El Cortijo – íbúðir

Kr. 39.995

*) Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í viku, 29. janúar. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.

Kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð í viku, 29. janúar. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.

Aguamarina Golf - íbúðir

Kr. 43.895

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í viku 29. janúar. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.

Kr. 55.490

Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð í viku, 29. janúar. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.

Hotel Jacaranda

með hálfu fæði

Kr. 69.990

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði, 29. janúar, vikuferð. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.

Hotel Bahia Principe

með allt innifalið

Kr. 89.190

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með öllu inniföldu, vikuferð, 29. janúar. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099



Tilbúin í veturinn með North Ice

Frábær útivistar fatnaður vatnsheldur með **Air-Tex** öndun. Úlpa og buxur. **Kr. 19.500,-**

Innifalið! Tvönn nærföt þunn rakadræg og úr flís. Einnig fylgja með í kaupunum lúffur, húfa og trefill.



www.icefin.is - Nóatúni 17 - 105 Reykjavík - Sími 534 3177

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA

8-17



AUDI A4 SEDAN 130 HÖ Árg.'06. Ek. 21 þ.km Ssk. Nýsk. 4/06. Næsta sk. '09 Verð kr. 3.490.000 Vel búinn bíll.



NISSAN TERRANO II Árg.'99. Ek. 161 þ.km Nýsk. 2/99. Diesel, Ssk. 7 manna. Verð kr. 950.000 Einn eigandi.



NISSAN QASHQAI Árg.'07. Ek. 16 þ.km Nýsk. 4/07. Ssk. Verð kr. 2.790.000



BMW 3 320I Árg.'05. Ek. 10 þ.km Nýsk. 10/05. Ssk. Verð kr. 3.850.000. Áhv.3.800 þ. mån. afb. kr. 53 þ.



VW PASSAT COMFORT LINE/SKUTBÍLL Árg.'03. Ek. 89 þ.km Nýsk. 5/03. Ssk. Verð kr. 1.550.000.Áhv. 1.450 þ. mån. afb. kr. 24 þ.



VOLVO XC90 2.5 TURBO Árg.'05. Ek. 42 þ.km Nýsk. 1/05. Ssk. Verð kr. 4.400.000

Hekla Söluumboð
Njarðarbraut 13, 230
Reykjanesbæ
Sími: 420 5000
www.heklakef.is



Range Rover Vogue 3/2004, ek 74 þús. km. Ásett verð 6.990.000.- Lán 5.850.000.- ath öll skipti

Bilásala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is



Ford Ranger XLT, 4x4 Turbo Diesel. Árg 4/2003, ek. 158 þ.km, beinsk. Dráttarkrókur. Einn eigandi frá upphafi, reglulega smurður. V. 1.240 þús. 100% Lán í boði. S. 567-2000 & 694-1323

Bilásalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



MINI COOPER SUPERCHARGE árg.'06, ek 13 þ km, Ssk, Harman/Kardom hjómkerfi, Leður, 17" Álfelgur, Verð 3.590 þ TILB. 3.100 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 110445 S. 567 2700



CHRYSLER 300C árg 4/05 ek 29 þ km, 249 Hö, ssk, umboðsbíll, 20" Krómfelgur, Verð 3.990 þ TILB. 3.590.þ á 20" Felgum eða 3.290 þ á 18" Felgum áhv 2.981 þ Nánari uppl á www.arnarbilar.is RN: 110001 S. 567 2700



AUDI A6 AVANT árg 4/07, ek 12,þ km, 2.0 TFSI 170 hö. 7 gíra multitronic ssk, Topplúga, Aksturtölva og margt fleira, Verð 4.990 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is RN: 110832 S: 567 2700

Arnarbilar ehf
Gylfahlöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is



M.Benz ML320CDI, árg. 2007, ek.25þús. km, Diesel, Verð Tilboð 6290þús.kr, Verð áður 6800þús.kr.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is



X Motos Super Pit
Mótorcrosshjól, 250cc, 5 gíra dirt bike, hæð sætis 90cm, hæð undir pönnu 32cm, upside down temparar stillanlegir. Verð 267.000



Híppar
Á afmælistilboði 298 þús. með götu-skráningu. 250 cc, með fjarstarti, þjófavörn, rollbar, töskum, litur: svart.



Ítalskar vespur
50cc með fjarstarti og þjófavörn, ABS bremsukerfi, breið dekk, 4 litir. Verð 188 þús. með hjálmi, götuskraingu og boxi að aftan.

Mótor og sport ehf
Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
Sími: 567 1040
Eigum til á lager 80cc kitt í vespur. Kr. 34.000.-
www.motorogsport.is



Nýr Daihatsu Terios jepplingur. 1.5L 103 hp. eyðsla 7.5L/100km. Verð frá 2.290.000. www.X4.is



Nýr Daihatsu Materia 1.3L 91 hp, eyðsla 6.6L/100 km. Fæst einnig með 1.5L vél og 4x4. Verð frá 1.990.000.-www.X4.is



Nýr Daihatsu Trevis 1.0L 59 hp., eyðsla 4.8L/100km. Verð frá 1.690.000.-www.X4.is



Nýr Daihatsu Sirion2. 1.0L 69 hp., eyðsla 5.0L/100km. Fæst einnig 1.3L og 1.5L vél. Verð frá 1.590.000.-www.X4.is



Nýr Daihatsu Cuore. 1.0L 69 hp., eyðsla 4.4L/100km. Verð frá 1.376.000.-www.X4.is

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
Opíð virka daga 10-18
www.x4.is



HYUNDAI TUCSON 4X4 V6, árg.'06. Ssk. Ek. 11 þ.km Verð 2.490 þús. Rnr. 104016. Til sölu og sýnis hjá Heimsbílum, Kletthálsi 2, s. 567 4000. Sjá fleiri myndir www.heimsbilar.is



BMW 540 - Leður, árg 11/96. Ssk. Ek 161 þ.km. Ásett 1.290 þús. Tilb. 990 þús. Áhvilandi 690 þús. Afb 31 þús. Rnr. 103125. Til sölu og sýnis hjá Heimsbílum, Kletthálsi 2, s. 567 4000. Sjá fleiri myndir www.heimsbilar.is



HONDA ACCORD SEDAN 2,4 EXECUTIVE, árg 3/06. Ssk. Ek. 31 þ.km. Verð 2.990 þús. Áhvilandi 2.100 þús. Afb 38 þús. Ný kominn úr 30 þ.km skoðun. Rnr. 103783. Til sölu og sýnis hjá Heimsbílum, Kletthálsi 2, s. 567 4000. Sjá fleiri myndir www.heimsbilar.is

Heimsbilar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Til sýnis og sölu á Heimsbílum Kletthálsi 2 S: 567-4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is

Bílar til sölu



EIGENDASKIPTI ÖKUTÆKJA Á VEFNUM
Nú er hægt að læra eigendaskipti og skrá meðeigendur og umráðamenn bitreiða rafrænt á vef Umferðarstofu, www.us.is.



22.500 á mánuði.
Toyota Yaris 1,3 sol, árg. '07, 5 dyra, 5 gíra, ekinn 15 þús. Uppl. í síma 845 0438.



Toyota Corolla árg.'98 Ek. 122 þ. Bsk. Nýsk. Þjón. smurbók. Góður bíll. V. 450 þ. S. 895 8956



AH ÖLL SKIPTI
BMW Z4 2003. Einn með öllu. td Sport og Premiumpakka. 17" felgur, ný vetrardekk. Leður.Cruise.M-Sportfjórðun. Skriðvörn."Skotheld"blæja. ofl ofl. Tjón og reyklaus. ek 70þúskm. Þessi er ROSALEGUR! Ásett verð 3590þús. Áhvilandi ca. 3mills, afb. 43 þús á mån. Fyrsta afborgun 15janúar 2008.Uppl. í s. 867 8797



Reyfarakaup á verkmiðjuútsölum með lægri dollari! 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús, pallbílar frá 1990þús. Nýjir/ Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Citroen Berlingo Van á kaupleigu 2 lítra dísel 90HÖ hiti í sætum, Sumar- og negld vetrardekk og krókur S: 8980250 svg@internet.is



Toyota Yaris 1300 VVTi árg. 2005 ekinn 26 þ. 5 dyra 5 gíra. Lán 1150. Uppl. í s. 898 2811.



100% Lán 100% Lán 100%Lán
Toyota Yaris Terra árg. 2005 ekinn 53 þ. 5 dyra 5 gíra. Verð 1050 fyrsta greiðsla í Jan. 2008. Uppl. í s. 898 2811.

BÍLAR TIL SÖLU




Mercedes-Benz Sprinter 315 double cab
Millilangur, fastur álpallur, beinskíptur, 150 hö, 7 manna.
Til í þremur lengdum.
Verð 3.100.000* kr. án vsk.



Mercedes-Benz Sprinter 315 sendibíll
Millilangur, sjálfskíptur, 150 hö, 3 manna.
Verð 3.850.000* kr. án vsk.



Mercedes-Benz Sprinter 318 sendibíll.
Langur, sjálfskíptur, 184 hö, 3 manna, vel útbúinn.
Verð 4.150.000* kr. án vsk.



ASKJA - Atvinnubílar - Skútastrauni 2a - 220 Hafnarfirði Sími 590 2100
*Verð miðað við gengi 26. sept. 2007

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 6.955 -0,02%	Fjöldi viðskipta: 946 Velta: 13.960 milljónir
MESTA HÆKKUN	MESTA LÆKKUN
↑ CENTURY ALUM. +6,33%	↓ EIK BANKI -2,84%
↑ ICELANDAIR +3,23%	↓ MAREL -1,65%
↑ FL GROUP +2,32%	↓ ATORKA -1,36%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVIÐTÖLU: Atorka 10,14 -1,36% ... Bakkavör 58,00 +1,05% ... Eimskipafélagið 36,60 -0,81% ... Exista 27,25 -1,27% ... FL Group 22,10 +2,32% ... Glitnir 24,95 +0,20% ... Icelandair 25,60 +3,23% ... Kaupþing 914,00 -0,22% ... Landsbankinn 37,90 -0,26% ... Straumur-Burðarás 16,00 -0,31% ... Össur 97,50 -0,41% ... Teymi 6,29 -0,95%

viðskipti

Umsjón: MARKADURINN [nánar á visir.is](http://nánar.ao.visir.is)



HÚS Í REYKJAVÍK Greiningardeild Landsbankans spár því að verðbólga muni aukast um 0,5 prósentustig í desember.

Spá verðbólgu aftur á flug

Gangi spá greiningardeildar Landsbankans eftir mun verðbólga aukast um 0,5 prósentustig í desember. Tólf mánaða verðbólga mun þá mælast 5,7 prósent samanborið við 5,2 prósent í nóvember. Verðbólgan yrði sú hæsta síðan í mars árið 2007 þegar verðbólgan var 5,9 prósent.

Húsnæðisverð hefur mest áhrif til hækkunar spárinnar. Nýjar vaxtahækkunar á íbúðalánum hafa þau áhrif að reiknuð húsaleiga, sem er sá liður í vísitölu neysluverðs sem vegur þyngst, hækkar til skamms tíma þar sem vextirnir eru vegnir inn í útreikning liðarins. Hins vegar er gert ráð fyrir að fasteignaverð muni lækka þegar liður á næsta ár, þegar markaðsverð á húsnæði bregst við hærri vöxtum.

Þá er einnig búið við nokkurri hækkun á matvöru, eldsneyti og á öðrum liðum í desember.



DEILUR Noregur og ESB deila enn um eldislaxinn.

Enn deilt um laxinn

Evrópusambandið (ESB) braut alþjóðlegar viðskiptareglur, að mati Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, þegar það ákvað að leggja sérstakan toll á innfluttan eldislax frá Noregi. Stofnunin úrskurðaði þó ekki að ESB þyrfti að leggja tollinn niður.

Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, sagði við þarlenda fjölmiðla að meginatriðið væri að stofnunin hefði í öllum aðalatriðum úrskurðað Noregi í vil.

Peter Mandelson, viðskiptastjóri ESB, fagnaði því hins vegar að stofnunin gerði ekki kröfu um að tollurinn skyldi lagður af.

Báðir aðilar geta áfrýjað úrskurðinum.

Tollurinn kom í raun í veg fyrir að Norðmenn gætu flutt þangað lax sem kostaði minna en 2,8 evrur á kíló. Írar og Skotar studdu það á sínum tíma að tollurinn skyldi settur á, þar sem þeir óttuðust að ódýr norskur lax ógnaði þeirra eigin framleiðslu.

Sextíu prósent af norskum eldislaxi eru seld í löndum ESB.

- ikh

Gróði Icebank dregst saman

Icebank skilaði 65 milljóna króna hagnaði á þriðja ársfjórðungi samanborið við 4,4 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Hagnaður á hvern hlut dróst saman úr 6,42 krónum í fyrra í 0,06 krónur á hlut.

Mikill vöxtur einkenndi starfsemi Icebank á þriðja ársfjórðungi að því er fram kemur í tilkynningu. Sérstaklega hafi viðskipti við önnur fjármálafyrirtæki aukist. Heildareignir bankans jukust um rúma áttatíu milljarða króna í ársfjórðungnum eða um 68,7 prósent. Skýrist það aðallega af auknum útlánunum og kröfum á fjármálastofnanir og afleiðusamningum við viðskiptavinum.

Hagnaður bankans á fyrstu níu mánuðum ársins nemur 4,3 milljörðum króna samanborið við 6,2 milljarða á

síðasta ári. Hreinar vaxtatekjur jukust um 66 prósent á milli ára á meðan hagnaður af verðbréfaeign dróst saman um tæp fimmtíu prósent. Munar þar mestu um lækku á gengi bréfa í Exista, sem bankinn á 2,5 prósentu hlut í.

Icebank er sérhæfður í heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi gagnvart sparisjóðum, innlendum og erlendum fjármálafyrirtækjum og öðrum stærri fyrirtækjum. Allir sparisjóðir landsins eru hluthafar í Icebank. Með stærstu hlutina eru SPRON, Byr, Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Mýrasýslu.

- hhs

FINNUR SVEINBJÖRNSSON, BANKASTJÓRI ICEBANK Icebank skilaði 65 milljóna króna hagnaði á þriðja ársfjórðungi.



Falleg og vönduð borðstofuhúsgögn í úrvali



CUBIC húsgagnalínan

Borðstofuborð	69.900,-
Skenkur	59.900,-
Borðstofuskápur	59.900,-
Sjónvarpsskápur	39.900,-



SWS106



SWS111

Ef þú kaupir Cubic borðstofuborð, skenk, borðstofuskáp og sjónvarpsskáp færð þú 6 stk. af SWS106 eða SWS111 stólum í kaupauka.*

*Verðmæti kaupauka allt að 12.990kr pr/stk.

Gildir til 27. nóvember eða á meðan birgðir endast. Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR
SÖNGKONA ER 42 ÁRA Í DAG.

„Ég er svo mikið nörd að ég hefði ekkert á móti því að vinna í plötubúð eða vera með útvarpsþátt þar sem ég gæti spilað tónlist eftir mínu höfði.“

Björk Guðmundsdóttir, tónskáld og söngkona, er meðal frægustu núlifandi Íslendinga.



PETTA GERÐIST: 21.NÓVEMBER 1929

Skáldið Marilyn French fæðist

Amerískri rithöfundurinn Marilyn French fæddist þennan dag.

Hún er þekktust fyrir feminísk skrif sín og hefur komið með mjög róttækar skoðanir á karlveldinu í Bandaríkjunum í ritum sínum.

Skáldsagan Kvinnaklósettið, sem kom út árið 1977, er sennilega frægasta bók French en þar lýsir hún kvennabaráttunni á sjötta og sjöunda áratugnum í Bandaríkjunum í gegnum aðal-söguhetjuna Val. Þegar dóttur Val er síðan nauðgað í sögunni koma fram hin ódauðlegu orð; Allir karlmenn eru nauðgarar. Með því meinar hún að þeir nauðgi konum með augnaráði og líti að eins á þær sem kynverur, nauðgi þeim með laga-



setningu þar sem konur fá lægri laun fyrir sömu vinnu og kynferðisafbrotamenn komast alltof oft upp með slíka glæpi og með glerpakinu sem útilokar konur frá stjórnunarstöðum.

Þessi orð hafa fylgt French alla tíð síðan og verið tíðrædd í kynjafræði.

Einnig opnaði bókinn að einhverju leyti umræðu um kynferðisbrot, sem voru að miklu leyti þöggud í hel á þessum tíma, og olli því heilmiklu fjaðrafoki.

French er enn við skriftir og af öðrum frægum verum hennar má einnig nefna Her Mother's Daughter sem kom út árið 1987 og Women's History of the World sem kom út árið 2000.

MERKISATBURÐIR

- 1272 Játvarður varð konungur Englands.
- 1620 Skipið Mayflower komst inn fyrir Þorskhöfða með pílgríma sem stofnuðu þar Plymouth-nýlenduna í Bandaríkjunum.
- 1694 Franski heimspekingurinn Voltaire fæddist. Hann lést árið 1778.
- 1931 Fyrsta leikritið var flutt í Ríkisútvarpinu. Þar voru leiknir kaflar úr Bóndanum á Hrauni eftir Jóhann Sigurjónsson.
- 1974 George W. Bush var rekinn úr bandaríska flughernum.
- 1993 Fjölvarpíð hóf göngu sína. Þar var sjónvarpað erlendum stöðvum í samvinnu við Stöð 2.

tímamót

timamot@frettabladid.is

KVIKMYNDIR.IS: FAGNA TÍU ÁRUM MEÐ NÝJUM VEF OG FORSYNINGU BJÓLFSKVIÐU

Markmiðið að verða aftur helsti kvikmyndavefur landsins

„Markmið síðunnar er að verða aftur helsti kvikmyndavefur landsins og leiðandi á því sviði,“ segir Þráinn Halldór Halldórsson, einn af þremur umsjónarmönnum síðunnar www.kvikmyndir.is sem fagnar tíu ára afmæli á morgun með forsyningu á Bjólfskviðu og glænýrri heimasíðu.

Notendur eru um þrjátíu þúsund talsins og vefurinn hefur að geyma eitt stærsta gagnasafn um kvikmyndir á Íslandi að sögn Þráins Halldórs. Auk þess býður síðan upp á gagnrýni, þar sem notendur geta líka sjálfir skrifað eigin gagnrýni, sinnt stjórngjöf, farið inn á spjallsvæði og skoðað plaköt og myndbrot.

„Á nýju síðunni ætlum við bjóða upp á vefsíónvarp með viðtölum og umfjöllun um kvikmyndir. Stefnan er að greina allar kvikmyndir sem við fjöllum um, til hlítar, vera með umfjöllun um leikara og aðra sem koma að kvikmyndinni, auk þess sem notendur geta stofnað aðdáendasiður,“ útskýrir Þráinn Halldór sem segir síðuna vera hugsaða sem viðbót við aðra kvikmyndagagnrýni á Íslandi.

Félagarnir sem reka síðuna eru miklir áhugamenn um kvikmyndir eins og gefur að skilja. Að sögn Þráins Halldórs er einn þeirra á leið í kvikmyndanám, annar þeirra þegar komin í kvikmyndaskóla en sjálfur stundar hann nám í viðskiptafræði sem aukagrein við Háskóla Íslands og stefnir á nám í Austur-Asíufræðum en segir þó aldrei að vita hvort hann endi í kvikmynda-bransanum þegar fram líða stundir.

Þráinn Halldór hefur séð gríðarlega margar kvikmyndir í gegnum tíðina, en segir þó teljandi á fingrum annarrar handar þær kvikmyndir sem hann hefur dálæti á og Hollywood er alls ekki efst á lista.

„Ég held mikið upp á evrópskar og asiðskar myndir. Þar get ég til dæmis nefnt uppáhaldsmyndina mína, hina suðurkóresku The Old boy eftir Chan-wook Park, en síðan get ég einnig nefnt, Elephant eftir Gus Van Saint og ítalsku kvikmyndin La Vita è bella eftir Roberto Benigni,“ segir Þráinn Halldór sem ætlað ásamt félögum sínum hjá Kvikmyndasíðunni að bjóða til forsyningar á Bjólfskviðu í tilefni dagsins í Kringlunni á morgun.

„Þeir sem hafa áhuga geta sent



KVIKMYNDAGURÚ Þráinn Halldór Halldórsson einn af forsyrmönnum síðunnar www.kvikmyndir.is eyðir dagöldum tíma í bíó.

okkur póst á webmaster@kvikmyndir.is og fengið þá tvo miða á forsyningu Bjólfskviðu í Kringlubíói á morgun, fimmtudag kl. 17.30,“ segir Þráinn

Halldór sem stefnir á að bjóða notendum upp á glænýja og glæsilega síðu seinnipart vikunnar. www.kvikmyndir.is
rh@frettabladid.is



60 ára afmæli

Guðmundur P. B. Ólafsson

Vestmannaeyjum.

Par sem ég verð 60 ára, 27. nóvember nk. þætti okkur hjónum vænt um að sjá sem flesta í Kiwanishúsinu á laugardaginn, 24. nóvember, klukkan 20.00.

Pura Stína og Gummi.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Pétur Magnússon

Háaleitisbraut 16, Reykjavík,

lést á Landspítalanum hinn 20. nóvember. Jarðarför auglýst síðar.

Aðstandendur.



Elskaður eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdasonur, bróðir, mágur og svili,

Ásgeir Einarsson,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi hinn 7. nóvember sl. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 23. nóvember kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á reikning barna hans 0526-14-102707 kt: 130347-3479 eða heimahjúkrun Karitas eða aðrar líknarstofnanir.

Linda Björk Hávarðardóttir
Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson
Kristófer Ásgeirsson
Viktoría Ásgeirsdóttir
Einar Brynjólfsson
Hávarður Emilsson
Kristinn Þór Einarsson
Brynjart Einarsson
Gunnar Hávarðarson
Guðlaugur Hávarðarson

Friður Hlín Sæmundsdóttir
Margrét Kristjana Daniélsdóttir
Steinunn Björg Ingvarsdóttir
Steinunn Olga Einarisdóttir
Katría Ísaksdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbregð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ingibjargar Sæunnar

Jóhannsdóttir

ljósmóður, Blesastöðum, Skeiðum.

Guð blessi ykkur öll.

Sigurður Hermannsson
Kristín Hermannsdóttir
Guðrún Hermannsdóttir
Sigriður M. Hermannsdóttir
Hildur Hermannsdóttir
Elin Árnadóttir
Vilmundur Jónsson
Hjalti Árnason
Jónas H. Jónasson
Kristján Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir mín, amma og langamma,

Karólína Pétursdóttir

Hjallaseli 55 (Seljahlíð) áður til heimilis að Bogahlíð 13,

lést laugardaginn 17. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Pétur Þór Jónsson
Karólína Pétursdóttir
Elena Kristín Pétursdóttir
Arna Hildur Pétursdóttir
Örn Einarsson
Þorvaldur Magnússon
Ragnar Börkur Ragnarsson
barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,


Stefánía Lórá Erlingsdóttir,

Vatnsnesvegi 29, Keflavík,

sem lést á Tenerife miðvikudaginn 7. nóvember, verður jarðsöngur frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 22. nóvember kl. 14.00.

Sigurður Sverrir Einarsson
Sigurður Júlíus Sigurðsson
Helga Ellen Sigurðardóttir
Ólafía Þórey Sigurðardóttir
Ásta Rut Sigurðardóttir
Pálína Hildur Sigurðardóttir
Marta V. Svavarsdóttir
Benjamín Guðmundsson
Hallgrímur I. Guðmundsson
Þórhallur Sveinsson
Rafnkvell Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

ÞROSKASAGA ÞÓRBERGS



Fátækt, háleitar hugsjónir og litrík ástarævintýri

Í *ÞP – í fátæktarlandi* leitast Pétur Gunnarsson við að endurskapa þroskasögu Þórbergs og leitar víða fanga, ekki aðeins í útkomnum verkum heldur líka ríkulegu óbirtu efni: sendibréfum, dagbókum og óútgefnu ævisöguhandriti. Hér er dregin upp mynd sem á eftir að koma nýjum sem gömlum aðdáendum Þórbergs á óvart.

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Bónus- vinningur

43

milljónir

LANG STÆRSTI BÓNUS- VINNINGUR ÍSLANDS- SÖGUNNAR?

Potturinn stefnir í 50 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 200 milljónir og nú er komin upp sú skemmtilega staða að þú getur hugsanlega unnið bónuspott upp á heilar 43 milljónir. Ekki gleyma að vera með, nældu þér í áskrift.

Fáðu þér miða fyrir kl. 17
í dag eða taktu séns á
að missa af þessu!

V Í K I N G A
LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

STUÐ MILLI STRÍÐA: In your face, Flanders

FREYR GÍGJA GUNNARSSON HELDUR UPPTÆKNUM HÆTTI



Hverjum manni er nauðsynlegt að huga að heilsu sinni. Við eigum jú bara eitt líf, eitt hjarta og svo framvegis. Og því var stungið upp á því í mínum heimabæ að senda mig í hjartaskoðun í Kópavoginum. Áhyggjurnar höfðu hrannast upp sökum holdafarsins og hinir sjálf-skipuðu sérfræðingar töldu nokkuð víst að ég væri gangandi tíma-sprengja, kransæðar og blóðsykur hlytu að vera langt yfir hættumörkum. Eftir töluverðar fortölur var ákveðið að láta slag standa, halda í skoðunina fyrir ofan Smáralindina og sjá hvort að heimalærðu hjarta-læknarnir hefðu eitthvað til síns máls. Skoðunin var nokkuð hefð-

bundin; fyrst hjartalínurit þar sem maður hamaðist við að slaka á og reyndi að rifja upp öndunaræfingar frá tantra-þætti Guðjóns Bergmanns og svo vigtun en þær niðurstöður eru og verða alltaf hernaðarleymarmál. Loks blóðtaka og maður reyndi að vera eilítið svalur þó að blessaða nálin stingi alltaf jafn merkilega mikið.

Niðurstaðanna var að vænta innan tveggja vikna og andvöku-næturnar hrönnuðust upp. Skyldi maður bara vera deyfður á staðnum og sendur rakleitt inn á bráðamóttöku þar sem maður yrði lagður undir hnífinn? Væri maður virkilega svo illa haldinn eins og allir töldu að maður yrði bara fluttur rakleidis inn á spítala með bláu

ljósunum og sírenu? Læknirinn var hvorki miðaldra né með grá augu heldur ungur og grannur sem fylgdi eftir nákvæmum bæklingum á veggnum um heilsusamlegt líf. Ég reyndi að fylgjast með hverri andlitsshreyfingu hans í von um að geta greint niðurstöðurnar og beið eftir að sjúkraliðar kæmu inn, skelltu mér í gólfíð með látum, bentu á einhverja mynd af of feitum manni og segðu: „Þú ert einn af þeim!“ En læknirinn brosti sínu breiðasta, sagði mér að hætta reykingum og að ég mætti ekki þyngjast meira. Annars væri allt í himnalagi. Og þegar ég gekk út og horfði yfir byggingar-kranana var mér hugsað til gula bróður míns sem hrópaði hátt: „In your face, Flanders.“

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli




Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Hefurðu séð huldufólk?

Hver er staða huldufólks í samtímanum? Eru sögurnar geymdar í bókum uppi í hillu eða er enn til fólk sem sér og hefur samskipti við huldufólk? Unnur Jökulsdóttir ferðaðist um landið og hitti fjölda fólks til að fræðast um þessi mál. Í bókinni er að finna vitnisburði og mannlýsingar ofnar inn í persónulega ferðasögu Unnar.

Þessi bók er fölskvalaus og hlýleg frásögn af ferð Unnar Jökulsdóttur á vit hulduheima þjóðsagnanna en líka nýrra sagna og huliðsvera nútímans – hún reynir jafnvel sjálf að skyggast inn í huldufólksbústaði með aðstoð konu sem sér fleira en flestir.

Unnur Jökulsdóttir er meðal annars þekkt fyrir frásagnir sínar af siglingum um heimshöfin og metsölubókina *Íslendingar*. Hún sýnir hér enn og aftur hve vel henni lætur að lifa sig inn í framandi heima og lýsa af einlægni því sem fyrir augu ber.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



kl. 17.15

Bergþór Pálsson les upp úr nýútkominni bók sinni, *Vinamót: um veislur og borðsiði, á Amtsbókasafninu á Akureyri í dag kl. 17.15. Bókin kemur út á heppilegum tíma ef tillit er tekið til þess veisluþjófnaðs sem landsmenn eiga fram undan næsta mánuðinn eða svo og því kjörið að kynna sér hana nánar á upplestrinum í dag.*

Íslandsvinur í Salnum

Liene Circene, framúrskarandi lettneskur píanóleikari, kemur fram í Tíbrá, tónleikaröð Salarins í Kópavogi, í kvöld. Tónleikarnir verða þeir síðustu á velheppnaðri tónleikaför hennar, en hún hefur ferðast um Kanada og Bandaríkin undanfarnar vikur.

Liene Circene er Íslendingum að góðu kunn, en hún lék í fyrsta sinn á Íslandi í októbermánuði árið 2003 og vakti þá verðskuldaða athygli fyrir fagaðan leik, leiftrandi flutning og frábæra túlkun og tækni.

Ári síðar lék Liene Circene á opnunartónleikum Salarins 7. september 2004 við glimrandi undirtektir áheyrenda sem og gagnrýnenda og í mars árið 2005 lék hún einleik á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Nú er Liene Circene komin til landsins enn á ný og heldur einleikstónleika í Salnum. Að þessu sinni hefur hún í farteskinu glænýja sónótu eftir ungt lettneskt tónskáld, Edgar Raginski, undur-



samlegar vöggvísur eftir ýmsa samlanda sína, novelettu eftir Schumann og þrjú argentínska dansa eftir Ginastera. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og miðaverð er 2.000 krónur.

-vp

> Ekki missa af ...

sýningu á þeim verkum sem tilnefnd voru til íslensku byggingarlistaverðlaunanna í ár. Sýninguna má sjá á Kjarvalsstöðum og hefur sýningartími hennar verið framlengdur til 24. nóvember. Fer því hver að verða síðastur að berja augum þessi útvöldu verk.

menning

menning@frettabladid.is

FJALAKOTTURINN

Hedda Gabler
eftir Henrik Ibsen

SÝNT Í TJARNARBIÓI

Fimmtud.	22.nóv	Örfá sæti laus
Föstud.	23.nóv	Örfá sæti laus
Laugard.	24.nóv	Örfá sæti laus
Fimmtud.	29.nóv	
Föstud.	30.nóv	
Laugard.	1.des	
Fimmtud.	6.des	
Föstud.	7.des	
Laugard.	8.des	

SÝNINGAR HEFJAST KL. 20:00

Miðasalan er opin alla daga frá kl. 17:00-20:00
Sími miðasölu er 551 2477
Einnig bendum við á að miðar eru seldir á www.midi.is

Almannaheill í fyrirrúmi

Stofnun um almannaheill, sem er samstarfsverkefni myndlistarmannanna Olgu Bergmann og Valgerðar Guðlaugsdóttur, yfirtekur Nýlistasafnið um helgina næstu.

Stofnuninni er skipt í sex deildir sem hver sér um sitt svið almennrar velferðar. Á deildum stofnunarinnar eiga sér stað fagurfræðilegar og vísindalegar rannsóknir á lífsstíl, lífsviðhorfum, líftækni og fleiru sem settar eru fram á fræðandi og aðgengilegan hátt á sýningunni.

Ýmis stofnanabákn veittu listamönnum innblástur við hugmyndasmíð sýningarinnar að sögn Olgu. „Það eru til ótalmargar stofnanir sem sinna velferðarmálum, bæði innan þjóðríkja og á heimsmælikvarða. Slíkar stofnanir eru kannski ekki beinar fyrirmyndir stofnunar okkar Valgerðar, en þær eru vissulega mjög fyrirferðarmiklar í almennri þjóðfélagsumræðu. Á sýningunni rýnum við í samtímann og skoðum hvaða hlutverk stofnanir og hugmyndir um almannaheill leika í lífi okkar.“

Olga segir að stofnunin virki sem nokkurs konar rammur utan um verk sem þær Valgerður hafa unnið að undanförunu. „Stofnunin hefur verið að þróast í nokkurn



FORSVARSMENN STOFNUNAR UM ALMANNAHEILL Listamennirnir Olga Bergmann og Valgerður Guðlaugsdóttir bera hag þjóðarinnar fyrir brjósti.

tíma. Við veltum fyrir okkur hugmyndinni um vellíðan, sem að sjálfsögðu er algjör lykilþáttur í almennri velferð, sem og þverfaglegri nálgun á viðfangsefni okkar. Þessa nálgun má sjá í deildunum sex sem fyrirfinnast í stofnuninni, en hver þeirra nær til ákveðins sviðs almannaheilla. Þessi sérhæfing gerir okkur kleift að nálgast hugmyndina um velferð almennings út frá ólíkum sjónarhornum.“

Nýlistasafnið verður innlimað í stofnunina meðan á sýningu stendur. Olga segir það afar viðeigandi þar sem listasöfn starfa almennt í þágu almennings með því að bjóða upp á andlega næringu og nýjar hugmyndir. „Ætlun okkar með þessari stofnun er sú að fólk sem

sækir hana heim upplifi raunverulega vellíðan og snúi heim á leið endurnært á sál og líkama. Því má líta á þessa sýningu sem hálfgerða heilsulind; við komum meðal annars til með að bjóða upp á lista- og samskiptameðferðir fyrir gesti. En við reynum líka að vekja fólk til umhugsunar um hlutverk stofnana í lífi okkar og hvort þær breiðu lausnir sem þær bjóða gjarnan upp á séu í raun það sem okkur er fyrir bestu. Stofnanir reyna stundum að hafa vit fyrir almenningsi og því er mikilvægt að fólk velti starfsemi þeirra dálítið fyrir sér.“

Stofnunin verður formlega opnuð af frú Vigdísí Finnbogadóttur næstkomandi laugardag klukk- an 16.

vigdís@frettabladid.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30-18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30-20.00.

Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Frelsarinn Gestasýning fim. 22/11
Hamskiptin Lau. 24/11 örfá sæti laus
Konan áður Lau. 24/11, sun. 25/11
Skilaboðaskjóðan Fös. 23/11, örfá sæti laus, sun. 25/11 (tvær sýn.) uppselt
Barnasýningin Gott kvöld Sun. 25/11
Óhapp! Lau. 24/11 örfá sæti laus
Hjónabandsglæpir Fös. 23/11 uppselt

DIDDU
BJARNI THOR
AGUST
SIGRÍÐUR

ÓPERUPERLUR

FÖSTUDAGINN 23. NÓV. KL. 20
LAUGARDAGINN 24. NÓV. KL. 20

WWW.OPERA.IS
MIÐASALA 511 4200



ÍSLENSKA ÓPERAN



MANNESKJUR Í NÁTTÚRUNNI Brot úr verki á sýningunni í Galleríu dvergi.

Egg í dvergnum

Fjórir ungir myndlistarmenn, þau Frímang Kjerúlf, Gunnar Theodór Eggertsson, Helga Björg Gylfadóttir og Raketel Jónsdóttir, opna sýningu í Galleríu dvergi, Grundarstíg 21, næstkomandi laugardag. Sýningin ber titilinn „Maðurinn er alltaf egg“.

Þetta er í fyrsta sinn sem listamennirnir vinna sem ein heild og afraksturinn er innsetning þar sem blandað er saman hljóð- og myndbandsverkem.

Lagt var upp með grunnhugmyndir varðandi samskipti mannvunnar við náttúruna, fortíðina og hverfandi kjarna mannlegrar tilvistar. Listamennirnir hafa spunnið út frá þessum hugmyndum, saman og hver í sínu lagi, í von um að koma á sambandi við hvers kyns ólíka krafta.

Sýningin verður opin til 2. desember.

-vp

Ólíkindatól í tónum

Verkin sem flutt verða á tónleikum Símfónuhljómsveitar Íslands annað kvöld tengjast öll persónum sem mætti kalla ólíkindatól.

Tónlist Griegs við leikrit Ibsens um Pétur Gaut er einhver ástsælasta leikhústónlist sem saminn hefur verið.

Hljómsveitin hefur fengið Gunnar Eyjólfsson leikara sér til fulltingis, en hann mun rekja söguþráðinn í stuttu máli og flytja brot úr verkinu.

Söngkonan Guðrún Ólafsdóttir tekur þátt í flutningnum og bregður sér bæði í hlutverk hin-



GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR

ar trygglyndu Sólveigar og hinnar arabísku Anítru.

Hljómsveitin flytur einnig hljómsveitarverk eftir Richard Strauss sem hann byggði á þjóðsögum um þýska grallarann Ugluspegil sem var uppi á 14. öld.

Enn er ónefnt verk Rússans Modests Mussorgskíj, Nótt á nornastóli, sem flutt verður á tónleikunum.

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30.

-vp

Tíu skífuþeytarar á plötu Tómasar R.

Tónlistarmaðurinn Tómas R. Einarsson heldur tónleika á Domo í kvöld til að fagna plötunni Rommtomtechno sem kemur út 29. nóvember. President Bongo úr GusGus fékk við gerð plötunnar tíu skífuþeytara frá fimm löndum til að endurhljóðblanda lög af þremur latínplötum Tómasar, sem hafa selst í yfir sjö þúsund eintökum. Þátttakendur voru Thor, Jack Schidt (DJ Margeir), Electric Screwdriver, Trabant, Matthías MD Hemstock, GusGus, Namito, Tom Pooks, Moonbootica og Mark Brydon úr hljómsveitinni Moloko. Afraksturinn er Rommtomtechno; rímixdiskur þar sem techno, latínáhrif og fönk renna saman í urrandi partísveiflu.

Gunnar Konráðsson, ungur kvikmyndagerðarmaður sem hefur nýlengið gerð heimildarmyndar um Kúbu og hefur einnig gert myndband við tónlist söngkonunnar Lay Low, gerði myndband við endurhljóðblöndum Marks Brydon af laginu Jörfagleði og er hægt að horfa á það á síðunni www.myspace.com/tomasreinarsson.



TÓMAS R. EINARSSON Tómas R. heldur tónleika á Domo í kvöld.

Á tónleikunum á Domo, sem hefjast klukkan 21, spilar sjö manna hljómsveit Tómasar lög af latínplötum hans og eftir það fær nýja platan að hljóma.

Viðureign þýðanda

Elísa Björg Þorsteinsdóttir, þýðandi og kennari, segir frá þýðingu sinni á bókinni Mæling



DANIEL KEHLMANN Ungur þýskur rithöfundur sem sló í gegn með bók sinni Mæling heimsins.

heimsins eftir Daniel Kehlmann í stofu 101 í Odda á morgun kl. 16.30. Bókin hefur trónað á toppi þýska metsölulistas vel á annað ár og verið ein af vinsælustu skáldsögum á Íslandi síðan hún kom út í september síðastliðnum.

Bókin er að mestu skrifuð í viðtengingarhætti og reyndist því snúin í þýðingu. Í framsögu sinni fjallar Elísa meðal annars um hvernig hún leysti þá glímu og einnig hvernig hún tókst á við þá þraut að finna íslensk nöfn á ýmis tæki og tól sem koma fyrir í bókinni en hafa ekki áður verið þýdd.

-vp



SOFIE GRÅBØL Aðalleikkona sjónvarpsþáttanna Glæpurinn.

Glæpurinn sigraði ekki

Aðstandendur dönsku sjónvarpsþáttaraðarinnar Glæpurinn, sem sýnd er á sunnudagskvöldum í Ríkissjónvarpinu, fóru tómhentir heim frá afhendingu alþjóðlegru Emmy-verðlaunanna sem haldin var í New York á mánudag.

Breska þáttaröðin Gatan, sem sýnd var í Sjónvarpinu fyrr á árinu, hlaut verðlaunin fyrir bestu leiknu þáttaröðina og batt þar með enda á sigurgöngu danskra sjónvarpsþátta sem hafa sópað að sér verðlaunum undanfarin ár.

„Þetta er að sjálfsögðu frekar svekkjandi þar sem okkur finnst þátturinn okkar virkilega góður og honum hefur verið vel tekið um allan heim. En við urðum að lúta í lægra haldi fyrir dæmigerðri breskri drama-þáttaröð,“ sagði Piv Bernth sem er einn framleiðenda Glæpsins.

-vp

Fræðslukvöld fyrir innflytjendur

Fræðslukvöld verða haldin fyrir innflytjendur en námskeiðin eru samvinna sérfræðinga hjá Alþjóðahúsi og Landsbankanum. Námskeiðin eru opin öllum án endurgjalds og verða kennd á íslensku en eitt markmið námskeiðanna er að flétta saman íslenskukennslu og fjármálafræðslu.

Fræðslukvöldin hefjast kl. 20

Dagskrá fræðslukvölda:

15. nóv.	Aðalbanki	Greiðslumiðlun og lántaka	
22. nóv.	Mjóddin	Tryggingar og sparnaður	á morgun
29. nóv.	Laugavegur	Tryggingar og sparnaður	

Wieczory nauki dla obcokrajowców

Wieczory nauki są przeznaczone dla obcokrajowców a zajęcia są wynikiem współpracy pomiędzy Centrum Międzynarodowym Alþjóðahús a bankiem Landsbanki. Kursy są bezpłatne i otwarte dla wszystkich. Zajęcia są prowadzone po islandzku a jednym z celów tych zajęć jest połączenie nauki języka islandzkiego z nauką o finansach.

Wieczory nauki rozpoczynają się o godz. 20

Program wieczorów nauki:

15 listopada.	Bank Główny (Aðalbanki)	Negocjacje finansowe i pożyczka	
22 listopada.	Mjóddin	Ubezpieczenia i oszczędności	jutro
29 listopada.	Laugavegur	Ubezpieczenia i oszczędności	

Financial Instruction Evenings for Newcomers to Iceland

Landsbanki and the Intercultural Centre (Alþjóðahús) have jointly arranged Thursday evenings information sessions for newcomers to Iceland. Open to all without charge, the evening sessions, held in Icelandic are intended to combine basic language instruction with information on financial matters.

All sessions start at 8:00 pm.

Schedule for upcoming weeks:

15 Nov.	Landsbanki Main Branch	International payment transfers and loans	
22 Nov.	Landsbanki in Mjódd	Insurance and savings	tomorrow
29 Nov.	Landsbanki on Laugavegur	Insurance and savings	

ISLENSKA SÍMUN 11.2007

Skráning og nánari upplýsingar eru á www.landsbanki.is eða í síma 410 6856

Zapisy i bliższe informacje na stronie internetowej www.landsbanki.is lub pod numerem tel. 410 6856

To enrol for the sessions or obtain further information, contact www.landsbanki.is or telephone 410 6856.



Landsbankinn



Vinningar veða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS kúbbi 149 kr/skýtið.

SENDU SMS **BTC EAV**
Á NÚMERIÐ **1900** OG
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

Vinningar eru DVD myndir,
varningur tengdur myndinni og margt fleira!



9
HVER VINNUR!

Evan
ALMIGHTY

Kemur í verðslanir 22. nóvember!



„Anderson Cooper myndi líklega vera með í því plani.“

LEIKKONAN RENÉE ZELLWEGER að lýsa fullkomnu kvöldi en Cooper er fréttamaður á CNN.



„Aparíkur!“

AMY WINEHOUSE var ósátt við að áheyr- endur hennar á tónleikum púuðu á hana.

„Hann þyrfti að vera með sætan rass – það væri mjög gott.“

Draumamaðurinn í augum söngkonunnar **JESSICA SIMPSON**.



fólk
folk@frettabladid.is

Pólverjar hrifnir af Hara

Þátttaka Hara-systranna Rakelar og Hildar Magnúsdætra í Laugardagslögum hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Aðdáendasiða þeim til heiðurs er í undirbúningi í Póllandi.

Eurovision-síður á borð við esctoday.com og oikotimes.com hafa gert þátttöku Hara-systranna Rakelar og Hildar í Laugardagslögum, forkeppni Eurovision, góð skil, og síðustu fregnir herma að aðdáendur þeirra í Póllandi hyggist opna sérstaka vefsíðu um gengi systranna. Rakel Magnúsdóttir, annar helmingur Hara-systra, hafði ekki frétt af því framtaki þegar Fréttablaðið hafði samband við hana. „Það eru sem sagt fleiri spenntir en við. Það er bara verst að þeir hafi ekki kosningarétt hér heima,“ sagði hún og hló við. Langt ferli fram undan Aðdáendahópurinn í Póllandi spratt upp eftir að Pólverjar búsettir hér á landi sendu disk þeirra systra yfir um haf, þar sem hann rataði í hendur meðlima í pólska Eurovision-klúbbum, að sögn Hallgríms Óskarssonar, höfundar Laugardagslags Hara-systra. „Þetta er stórskemmtilegt, en það er náttúrliga heilmikið ferli fram undan, og langt þangað til að það kemur í ljós hver fer til Serbíu,“ segir Rakel.

Athygli að utan

Þó að pólsku fréttirnar hafi ekki verið búnar að ná eyrum Rakelar segist hún þó hafa orðið vör við að erlendir miðlar sýni atriðinu athygli. „Gerard James Borg, Maltverjinn sem kemur að þessu með Hallgrími, er mjög þekktur í Eurovision-samhengi. Það hefur vakið athygli að hann sé að vinna með einhverjum stelpum í Hara – sem mér skilst að þýði reyndar kúkur á maltnesku,“ segir Rakel og hlær. Borg þessi er hönnuður og textahöfundur, en textar hans hafa oft komist á Eurovision-svið í hinum ýmsu borgum.

Langt náði hann árið 2002, þegar hann gerði textann við maltneska lagið 7th Wonder, sem hafnaði í öðru sæti.



DÁÐAR Í PÓLLANDI Þátttaka Hara-systra í Eurovision hefur vakið athygli út fyrir landsteinana og vefsíða þeim til heiðurs er í undirbúningi í Póllandi.

Handsnyrting á laugardag

Hara-systur koma fram í Laugardagslögum næstkandi laugardag, þar sem þær etja meðal annars kappi við Eurobandið, skipað miklum reynsluboltum úr Eurovision. Þær flytja lagið I Wanna Manicure, eða Mig langar í handsnyrtingu.

„Það myndna er nú að Hildur var ekki alveg viss á því hvað þetta þýddi og skildi ekki hvað það var alltaf verið að tala um handsnyrtingar,“ segir Rakel hlægjandi. „Það er búið að upplýsa hana núna, og við erum líka með á tæru hvað fót-snyrting heitir,“ bætir hún við.

sunna@frettabladid.is

Vill að fólk drekki rottumjólk

Heather Mills, sem þekktust er fyrir að vera eiginkona Pauls McCartney, berst nú fyrir því að Bretar bjargi jörðinni frá glötum, meðal annars með því að drekka rottumjólk. Mills segir að 80 prósent hlýnunar jarðar sé af völdum búfénaðar og því ætti fólk að hætta að neyta hefðbundinna mjólkurafurða. „Það eru til 25 aðrar tegundir af mjólk. Af hverju prófum við ekki að drekka rottumjólk, kattamjólk eða hundamjólk?“ spurði Heather á baráttufundi í London í fyrradag.

„Ég er ekki að segja fólk að hætta að neyta mjólkurafurða einn, tveir og þrír. En ef fólk hætti að drekka latté með kúamjólki þyrftum við kannski ekki að horfa upp á þetta,“ sagði Heather. Vegfarandur


í Hyde Park virtust ekki kippa sér mikið upp við baráttumál Heather heldur frekar að hún léti bera svona á sér: „Ég skil ekki að hún skuli gera þetta og kvarti svo yfir því að vera í sviðsljósinu,“ sagði hinn 25 ára Mark Clews í samtali við The Sun.

BARÁTTUKONA Heather Mills leggur til að fólk drekki rottu- eða kattamjólk til að stöðva hlýnun jarðar.

NORDICPHOTOS/GETTY



NÝ METSÖLUBÓK EFTIR MEISTARA SPENNUNNAR



Lisey Landon stóð í djúpu og stundum ógnvekjandi sambandi við Scott eiginmann sinn, frægan og dáðan metsöluhöfund – mann sem átti sér mörg leyndarmál.

Nú, tveimur árum eftir dauða Scotts, er komið að Lisey að mæta þeim illu öflum sem hann átti í höggi við.

„ÁHRIFAMIKIL ... Margbrotin saga um hjónaband og flóknar, sterkar tilfinningar sem vara út yfir gröf og dauða.“

The Washington Post

„ÁLEITIN ... Nærfærin, persónuleg bók sem leggur í stórfenglegt innra ferðalag.“

The New York Times



MÁL OG MENNING

www.forlagid.is

Aron Pálmi hélt stórt útgáfuteiti Red Hot í réttarsal

Fjölmargir lögðu leið sína á skemmtistaðinn Rex síðastliðinn föstudag til þess að samgledjast með Aroni Pálma Ágústssyni en þann dag kom út bók hans og Jóns Trausta Reynissonar, Enginn má sjá mig gráta – Aron Pálmi – Barn í fangelsi. Enginn var þó lengra að kominn en móðir Arons Pálma sem kom hingað til lands alla leið frá Houston í Texas til þess eins að vera viðstödd og hitta son sinn.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir helgi ákvað Aron Pálmi að lesa ljóð sín í fyrsta skipti hérlendis í útgáfuteitinu, en hann hefur ort ljóð allt frá því hann var dæmdur til fangelsisvistar og segir það eina bestu útrás fyrir tilfinningar sem hægt sé að fá. Gestirnir voru mjög



LAS LJÓÐIN SÍN Aron Pálmi er efnilegt ljóðskáld og las ljóð sín í fyrsta skipti hérlendis í útgáfuteitinu.



MEÐ MÖMMU Móðir Arons Pálma, Hulda Hermannsdóttir, kom alla leið frá Texas til að fagna útgáfu bókar um ævi sonar síns og styðja við bakið á honum.

hrifnir enda hefur Aron Pálmi hlotið mörg verðlaun fyrir ljóðlist sína í Lamar University, skólanum þar sem hann stundaði nám í Bandaríkjunum.

Móðir Arons Pálma hélt aftur til Bandaríkjanna á mánudag en Aron sagði í samtali við Fréttablaðið að

þau hefðu eytt tímanum í að „gera hversdagslega hluti sem við höfum ekki getað gert í tíu ár“.

Hljómsveitin Red Hot Chili Peppers hefur höfðað mál gegn fyrirtækinu Showtime Networks sem framleiðir sjónvarpsþáttaröðina Californication. Ástæðan er sú að þættirnir bera sama nafn og plata sveitarinnar sem kom út 1999.

„Californication er geisladiskur, myndband og lag frá ferli hljómsveitarinnar og að einhver sjónvarpsþáttur steli þessu einkennismerki okkar er einfaldlega rangt,“ sagði Anthony Kiedis, söngvari Red Hot Chili Peppers, í yfirlýsingu.

David Duchovny fer með aðalhlutverkið í Californication, sem fjallar um rithöfund sem fær ritstíflu á sama tíma og hann gengur í gegnum ýmis persónuleg vandamál.


Í þættinum kemur fram persóna sem heitir Dani California, sem ber sama nafn og smáskífulag hljómsveitarinnar frá árinu 2006. Þetta eru meðlimir The Red Hot Chili Peppers einnig afar ósáttir við.



RED HOT CHILI PEPPERS Hljómsveitin frá Kaliforníu hefur höfðað mál gegn framleiðendum Californication.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Móðir hinnar egypsku Zahara sem Angelina Jolie og Brad Pitt ættleiddu segist ekki vilja fá hana aftur. „Ég hef aldrei mótmælt ættleiðingunni,“ sagði móðirin. „Ég sagði það aldrei.“ Sagðist hún hafa yfirgefið heimili sitt fimm mánuðum eftir að Zahara kom í heiminn því hún átti ekki fyrir mat handa henni. Fregnir höfðu borist af því að hún vildi fá dóttur sína aftur en þær virðast hafa verið úr lausu lofti gripnar.



Klipparinn Peter Zinner, sem vann við fyrstu tvær Godfather-myndirnar, er látinn, 88 ára að aldri. Zinner var tilnefndur ásamt öðrum til óskarsverðlauna fyrir fyrstu Godfather-myndina árið 1972. Sex árum síðar hlaut hann óskarinn fyrir klippingu sína í The Deer Hunter.



Leikkonan Nicole Kidman óttaðist að lenda í bílslysi þegar paparazzi-ljósmyndari elti hana á röndum fyrir tveimur árum. Þetta sagði hún þegar hún bar vitni gegn ljósmyndaranum í dómsmáli sem hann höfðaði gegn dagblaði í Sydney sem hélt því fram að hann hefði elt leikkonuna á röndum. „Ég var dauðhrædd og óttaðist að það yrði slys,“ sagði Kidman. „Þessi maður hefur elt mig mjög oft.“



Scott Weiland, söngvari Velvet Revolver, hefur skrifað undir útgáfusamning vegna sjálfsvæðisögu sinnar. „Þetta er skrítið. Þú býrð til fullt af plötum, semur helling af lögum en allt í einu ferðu í allt aðra átt. Maður er hálfhræddur við að prófa þetta,“ sagði Weiland, sem var áður í hljómsveitinni Stone Temple Pilots.



Tökum á bandarískri útgáfu af breska gamanþættinum Little Britain hefur verið frestað vegna verkfalls handritshöfundanna. Tökurnar áttu að hefjast í haust og er stefnt að frumsýningu á sjónvarpsstöðinni HBO á næsta ári. „Augljóslega vildum við ekki brjóta verkfallið þannig að við biðum bara eftir að þeir nái samkomulagi,“ sagði Matt Lucas, annar af höfundum Little Britain. „Við höfum lagt mjög hart að okkur. Við höfum skrifað handritið jafnt og þétt í átta mánuði og erum mjög spennir fyrir útkomunni.“



www.volkswagen.is

Enginn smá lúxusbíll



Vönduð vetrardekk fylgja með!

Polo kostar aðeins **17.490 kr. á mánuði*** með alvöru 6 þrepa sjálfskiptingu

Volkswagen kann þá list að sameina ósamrýmanlega kosti. Polo er með 6 þrepa sjálfskiptingu eins og býðst í lúxusbílum, ótrúlega rúmgóður, nettur og lipur en á sama tíma sterkur og traustur. Þannig nýtist hann fullkomlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður, í borgarumferðinni og á vegum úti, hvað sem á dynur.



* Miðað við 30% útborgun og bílasamning (myntkórú) til 84 mánaða. Árlæg hlutfallstala kostnaðar er 4,5%. Verð 1.750.000 kr.



> Hemmi Gunn skoraði síðast á Parken

Það er óhætt að segja að íslenska landsliðið hafi ekki riðið feittum hesti frá viðureignum sínum við Dani á Parken. Þar hefur Ísland ekki skorað í 298 mínútur á meðan Danir hafa sett á okkur 15 mörk á sama tíma. Ísland hefur sex sinnum leikið gegn Dönum á Parken og hafa fimm leikir tapast og einu sinni náði Ísland jafntefli. Það var árið 1959 en Sveinn Teitsson skoraði mark Íslands í 1-1 jafntefli. Stærsta tapið er 14-2 árið 1967 og síðan var 6-0 tap í síðustu viðureign við Dani á Parken einnig sárt. Hermann Gunnarsson skoraði síðast fyrir Ísland á Parken en það var fyrir 40 árum síðan í 14-2 leiknum fræga.



sport
sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSMAÐURINN VIGNIR SVAVARSSON: ÆTLAR AÐ HÆTTA HJÁ SKJERN OG YFIRGEFA DANMÖRKU

Vignir væntanlega á leið til Þýskalands

Vignir Svavarsson, landsliðsmaðurinn sterki úr Skjern, hefur ákveðið að yfirgefa herbúðir Skjern eftir þetta tímabil. Vignir samdi á sínum tíma við liðið til þriggja ára og rennur samningur hans út nú í sumar.

Hann lék fyrstu tvö árin undir stjórn Arons Kristjánssonar sem nú er þjálfari Hauka en nú stýrir Ryan Zinglensen liðinu sem er í 4. sæti, með jafnmörg stig og Íslendingaliðið GOG sem þeir Ásgeir Örn Hallgrímsson og Snorri Guðjónsson leika með.

Liðin eigast einmitt við í dag og sagðist Vignir vera spenntur að mæta félögum sínum úr landsliðinu og lofaði hörkuleik. Vignir hefur verið að leika geysilega vel fyrir Skjern í vetur og er sjötti markahæsti leikmaður dönsku deildarinnar.

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Vignir hafa verið að bræða þetta með sér í þó nokkurn tíma og að forsvarsmenn Skjern hafi lagt hart að honum um að framlengja um eitt ár og boðið honum mjög góðan samning. Það hafi verið vissulega góð tilfinning að vera vel liðinn en nú væri hins vegar

kominn tími á breytingar og landsliðsmaðurinn hefur ákveðið að beina sjónum sínum að Þýskalandi. „Það eru nokkur þýsk lið sem hafa sýnt áhuga og ég er bara að skoða þessi mál í rólegheitunum,“ segir Vignir sem vildi að öðru leyti ekkert tjá sig um málið, sagði þetta allt vera bara á góðu róli.

Vignir kveðst þó vera ánægður með dvölina í Danmörku þessi þrjú ár, liðinu hafi gengið ágætlega núna og honum hafi liðið vel inn á vellinum og fundist hann vera að leika vel á þessu tímabili. En hann sé nú reiðubúinn að takast á við nýja áskorun. Og í Þýskalandi sé spilaður besti handboltinn með bestu leikmönnum.

Fram undan er síðan Evrópukeppnin í Noregi en Vignir hefur átt fast sæti í landsliðshópi Alfreds Gíslasonar. Hann segist að sjálfsgöðu vilja berjast fyrir áframhaldandi veru sinni í liðinu enda sé Evrópumótíð án nokkurs vafa eitt stærsta handknattleiksmótið.



HAM
Verð á mann í tvíbýli frá
49.300 KR.
WEST BIRMINGHAM
8.-10. FEBRÚAR 2008
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjöldmargir leikir framundan, s.s. á móti Chelsea, Blackburn og Portsmouth.

+ Nánari upplýsingar:
www.icelandair.is/ithrottaferdir



Fyrstu mínútur leiksins mikilvægar

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari segir gríðarlega mikilvægt fyrir Ísland að fá ekki á sig mark á fyrstu 20 mínútum leiksins gegn Dönum í kvöld. Takist það opnast möguleikar fyrir íslenska liðið. Þó svo leikurinn hafi lítið vægi segir Ólafur að hann skipti miklu máli fyrir sig og íslenska landsliðið.

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið í knattspyrnu leikur lokaleik sinn í undankeppni EM 2008 í Kaupmannahöfn í kvöld. Ísland hefur aldrei unnið Dani í A-landsliði karla og hefur oft farið illa út úr heimsóknnum sínum á Parken en nýi landsliðsþjálfarinn er bjartsýnn fyrir leikinn. Ólafur var kátur að vanda á fundi með íslensku blaðamönnum í gær.

„Ég tel góða möguleika á góðum úrslitum í þessum leik ef ég geng út frá því hvernig leikmennirnir haga sér. Því lengur sem við getum haldið markinu okkar hreinu því meiri möguleiki er á því að þeir verði pirraðir og fari kannski að gera einhverjar vitleysur. Fyrstu 20 mínúturnar verða ábyggilega mjög erfiðar. Því lengur sem við höldum út og fáum ekki á okkur mark því meiri verða möguleikarnir,“ sagði Ólafur á umræddum fundi.

Ólafur segir veikleikana ekki marga hjá danska liðinu en helst hafi vörnir þeirra verið að klinka.

„Mér hefur ekki fundist varnarleikurinn hjá danska liðinu vera mjög öflugur. Þeir hafa verið í vandræðum með vörnina sína og hafa verið að skipta mönnum mikið út. Þeir eru sterkir fram á við og mjög sterkir á miðjunni. Þeir spila flottan fótbolta og vilja halda boltanum,“ sagði Ólafur á blaðamannfundinum í gær.

Ólafur segir slakt gengi Dananna geti bæði komið sér vel og illa. „Þeir eru hundsvekkir og særðir að hafa ekki komist áfram. Stundum er gott að mæta liði sem á engan möguleika en stundum er það vont. Maður veit það aldrei



KLÁR Í SLAGINN Ólafur Jóhannesson var í essinu sínu á Parken í gærkvöld. Hann var í kunnuglegum klæðnaði með vettlinga, húfu og að sjálfsgöðu skeiðklukkuna góðu. Ólafur stýrir landsliðinu í fyrsta skipti í kvöld. NYHEDSAVISEN/MARTIN SYLVEST


fyrirfram. Það er vissulega möguleiki á því að þeir komi með hangandi haus og meti það að leikurinn skipti engu máli. Svo geta þeir líka tekið hinn pólinn í hæðina og mætt til þess að verja sína æru og sitt stolt og ætli sér því að leggja sig fram í þennan síðasta leik,“ sagði Ólafur í gær en hann segir engan vafa vera á að þessi leikur skipti íslenska landsliðið miklu. „Leikurinn skiptir miklu máli fyrir okkur og ég legg hann þannig upp,“ segir Ólafur sem er ánægður með hvernig til tókst með undirbúninginn.

„Við vildum hafa aðeins fleiri æfingar til þess að kynna mönnum. Við höfum bara verið að spila fótbolta og leika okkur. Ég hef samt gengið á menn og spjallað aðeins við þá. Þeir hafa gefið mikið af sér og ég er mjög sáttur með það,“ sagði Ólafur sem einbeitt sér aðallega að varnarleikum. „Við höfum reynt að fara vel yfir hann og kannski svolítið á kostnað sóknarleiksins. Það er ágætt að þegar maður kemur nýr inn í svona hóp að vera ekki að koma of mikið af nýjum hlutum inn í einu. Það er þægilegra að koma með færri hluti inn og menn geta þá náð að einbeita sér að þeim. Hlutirnir ruglast oft ef menn eru að fara yfir of margt,“

segir Ólafur sem ætlar að flýta sér hægt í að bæta leik íslenska landsliðsins sem er að koma til baka eftir tvo slaka tapleiki á móti Lettlandi og Liechtenstein.

Fjöldi Íslendinga verður á pöllunum í kvöld. „Ég er mjög sáttur við að Íslendingar ætli að fjölmenna á leikinn. Ég held að Maffan mín góða sé með árshátíð í kvöld (gær) og þeir mæta á leikinn. Við fáum örugglega mjög góðan stuðning,“ sagði Ólafur en leikurinn hefst klukkan 19.00 að íslenskum tíma og er í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sýn.

BYRJUNARLIÐ ÍSLANDS Í KVÖLD



EINBEITIR Gunnar Heiðar Þorvaldsson og félagar tóku vel á því þegar landsliðið æfði á Parken í gær. NYHEDSAVISEN/MARTIN SYLVEST

Ekki góðs viti að spila án Eiðs Smára Guðjohnsen:

Ekki unnið án Eiðs í síðustu 18 leikjum

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen verður ekki með íslenska landsliðinu í kvöld þar sem hann gaf ekki kost á sér vegna persónulegra ástæðna. Þetta er mikill missir fyrir liðið eins og sést vel á tölfræðinni.

Íslenska landsliðið hefur spilað 18 leiki án hans frá 2001 og enginn þeirra hefur unnist. Síðasti sigur án Eiðs Smára Guðjohnsen kom á Indlandsmótinu 13. janúar 2001 en Ísland vann þá 3-0 sigur á heimamönnum.

Síðan þá hefur íslenska liðið gert 9 jafntefli og tapað 9 leikjum án Eiðs Smára og markatalan er

skelfileg eða 9-32 mótherjum liðsins í dag.

Eiður Smári hefur misst af þremur útleikjum í keppni á þessum tíma og þeir hafa allir farið illa. Ísland tapaði 0-5 í Svíþjóð í júní, 1-3 í Svíþjóð í október 2005 og loks 0-4 í Króatíu í mars sama ár. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari vildi ekki mikið ræða missinn.

„Eiður Smári er ekki hérna og hann kemur þessu máli ekkert við. Auðvitað er alltaf slæmt að missa góða fótboltamann en það kemur maður í manns stað,“ sagði Ólafur á blaðamannafundi í gær. - 66j

Stórbrotin

og heillandi örlagasaga

Óreiða á striga er sjálfstætt framhald metsölubókarinnar *Karitas án titils* eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Hér er á ferðinni stórbrotin og kröftug þroskasaga konu, í senn viðburðarík, fyndin og sorgleg, enda hefur höfundur slík tök á lesendum að líkja má við galdur.



„Skáldsaga Kristínar Marju um örlög kvenna í upphafi 20. aldar er stórkostleg.“
Politiken

„Tilfinningaþrungið og nánast angurvært verk um ástina og þær byrðar sem hún getur lagt á þá sem elska.“
Buecher-magazin.de



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Landsbankinn



ICELANDAIR



512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Í KVÖLD KL. 18:30

DANMÖRK ÍSLAND

EM 2008



NÝR ÞJÁLFARI NÝIR TÍMAR?



Í KVÖLD KL. 21:00

Íslenska landsliðið

Rýnt í íslenska landsliðið
og stöðu þess eftir leikinn
gegn Dönum.

SYN
besta sætið

GOTT.FOLK

> Ewan McGregor

Ewan er mikill Star Wars-aðdáandi og því var hann að vonum glaður þegar honum var boðið hlutverk í myndinni Star Wars: Episode I - The Phantom Menace. „Ég horfði á fyrstu Star Wars-myndina aftur og aftur. Það var frekar fyndið að fá borgað fyrir það, því ég dáði myndina sem barn. Ég var vanur að segja við konuna mína: „Ég verð að fara og horfa á Star Wars-myndina aftur. Fyrirgefðu, ég hef bara ekki almennilega náð henni.“ Ewan leikur í Young Adam á Stöð 2 Bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ ÓVENJULEGRI FEGURÐARSAMKEPPNI *Pörf ádeila á fegurðardýrkun samfélagsins*

Það var gaman að fylgjast með heimildarmyndinni Óbeisluð fegurð sem var sýnd í Ríkissjónvarpinu á sunnudagskvöld. Myndin fjallar um óvenjulega fegurðarsamkeppni sem var haldin í Hnífsdal í vor þar sem þátttakendur voru fólk á öllum aldri og af öllum stærðum og gerðum. Keppendurnir voru af báðum kynjum og frá ýmsum þjóðernum þó svo að langflestir hafi verið Íslendingar.

Eftir að allir keppendurnir höfðu verið kynntir rækilega til sögunnar var komið að verðlaunaafhendingunni. Var hún algjörlega í takt við anda keppinnar, sem snerist um að allir væru jafnir fyrir Guði og mönnum, því nafn sigurvegarans var dregið upp úr hatt. Aldursforsetinn Ásta Dóra Egilsdóttir varð þess heiðurs aðnjótandi að hljóta titilinn Óbeisluð fegurð og var það vel við hæfi.



ÓBEISLUÐ FEGURÐ Ásta Dóra Egilsdóttir var krýnd Óbeisluð fegurð 2007 í Hnífsdal í vor.

Allir þeir sem tóku þátt í keppninni voru þó í raun og veru sigurvegarar því það hefur varla verið auðvelt fyrir marga þeirra að stíga þarna á sviði. Hugrekki þeirra er aðáunartvert og sýndu þeir og sönnuðu að fegurðin að innan er það sem skiptir mestu máli. Auk þess boðar það aldrei gott að taka sjálfan sig of háttíðlega enda var húmorinn aldrei langt undan.

Aðstandendur keppinnar eiga líka hrs skilið. Með framtaki sínu deildu þeir, án þess nokkurn tímann að predika, á fegurðardýrkun samfélagsins þar sem litíð er hornauga á alla þá sem falla ekki að þeim „stöðluðu“ fegurðarsjónarmiðum sem tröllríða öllu. Vonandi á þessi keppni eftir að festa sig í sessi um ókomin ár.

EKKI MISSA AF



21.35 The Closer Stöð 2



20.55 Liljur Sjónvarpið



20.00 Touching the Void Stöð 2 bíó



20.00 Hollywood Uncensored Sirkus



20.00 Less Than Perfect Skjár einn

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálfréttir
17.30 Fréttahaukar (3:6) Bresk gamanþáttaröð um fréttastöðvar í sífelldri leit að stórfréttum til að fylla út í dagskrá sína. e.
18.00 Disneystundin
18.01 Herkúles (37:56)
18.23 Sígildar teiknimyndir
18.30 Finni kostur (9:21)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Bráðavaktin (19:23) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
20.55 Liljur (2:8) Nýr breskur myndaflokkur. Þetta er þroskasaga þriggja katólskra systra í Liverpool sem hafa misst mömmu sína og feta sig áfram í lífinu á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld.
22.00 Tíufréttir
22.25 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Textað á síðu 888 í Textavarp.
23.10 Ensemble Intercontemporain á þritugu Hljómsveitin Ensemble Intercontemporain, sem Pierre Boulez stofnaði árið 1976, leikur verk eftir Arnold Schönberg, Pierre Boulez, György Ligeti og Olivier Messiaen. Einleikarar eru Petra Lang og Sophie Cherrier og stjórnendur Pierre Boulez, Peter Eötvös og Susanna Malkki. Endursýnt laugardaginn 24. nóvember kl. 13.05.
23.55 Kastljós
00.25 Dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Touching the Void
08.00 Looney Tunes. Back in Action
10.00 How to Kill Your Neighbor's D
12.00 Everyday People
14.00 Looney Tunes. Back in Action
16.00 How to Kill Your Neighbor's D
18.00 Everyday People
20.00 Touching the Void Touching the Void er átakanleg og sönn saga tveggja fjallaklifrara sem lentu í skelfilegum hremmingum á leiðinni á topp Siula Grande í Perú.
22.00 Ice Harvest
00.00 Young Adam
02.00 Disaster
04.00 Ice Harvest

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Oprah
08.55 Í finu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love (68.120)
10.15 Numbers (19.24)
11.10 Veggfóður
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Það var lagið (e)
14.20 Las Vegas (9.17)
15.05 Extreme Makeover. Home Edition (23.32)
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
19.25 The Simpsons (19.22)
19.50 Friends
20.15 Örlagadagurinn (25.31) Hany Hadaya tangódansari er gestur Sírnýr. Hany er fæddur í Austurríki og á ættir að rekja til Sírlands. Örlagadagur hans var þegar hann kom sem gestadansari til Íslands, kaldan og dimman janúardag árið 1988.
20.50 Grey's Anatomy (4.22) Komið er að fjórðu seríu Grey's Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema aumingja George, sem féll á lokaprófinu og verður nú að slást í hóp með nýju læknanemunum - sem eru laglega blautir á bak við eyrun. 2007.
21.35 The Closer NÝTT (1.15) Það er komið að þriðju seríu þessara geysilegu vinsælu þátta þar sem Kyra Sedgwick fer á kostum í hlutverki yfirlögleglukonunnar Brendu Leigh Johnson sem þarf stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni. Bönnuð börnum.
22.20 Oprah Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttardrotningu heims.
23.05 Stelpurnar
23.30 Kompás
00.05 Silent Witness (2.10)
01.00 Paid in Full
02.35 Dahmer
04.15 Grey's Anatomy (4.22)
05.00 The Simpsons (19.22)
05.25 Fréttir og Ísland í dag
06.20 Tónlistarmyndbönd frá PoppTÍVI

SÝN besta sætið

17.00 Gillette World Sport 2007
17.30 Meistaradeild Evrópu - Fréttabáttur
18.00 King of Clubs
18.30 Danmörk - Ísland EM 2008 - Undankeppni Bein útsending frá Parken þar sem Íslendingar sækja Dani heim í undankeppni EM 2008 en þetta er fyrsti leikur landsliðsins undir stjórn Ólafs Jóhannessonar. Nær hann að blása nýju lífi í leik liðsins?
21.10 Íslenska landsliðið Rýnt í íslenska landsliðið og stöðu þess eftir leikinn gegn Dönnum.
22.00 England - Króatía EM 2008 - Undankeppni Útsending frá leik Englands og Króatíu í undankeppni EM 2008 en þetta er algjör úrslitaleikur fyrir Englandinga til að eiga möguleika á sæti í lokakeppni EM sem fram fer á næsta ári.
23.40 Brasilía - Uruguay Undankeppni HM 2010 Bein útsending frá leik Brasilíu og Uruguay í undankeppni HM.
01.45 Danmörk - Ísland EM 2008 - Undankeppni Útsending frá leik Danmerkur og Íslands í undankeppni EM 2008 sem fór fram fyrir í kvöld.

SÝN2

16.50 Liverpool - Fulham Upptaka af leik Liverpool og Fulham í ensku úvalsdeildinni sem fram fór laugad. 10. nóv.
18.30 Premier League World
19.00 Coca Cola mörkin 2007-2008
19.30 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
20.30 Masters Football (Northern Masters) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjórnuur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægjan á árum áður í ensku úvalsdeildinni.
22.50 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.

SKJÁREINN

07.30 Allt í drasli (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
16.00 Vörutorg
17.00 World Cup of Pool 2007 - NÝTT (e)
17.45 Dýravínir (e)
18.15 Dr. Phil Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpsálfraeðingurinn frá Texas heldur áfram að hjálpa fólk að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.
19.00 Innlit / útlit (e)
20.00 Less Than Perfect (6.11) Bandarísk gamanseria sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Claude fær lánaðan bílinn hjá Carl en það endar með ósköpum.
20.30 Giada's Everyday Italian (13.26) Skemmtileg matreiðsluþáttaröð þar sem þökkadísinn Giada De Laurentis matreiðir fljótlega, heilsusamlega og gömsæta rétti að hætti Ítala. Að þessu sinni býður Giada vinum sínum í polenta-partí. Hún sýnir áhorfendum hvernig á að baka polenta, búa til einfalt Bolognese, möndluköku og svepparagu.
21.00 America's Next Top Model (9.13) Bandarísk raunveruleikasæria þar sem Tyra Banks leitir að næstu ofurfyrirsætu. Stúlkumar fara í hönnunarskóla og vinna með nemendum sem sérhanna kjóla fyrir hverja og eina. Síðan þurfa þær að sýna kjólana á tískusýningu. Heima fyrir er ein stúlkan búin að fá nóg af því hvernig hinar ráðskast með hana. Í ljósmyndatökunni eru stúlkurnar sendar út í eyðimörkina.
22.00 Herra Ísland 2007 Bein útsending frá keppninni um titilinn Herra Ísland 2007 á Broadway.
23.30 Silvía Nótt
00.00 Heroes (e)
01.00 State of Mind (e)
01.50 C.S.I.
02.35 Vörutorg
03.35 Östöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.

...alla daga

F I L T O N / S I A

Í KVÖLD

**SÝN KL. 18.30
Danmörk - Ísland**

Í kvöld fer fram síðasti leikur íslenska landsliðsins í undankeppni EM 2008. Bein útsending frá Parken þar sem Íslendingar mæta Dönum. Ólafur Jóhannsson stígur sín fyrstu skref sem þjálfari landsliðsins og verður spennandi að sjá hvort hann nái að blása nýju lífi í leik liðsins.



**▶ VIÐ MÆLUM MED
Herra Ísland
Skjár einn kl. 22.00**

Sýnt verður beint frá Broadway þar sem sætustu strákar landsins keppa um titilinn Herra Ísland 2007. Í ár verður í engu sparað og keppnin glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Hápunkturinn er þegar Herra Ísland 2006, Kristinn Darri Röðulsson, krýnir arftaka sinn. Sigurvegarinn mun keppa fyrir Íslands hönd í fegurðar-samkeppnum erlendis.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Brot af eilífðinni
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Tónar að nóni
- 15.03 Útvarpsagan: Skáldað í skórðin
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stefnumót
- 21.10 Út um græna grundu
- 22.15 Vindur, vindur, ljá mér lið
- 23.00 Gáru
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

4 SÍRKUS

- 16.00 Hollyoaks (62.260)
- 16.30 Hollyoaks (63.260)
- 17.00 Hollywood Uncensored
- 17.30 Janice Dickinson Modelling Agency
- 18.15 E-Ring (17.22)
- 19.00 Hollyoaks (62.260)
- 19.30 Hollyoaks (63.260)
- ▶ 20.00 Hollywood Uncensored Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood? Hér verður öllum spurningum svarað. 2007.
- 20.30 Janice Dickinson Modelling Agency Janice Dickison vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikáþátta hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. 2006.
- 21.15 E-Ring (17.22) Spennuþáttur úr smíðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
- 22.00 NCIS (12.24) Hörkupennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. 2006.
- 22.45 Arrested Development 3 Óborg-anlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.
- 23.10 Tru Calling (2.6) Dularfullir og spennandi þættir um unga konu sem hefur einstaka hæfileika. 2005.
- 23.55 Totally Frank Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. 2005.
- 00.20 The Starlet (3.6)
- 01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

- 20.00 Mördur Mördur Ánason skoðar pólitíska landslagið eins og honum einum er lagið.
- 20.30 Randver Randver Þorláksson tekur tali fólk, sem eru áhrifavaldar í íslensku lista- og menningarlífi
- 21.00 Mér finnst Soffía Vagnsdóttir, skólaláskjafi og bæjarstjórnarmaður í Bolungarvík, og Kristín Atladóttir, framleiðandi og nýsköpunarfræðingur, ræða málin við Maríönnu Friðjónsdóttur.

DR 1

- 13.00 Valg 07 - TV Avisen Ekstra 13.10 Søren Ryge - Solsikkespiralen 13.50 Nyheder på tegnsprog
- 14.00 TV Avisen med vejret 14.15 Dawson's Creek
- 15.00 Valg 07 - TV Avisen Ekstra 15.10 Dem og de andre 15.30 Junior 16.00 Valg 07 - TV Avisen Ekstra 16.15 Conrad og Bernhard 16.30 Skæg med tal 16.50 KatjaKaj og BenteBent 17.00 Valg 07 - TV Avisen Ekstra 17.05 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.30 Hvad er det værd 19.00 DR1 Dokumentaren 20.00 TV Avisen 21.00 HåndboldOnsdag 21.40 SportNyt 21.45 HåndboldOnsdag 22.35 Onsdags Lotto 22.40 OBS 22.45 DR1 Dokumentaren.

NRK1

- 14.00 Baby Looney Tunes 14.20 Thomas P. 14.45 Romnautene 15.05 Romnautene 15.15 Kid Paddle 15.30 Fabrikken 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Typisk norsk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.02 Karlson på taket 17.30 Tralala kjærligheten! 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Forbrukerspektorene 18.55 Dyrisk 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Vikinglotto 20.45 House 21.30 Migrapolis 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Lydverket 22.55 The Wire 23.55 Carnivale.

SVT 1

- 16.00 De lyckligas skärgård 16.30 Krokodill 17.00 BoliBompa 17.10 Schimpansen Manda 17.15 Konstapel Abel 17.30 Hjämkontoret 17.55 Känsliga bitar 18.00 Rea 18.30 Rapport 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Ståupp 20.25 Centralskolan 20.30 Grottesco 21.00 Studio 60 on the Sunset Strip 21.45 Simning: Världscupen 22.15 Rapport 22.25 Kulturnyheterna 22.35 Isprinsessan 23.55 Sändningar från SVT24



**MIÐVIKUDAGAR
ER
FISKDAGAR**

Breyttu lífi þínu til hins betra og settu þér þá reglu að borða ávallt fiskrétti á miðvikudögum.
Alla miðvikudaga er tilboð á ljúffengum fiskrétti í verslunum Fiskisögu.

Tilboð dagsins er
**“ÝSUGRATIN MEÐ SVEPPUM
& KARTOFLUSKÍFUM”**
aðeins 990 krónur kílóíð.



ævintýralegar fiskbúðir

Grensásvegi - Hamraborg - Skipholt - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Büðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Akranesi



„Ég hlusta nú gjarnan á diska með Jussi Björling, Pavarotti, José Carreras eða á göða klassíska músík, þangað til farþegarnir biðja mig að slökkva á þessu gargi. Það er ótrúlegt hvað fólk hefur lítinn smekk fyrir fagurtónlist, en mér finnst hvíld í henni. Svo hlusta ég töluvert á útvarp Sögu.“

Svanur Halldórsson leigubílstjóri.

Unnið að gerð heimildarmyndar um Megas

Kvikmyndafyrirtækið Zik Zak vinnur nú að heimildarmynd um tónlistarmanninn Magnús Þór Jónsson, betur þekktan sem Megas. Talsmenn Zik Zak vildu ekkert tjá sig um málið að öðru leyti en að verkefnið væri á frumstigi þróunar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur ekki verið ákveðið hvenær tökurlög eigi að hefjast en margir þættir spila þar inn í, til að mynda fjármögnun og síðast en ekki síst löng og ströng heimildarvinna. Þá á eftir að ganga frá ráðningu leikstjóra myndarinnar.

Magnús Þór hefur lifað tímana tvenna í íslensku tónlistarlífi, en einkalíf hans hefur verið sveipað goðsagnakenndum blæ og fáir tónlistarmenn hafa mátt þola jafn-

margar gróusögur og Megas. Engum blöðum er þó um það að fletta að hann hefur verið mikill áhrifavaldur í íslenski tónlist. Magnús fékk íslenskuerðlaun Jónasar Hallgrímssonar árið 2000 og má segja að hann þakki fyrir þennan heiður á umslagi á Hold er mold en þar liggja þrjár fáklæddar fyrirsætur ofan á leiði skáldsins.

Megas hefur verið í feiknaformi að undanförunu og sent frá sér tvær hljóðversplötur, Frágangur og Hold er mold, sem báðar hafa fengið frábæra dóma hjá gagnrýnendum. Þá hélt hann tónleika fyrir troðfullri Laugardalshöll ásamt Senupjófnum og þeir endurtaka leikinn 14. desember næstkomandi á Nasa.



MEGAS Í MYND Zik Zak er að vinna að gerð heimildarmyndar um tónlistarmanninn Magnús Þór, eða Megas.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. pest 6. öfug röð 8. langar 9. farfa 11. þurrka út 12. morðs 14. flækja 16. ekki 17. hópur 18. angan 20. fyrir hönd 21. útungun eggja.

LÓÐRÉTT

1. líkami 3. tveir eins 4. gufuskip 5. hamfletta 7. niskupúki 10. blekking 13. skaut 15. innýfla 16. trjátegund 19. skóli.

LAUSN

1. líkami, 2. kvef, 3. on, 4. vil, 5. lit, 6. h, 7. nírill, 8. tal, 9. póll, 10. flök, 11. hild, 12. v, 13. flækja, 14. morðs, 15. hönd, 16. ekki, 17. hópur, 18. angan, 19. skóli, 20. fyrir hönd, 21. útungun eggja.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

Rafstöðvar

Bensín- og díselrafstöðvar í stærðum 2,5 kW - 4,2 kW.

HAGSTÆTT VERÐ

PÓR HF REYKJAVÍK · AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogji 44, s. 588 8686.
Opíð 10-18:15 laugardaga 11-14.

Þú færð aðeins það besta hjá okkur

STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL, LÚÐA RISARÆKJUR, SKÖTUSELUR, LAX NÝLÖGUD SJÁVARRÉTTASÚPA.

SNÆBJÖRN SIGURÐUR: ÉG ER EKKI SNÆBJÖRN Í SMÁÍS

Saklausum nafna framkvæmdastjóra hótað öllu illu

„Síminn minn hefur verið rauðglóandi og ég hef fengið bæði símtöl og hundruð smáskilaboða,“ segir Snæbjörn Sigurður Steingrímsson, nafni framkvæmdastjóra SMÁÍS, sem stendur nú í ströngu vegna málaferla í sambandi við vefsíðuna torrent.is.

Mikill hiti hefur verið í notendum íslenska torrent sem hafa fyllt tölvupósthólf SMÁÍS af hvers kyns hátunum og fúkyrðum í garð framkvæmdastjórans. Aðstandendur vefsíðu einnar gerðust síðan svo djarfir að birta símanúmer og kennitölu Snæbjörns Sigurðar og töldu að þarna hefðu þeir klófest herferingjann í stríðinu gegn ólöglegu niðurhali á netinu.

Snæbjörn Sigurður hefur því mátt þola blóðhita netverja sem margir hverjir ganga ansi langt í baráttu sinni fyrir niðurhaliinu. „Ég fór til lögreglunnar og spurði hvort hún gæti ekki hjálpað mér en þar var mér bara sagt að ég væri óheppinn að vera nafni hans,“ segir Snæbjörn Sigurður sem stóð ekki á sama þegar síminn tók að fyllast af hvers kyns misvitrum smáskilaboðum og símhringingum línnti ekki þar sem öllu illu var hótað. „Ég veit að þessu er ekki beint til mín en það er náttúrulega ekkert grín að lenda í svona. Ætli ég verði ekki bara að skipta um númer ef þetta hættir ekki,“ segir Snæbjörn Sigurður,



SAKLAUS NAFNI Snæbjörn Sigurður vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar síminn hans tók að fyllast af hátunum frá netverjum sem voru á eftir framkvæmdastjóra SMÁÍS.

HÓTANIR Snæbjörn Steingrímsson segist hafa fengið töluvert magn af pósti þar sem fólk óskar þess að hann verði laminn eða detti niður dauður af völdum einhvers sjúkdóms.



blásaklaus af herferðinni gegn torrent.is.

Snæbjörn, sá sem stýrir stríðinu gegn Torrent fyrir hönd SMÁÍS, segir að sér hafi borist fjöldinn allur af pósti þar sem menn vona að hann verði laminn eða detti niður dauður af völdum einhvers sjúkdóms. „Ég læt þetta lítið á mig fá, menn eru heitir í þessu máli og ég var búinn að búa mig undir þessi viðbrögð,“ segir Snæbjörn en allt fór á annan

endann eftir að sýslumaðurinn í Hafnarfirði féllst á lögbannskröfu á niðurhallsíðunni. Snæbjörn segir að nú verði safnað gögnum til að rökstyðja málið en hvað framhaldið varðar sé allt óljóst. Úrskurði dómur að vefsíðan sé ólögleg megi Svavar Lúthersson, aðalmaðurinn á bakvið torrent.is, eiga von á himinháum skaðabótakröfum sem gætu numið hundruðum milljóna.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fegurðardrottningin **Manuela Ósk Harðardóttir** og fótþakappinn **Grétar Rafn Steinsson** ætla að ganga í hjónaband í næstu viku. Þau hafa verið þar síðustu mánuðina. Grétar leikur með AZ Alkmar í hollensku deildinni en er nú staddur í Danmörku þar sem hann leikur með landsliðinu í kvöld. Hvorki hann né Manuela vildu tjá sig um málið við *Vísu*.
is í gær. Manuela á eitt barn af fyrra sambandi, soninn Jóhann Grétar, sem verður þriggja ára í byrjun næsta árs.

Luxor-flokkur **Einars Bárðarsonar** þykir fara vel af stað í jólplötuflóðinu. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur fimm þúsund eintökum af fyrstu plötu drengjanna verið dreift í verslanir. Eithvað um þúsund eintök eru þegar seld í Skífunni, Hagkaupum og BT og ætli sú sala að skila þeim sæti ofarlega á Tónlistanum sem birtur verður á morgun.

Brúðarbíll þeirra **Jóns Ásgeirs Jóhannessonar** og **Ingibjargar Pálmadóttur** hefur verið á hvers manns vörum eftir að fjölmiðlar birtu myndir frá brúðkaupi þeirra. Um var að ræða Rolls-Royce Phantom sem talið er að kosti á milli 30-40 milljónir króna. Fram hefur komið að bíllinn sé í eigu Jóns Ásgeirs sem er ekki nema að hluta til rétt. Ein sagan segir að minnsta kosti að bíllinn hafi verið fluttur inn sem lánsbíll fyrir brúðkaupið en brúðguminn hafi hrifist svo af honum að hann keypti hann.

- hdm

Borgarútsýni í þuluklefanum

Áhorfendur Sjónvarpsins ráku margir hverjir upp stór augu á þriðjudagskvöld þegar þula kvöldsins birtist á skjánum í glænýju umhverfi. Bláum bakgrunni hafði verið skipt út fyrir huggulegt útsýni úr glugga. Heiðurinn að nýja útlitinu á Jakob Jóhannsson, grafískur hönnuður og nýráðinn hönnunarstjóri Sjónvarpsins, sem er ný staða. „Þetta var eitt af mínum fyrstu verkefnum hér. Gamla þulusetið var buið að vera í einhverjum og kominn tími til að breyta til. Það liggur ákaflega einföld hugsun að baki útlitinu. Við höfðum þetta útsýni út um glugga til að staðsetja þulurnar hér í Efstaleitinu. Myndin er tekin héðan yfir Kópavoginn í kvöldskímu. Svo settum við glugga og blóm fyrir framan,“ segir Jakob og bætir því við að settið hafi verið mjög „mínimalískt“ í mörg ár. „Okkur fannst gaman að nýta tækifærið og breyta til í tilefni af því að hér voru að byrja nýjar þulur.“ Jakob segir viðtölkurnar við breyttu útliti hafa verið góðar. „Það er gaman að segja frá því að ég hef fengið mjög góð viðbrögð og fólk virðist almennt vera mjög ánægt með breytinguna.“ Hann hefur gegnt starfi hönnunarstjóra í tvær vikur og segir áhorfendur geta átt von á fleiri breytingum.



KÓPAVOGUR Í KVÖLDSKÍMU Jakob Jóhannsson á heiðurinn að útlitinu á nýja þulusettinu sem birtist landsmönnum í fyrsta skipti á þriðjudagskvöld. Sigurlaug Jónsdóttir þula birtist landsmönnum einnig í fyrsta skipti og stóð sig með þrýði.

„Við erum að taka ýmislegt í gegn. Ég held samt að ég láti verkin bara tala í því samhengi.“

- sók

Nýárstónleikar

Bubba

og Stórsveitar Reykjavíkur

Laugardalshöllinni 5. janúar 2008



Sérstakir gestir



Garðar Thór Cortes
Raggi Bjarna

Kóngurinn í smóking
og lögin hans í nýjum
„big band“ búningi.
Útsetningar: Þórir Baldursson.

Fagnaðu nýju ári með sannkölluðum glæsibrag!

MasterCard forsala hefst 28. nóvember
Almenn sala hefst 29. nóvember

TUBORG
LÉTTÖL



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR
Einnig í verslunum BT á landsbyggðinni





BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Tinandi tímasprengjur

SEM hvatvísinn uppmáluð þjálfar Ég takmarkaða þolinmæðina mest gagnvart mjatli og fálmi og óþolandi langdregni. Er oft eins og fló á skinni í samræðum við hægtalandi fólk, klára setningar viðmælandans í huganum löngu á undan honum og finnst tímanum almennt illa varið í bið. Þótt þessum röskleika fylgi ýmsir kostir er yfirvegun því miður ekki einn þeirra. Þannig er ég alveg örugglega oft óþægilega hreinskilin svo heildvirðir borgarar og maðurinn minn roðna ofan í tær. Vil ég nota tækifærið og biðja öll mín fórnarlömb afsökunar á dónaskapnum, þetta var ekki illa meint.

DRIFKRAFTURINN laumaðist hér áður fyrr örlítið í bensínfótinn þó ég hafi reyndar aldrei komist almennilega í kast við lögin. Þetta var áður en ég eignaðist börn því við þau tímamót varð skammhlaup í hvatvísisstöð heilans. Skyndilega var ég orðin ábyrgðaraðili og bílaumferðin breyttist yfir nótt í blóðþyrstan vígvöll. Samúðin snerist umsvifalaust á sveif með löglegum hraða og þoli ég nú fátt verr en bandítta sem leggjast á ljós og flautur ef þeim þykir ekki nógu hratt farið. Nema ef vera kynni skjálfaði gamalmenni með lúshægt viðbragð. Hættulegt sjálfu sér og öðrum, eins og bandíttarnir sem komast aldrei nógu hratt. Sumt gamalt fólk undir stýri er sem tinandi tímasprengjur.

Í Fréttablaðinu um helgina var einmitt rætt við eldhressan Hvolsvelling á tíræðisaldri. Þrátt fyrir að hafa næstum aldrei keyrt eftir bílprófið í seinni heimsstyrjöldinni finnst honum núna nákvæmlega rétti tíminn til að byrja. Telur algjöran óþarfa að vera eitthvað að tékka á kunnáttu og viðbragði því hann á nefnilega vin sem getur leiðbeint honum svo ágætlega. Það fylgdi ekki sögunni hvort þeir eru jafnaldrar.

EINS dásamlegt og það hlýtur að vera að njóta lífsins alla ævi, þá er vandinn trúlega oft að fólk þekki ekki sinn vitjunartíma, en þrjóskest við aksturinn löngu eftir að kominn er tími á leigubíla. Stundum þarf enn ýktari dæmi til að minna á að það eru ekki bara ungir menn með svellandi testósterón og tölvuleikjaminni sem eru hættulegir í umferðinni. Eins og yfirvöld vilja hægja á þeim hvatvísu verður að strengja reglurnar í hinn endann líka. Líf eru í húfi.



GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 21. nóvember, 325. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 10.14	13.14	16.12
Akureyri 10.16	12.58	15.39

Heimild: Almanak Háskólans

Allt sem þú ætlaðir að gera í fyrra gerirðu tvisvar í vetur



ISLENSKA SÍLIS FOT 20077 1107

RAV4 - alveg nýr heimur

RAV4 er bíll sem boðar nýja tíma, nýjar áherslur, nýjar leiðir. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og fæst með „Integrated Active Drive System“ sem eykur til muna öryggi og akstursánægju. Við hikum ekki við að fullyrða að þú færð meira út úr lífinu á nýjum RAV4, hvort sem er innanbæjar eða úti í náttúrunni.

Straumlinulöguð yfirbygging og fjöldi tækninýjunga gera RAV4 fágaðri, fjörugri og þróaðri en nokkru sinni fyrr. Fjöldi útfærslna er í boði, þar á meðal hin íburðarmikla RAV4 VX sem teffir saman

framúrskarandi snerpu og afburðapægindum í akstri svo að hefðbundin skilgreining á smájeppa á ekki lengur við. Og tólmstundir með fjölskyldunni fá líka allt aðra merkingu.

Komdu og reynsluaktu RAV4 - alveg nýr heimur.

Verð frá **2.890.000. kr.**



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070